



FRÍTT


FRÉTTABLAÐIÐ

30. júlí 2007 – 205. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR



Brandarar á færíbandi

Fyrsta kvikmyndin um Simpson-fjölskylduna þykir bráðskemmtileg. Íslensk talsetning er sömuleiðis vel heppnuð.

KVIKMYNDIR 26

Óvenjuleg sýniþörf

Beyonce Knowles vekur athygli fyrir að sýna á sér handarkrikana á mannamótum.

FÓLK 24



Enginn friður án þróunar

„Þótt millirikjaviðræður í Darfúr hafi einkum beinst að friðargæslu og mannúðarstarfi, þá er hvorki hægt að ná fram friði né viðhalda honum fyrr en tekist hefur verið á við þann vanda sem undir býr,“ segir Jeffrey D. Sachs.

Í DAG 18

Björgvin og Nína meistarar



Björgvin Sigurbergsson og Nína Björk Geirsdóttir fögnuðu sigri á Íslandsmótinu í golfi sem lauk í gær.

ÍPRÓTTIR 28-29

VEÐRIÐ Í DAG




VÆTA OG VINDUR - Í dag verða suðaustan 8-15 m/s vestan til á landinu annars hægar. Rigning sunnan og vestan til, einkum þegar líður á daginn, en þurr og skýjað með köflum austast.

Mánudagur

Lestur meðal 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu

77%



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í maí 2007



Á SÆBRAUT Talið er að fórnarlamb árásarinnar hafi verið að skipta um dekk á bíl sínum þegar árásarmanninn bar að og skaut hann. Sendibílstjóri kom að, tók manninn særða upp í bíl sinn og ók á brott í hasti. Maðurinn var úrskurðaður látinn klukkan 13.00 á bráðadeild Landspítalans, eftir lífgunartilraunir í rúma klukkustund. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Horfði á morðingjann hlaða riffilinn aftur og forðaði sér

Karlmaður lést eftir skotárás á Sæbraut í gær. Eiríkur Eiðsson sendibílstjóri tók fórnarlambið upp í bíl sinn og flúði af vettvangi þegar hann sá árásarmanninn hlaða riffilinn aftur. Ástæða ódæðisins var að sá myrta hafði nýverið tekið upp samband við fyrrverandi eiginkonu árásarmannsins. Hann svipti sig lífi á Þingvöllum.

LÖGREGLUMÁL „Það sá ekkert á manninum þegar ég tók hann upp í en svo fór blóðið að fossa úr honum í stríðum straumum,“ sagði Eiríkur Eiðsson sendibílstjóri í samtali við Fréttablaðið. Eiríkur kom að vettvangi í gær þar sem 35 ára karlmaður hafði verið skotinn í brjóstið með riffli á Sæbraut í Reykjavík. Hann ók með hann að Laugardalslauginni þar sem hringt var á sjúkrahúsi.

„Þegar ég leit upp og sá árásarmanninn hlaða riffilinn fyrir framan bílinn áttaði ég mig á því hvað hafði gerst. Hann ætlaði greinilega að ganga frá okkur. Ég gaf í skíthræddur, og var alveg sama þótt ég hefði keyrt yfir hann í leiðinni.“

Sá sem varð fyrir árásinni var úrskurðaður látinn á bráðadeild Landspítalans laust fyrir klukkan 13.00. Árásarmaðurinn, sem var 38 ára karlmaður, ók til Þingvalla eftir ódæðið og svipti sig lífi með skotvopni.

Ástæða árásarinnar var að hinn myrta hafði nýverið tekið upp samband við fyrrverandi eiginkonu árásarmannsins. Að sögn lögreglu telst málið upplýst.

Lögreglu barst tilkynning klukkan 11.42 um að maður hefði orðið fyrir árás á gatnamótum Sæbrautar og Kringlumýrabrautar og lægi særður við sundlaugarnar í Laugardal. Lögregla fékk strax upplýsingar um að um skotárás væri að ræða og að hinn særði væri með skotsár vinstra megin í brjóstholi.

Hinn særði hafði flúið undan árásarmanni sínum með því að fara inn í sendibílfreið sem átti leið hjá. Eiríkur, ökumaður hennar, ók með hinn særða á brott og tilkynnti lögreglu um atburðinn þar sem hann hafði stöðvað bíl sinn við sundlaugarnar. Aðstæður á vettvangi árás-

arinnar benda til þess að hinn myrta hafi verið að skipta um hjólbarða á bifreið sinni þegar árásarmanninn bar að. Árásarmaðurinn skaut einu skoti úr 22 kalibera riffli í brjósthol mannsins og hleypti ekki af fleiri skotum.

„Það sá ekkert á manninum þegar ég tók hann upp í en svo fór blóðið að fossa úr honum í stríðum straumum.“

EIRÍKUR EIÐSSON SENDIBÍLSTJÓRI

Strax eftir að kennd höfðu verið borin á hinn myrta beindist grunur að ákveðnum manni og var hafin leit að honum. Leitinn hafði ekki borið árangur þegar tilkynnt var um látinn mann í bifreið í Hrafnagjá á Þingvöllum um klukkan 13.00. Reyndist það vera árásarmaðurinn, sem hafði svipt sig lífi með morðvopninu. Hann skildi eftir bréf, stílað til lögreglu, sem staðfesti tengsl á milli málanna tveggja.

Á blaðamannafundi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í gær kom fram í máli Harðar Jóhannessonar aðstoðarlögreglustjóra að engar upplýsingar lögju fyrir um fyrri samskipti manna. Hvorugur þeirra hafði komið við sögu lögreglu áður. Engin ástæða er talin til að ætla að mennirnir hafi neytt áfengis eða fíkniefna.

Hörður sagði að mörgum spurningum væri ósvarað um málsatvik og þeim yrði jafnvel aldrei svarað. Lögregla hafnar með öllu að tjá sig um persónulega lagi manna eða fjölskyldna þeirra, enda þjóni það engum tilgangi við rannsóknina.



VIÐ LAUGARDALSLAUG Sendibíll Eiríks við Laugardalslaugina. Reynt var að endurlífga manninn þar áður en hann var fluttur á bráðamóttöku. FRÉTTABLAÐIÐ/SVAVAR

Var mjög óhugnanlegt

Hópur drengja, sem voru að keppa á fótþolmótinu Rey Cup í Laugardal, varð vitni að því þegar hjartahnoð var reynt til að koma þeim sem varð fyrir árásinni á Sæbraut til meðvitundar. „Við sáum þegar þeir voru að reyna að lífga manninn við. Það var mjög óhugnanlegt,“ sagði einn drengjanna við blaðamann og lýsti því að þeir hefðu séð mikið blóð á stéttinni eftir að maðurinn hafði verið fluttur á brott.

Logi Sigurfinnsson, forstöðumaður í Laugardalslaug, segir tvo starfs-

menn laugarinnar hafa verið að fá sér ferskt loft fyrir utan húsið þegar sendiferðabíllinn kom þar að. Þeir hafi aðstoðað við lífgunartilraunir á manninum sem skotinn var þangað til sjúkrahúsið kom á staðinn, enda þjálfari í skyndihjálpi. Starfsmenn laugarinnar fengu áfallahjálpi í gær.

Ása Elísa Einarsdóttir, vakthafandi lækni á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi, sagði manninn ekki hafa verið með lífsmarki þegar komið var að honum við Laugardalslaugina.



Guðmundur, hafnaði tæknin íslensku talsetningunni?

„Ég er nýbúinn að sjá hana í bíó og ég væri alls ekki hissa.“

Trufflanir urðu á útsendingu Digital Íslands um helgina sem ollu því að hætta þurfti sýningu á 400. Simpsons-þættinum, sem var í fyrsta sinn talsettur á íslensku, og sýna hann aftur frá byrjun. Gestur G. Gíslason er framkvæmdastjóri tæknisviðs Vodafone.

Náðist 200 metrum frá landi:

Ölvaður maður synti í sjónum

LÖGREGLUMÁL Ölvaður maður fór í sjóinn skammt frá Keflavíkurhöfn um klukkan ellefu á laugardagskvöld. Tveir lögreglumennt og slökkviliðsmaður frá Brunavörnum Suðurnesja fóru á eftir honum syndandi og náðu honum um þrjú hundruð metra frá landi.

Maðurinn var fluttur með sjúkrabíl á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þar sem hann var skoðaður af lækni. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu hefði hann ekki þolað margar mínútur í viðbót í sjónum vegna kulda. Ekki liggur fyrir hvers vegna maðurinn fór á sund.

Fimmta banaslysið á árinu:

Vélahjólamaður lést í Grímsnesi

SLYS Vélahjólamaður lést þegar hann lenti í árekstri við jeppa á Biskupstungnabraut til móts við verslunina Minni-Borg í Grímsnesi á laugardagskvöld. Þetta er fimmta banaslysið í umferðinni á þessu ári.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Selfossi ók maðurinn aftan á hægri horn jeppa sem var að beygja í átt að versluninni, féll við það af hjólinu og slasaðist. Hann var fluttur á slyshadeild Landspítalans í Fossvogi þar sem hann var úrskurðaður látinn. Ekki er hægt að greina frá nafni hans að svo stöddu.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Eldur í bíl á Hverfisgötu

Eldur kviknaði í BMW-bifreið á Hverfisgötu í Reykjavík um hálfsex í gærdag. Billinn var á ferð þegar fór að rjúka upp úr vélarhlífinni. Greiðlega gekk að slökkva eldinn. Ökumaður var einn í bílnum, og sakaði ekki.

Mikil uppbygging er í Hafnarfirði á aðstöðu fyrir sundiðkendur:

Hafnfirðingar stinga sér í sjóinn

HEILSA Stærsta sundhöll landsins er að rísa á Ásvöllum í Hafnarfirði og er áætlað að taka hana í notkun næsta sumar. Einnig er verið að útbúa aðstöðu til sjóbaða við gömlu sundhöllina í vesturbæ Hafnarfjarðar.

Ingvar Jónsson, ísprótafulltrúi í Hafnarfirði, segir að í sundhöllinni nýju verði 50 metra laug, kennslulaug, fjórir heitir pottar og vatnsrennibraut. „Svo er líka gert ráð fyrir 25 metra útilaug við sundhöllina en ekki er ákveðið hvenær ráðist verða í þær framkvæmdir. Þetta verður sundlaugagarður og þar er líka gert ráð fyrir vatnsrennibraut.“ Framkvæmdir ganga vel og er áætlað að opna sundhöllina um næstu páska.

Möguleikar Hafnfirðinga verða þó ekki takmarkaðir við sundlaugar í landi í framtíðinni



SÉÐ FRÁ SUNDHÖLL HAFNARFIJARÐAR Hér verður brátt hægt að stinga sér til sunds.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

því aðstaða til sjóbaða er einnig í smíðum á vegum bæjarins. „Við erum að smíða bryggju úti af gömlu sundhöllinni og meiningin er að þeir sem hafa áhuga á að stunda sjósund geti nýtt sér aðstöðuna þar. Menn komast þá í góða sturtu eða heitan pott eftir sjóbaði.“

Ingvar segir að með nýjum mannvirkjum sé í raun um byltingu fyrir Hafnfirðinga að ræða. „Keppnissundlaug hefur ekki verið til staðar hingað til. Það verður svo hægt að uppfylla þörf grunnskólanna fyrir sundkennslu auk þess sem sund er vaxandi sem dægradvöl hjá almenningi.“

Heilsuræktaraðstaða verður byggð upp samhliða í 600 fermetra sal en sundhöllin er um 6.000 fermetrar að gólfleti.

- sh

EINKAÞOTUR Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI

Flug einkaþotna til og frá Reykjavíkflugvelli hefur aukist mikið undanfarið ár. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



Ekkert öryggiseftirlit með einkaþotum

Ekkert vopnaeftirlit á sér stað í flugi einkaþotna til og frá Reykjavík því aðrar reglur gilda um það en um almennt farþegaflug. Við komuna til Reykjavíkur fer fram tollafgreiðsla og vegabréfaeftirlit. 30 prósentu aukning í tollafgreiðslu.

SAMGÖNGUR

„Einkaþotur eru afgreiddar á svokölluðu aðgreindu flugvallarsvæði. Um það gilda aðrar reglur en almennt farþegaflug,“ segir Hrafnhildur Brynja Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi hjá Flugstöðum.

Þar sem einkaþotur eru afgreiddar á aðgreindu flugvallarsvæði eiga farþegarnir að fara í gegnum sérstaka öryggisleit í því landi sem vélin lendir samkvæmt upplýsingum frá Flugstöðum. Þegar einkaþota kemur til landsins er hún tollskoðuð af Tollgæslunni og eftirlitsdeild lögreglunnar sér um vegabréfaskoðun. Enginn sér um þessa sérstöku öryggisleit.

Þegar einkaþota yfirgefur landið veita fulltrúar Tollgæslunnar brottfararleyfi og fulltrúar lögreglu sjá um vegabréfaeftirlit. „Við fylgjumst með því hvað menn eru að taka með sér. Oft er þetta bara skjalataska en ef það er frakt þá skoðum við hana að sjálfsögðu,“ segir Guðni Markús Sigmundsson, yfirtollvörður hjá Tollgæslunni.

Eftirlitsdeild innan lögreglunnar sér um vegabréfaeftirlit. „Eftir að Schengen-samkomulagið kom til er eftirlitinu öðruvísi háttað. Í

AÐ LENDA EINKAÞOTU Í REYKJAVÍK

- Lendingargjöld eru miðuð við þyngd vélarinnar. Fyrir hvert byrjað tonn greiðast um 600 krónur miðuð við gengið í dag. Lausleg athugun sýnir að einkaþotur íslenskra auðkýfinga eru flestar í kringum tuttugu tonn. Því kostar um tólf þúsund krónur að lenda á Reykjavíkflugvelli.
- Sérstakt stæðisgjald er innheimt þegar vélin stendur á flugvælinum. Ekkert gjald er innheimt fyrir fyrstu sex tímuna. Eftir það greiðast fyrir tuttugu tonna vél um 1.680

krónur á sólarhring eða 70 krónur á klukkustund. Til samanburðar má nefna að klukkustundargjald í bílastæði á svæði 1 í miðborg Reykjavíkur er 150 krónur og skammtímbílastæði við Leifsstöð 100 krónur, eða 2.400 krónur á sólarhring. Ef lagt er í langtíma-stæði þarf að greiða 600 krónur.

- Vopnaleytingargjald er 620 krónur fyrir hvern farþega eldri en 12 ára. Þar sem engin sérhæfð vopnaleyting fer fram greiðist ekkert gjald.

dag þarf fólk bara löggild persónuskilríki til að ferðast innan svæðisins,“ segir Þóroddur Eric Hilmars-son, rannsóknarlögreglumaður í eftirlitsdeild lögreglunnar sem sér um landamæravörslu.

Komum einkaflugvéla til Íslands hefur fjölgað mikið eins og fjallað hefur verið um í fjölmiðlum. Guðni segir að vissulega þýði þetta auknið álag á Tollgæsluna. „Við höfum ekki bætt við mönnum sérstaklega út af einkafluginu. Það tekur til- tölulega skammt tíma að afgreiða

hverja vél þar sem um fáa farþega er að ræða,“ segir hann. Á fyrstu sex mánuðum síðasta árs voru 1.135 vélar í millilandaflugi tollafgreiddar á Reykjavíkflugvelli. Á þessu ári voru þær 1.506 fyrstu sex mánuðina sem jafngildir ríflega þrjátíu prósentu aukningu. Að sögn Guðna hefur ferjuflugvélum, sem stoppa til að taka eldsneyti, fækkað á milli ára. Því er fjölgun í öðru flugi, til dæmis hjá einkaþotum, meiri en tölurnar gefa til kynna.

andriv@frettabladid.is

Samkynhneigðir fangar:

Fá makaheimsókn í Mexíkó

MEXÍKÓ, AP Fangelsisýfirvöld í Mexíkóborg hafa nú ákveðið að leyfa samkynhneigðum fönngum að fá makaheimsóknir. Er þetta gert til að verða við ráðleggingum mannréttindanefndar Mexíkó.

Ákvörðunin kom í kjölfar kvörtunar manns sem vildi fá heimsókn frá félagi sínum í Santa Martha Acatitla-fangelsið í austurhluta borgarinnar.

Í flestum fangelsum í Mexíkó er mökum leyft að heimsækja fanga og er ekki gerð krafa um giftingu.

Nýir gestapennar:

Álitsgjafar í heimsklassa

Fréttablaðið hefur gert samning við efnisveituna Project Syndicate um birtingu á greinum eftir nokkra af þekktustu pennum heims á sínu sviði.

Meðal þeirra sem munu skrifa reglulega í Fréttablaðið eru Joseph E. Stiglitz, Nóbelsverðlaunahafi og einn áhrifamesti hagfræðingur samtímans, og kollegi hans Jeffrey D. Sachs, stjórnandi Earth Institute í hinum virta Columbia-háskóla í New York og einn háværasti gagnrýnandi aðgerða Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í málefnum þróunarlandanna.

Það er Jeffrey D. Sachs sem ríður á vaðið í Fréttablaðinu í dag á blaðsíðu 18.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Kveikt í bílkerru

Kveikt var í bílkerru í Grjótaþorpi í Reykjavík aðfaranótt sunnudags. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins fór á staðinn og slökkti eldinn, sem hafði ekki náð að breiðast út. Engin hætta var á ferðum.

Karlmaður handtekinn í Þórsmörk grunaður um að hafa beitt konu sína ofbeldi:

Ölóður maður hótaði skálagestum

LÖGREGLUMÁL Ölóður karlmaður á fimmtugsaldri hélt konu sinni í gíslingu með hótunum um ofbeldi og ógnaði gestum í skála í Básum í Þórsmörk í fyrrakvöld. Lögregla handtók hann þegar hann reyndi að komast undan akandi, og veitti maðurinn lögreglu mótspyrnu við handtöku.

Að sögn varðstjóra lögreglunnar á Hvolsvelli fékk hún tilkynningu frá skálaverði á staðnum um að maður sem væri viti sínu fjær af ölvun léti öllum illum látum á svæðinu, hefði beitt konu sína ofbeldi, héldi henni í gíslingu, ógnaði öðrum gestum líkamsmeiðingum og væri nú á leið upp bíl og hygðist aka ölvaður á brott í gegnum fjölmennt tjaldstæði.

Lögregla segir athæfi mannsins tvímælalaust hafa verið til þess fallið að vekja ótta meðal



ÞÓRSMÖRK Lögregla segir athæfi mannsins tvímælalaust hafa verið til þess fallið að vekja ótta hjá fólki.

gesta. „Ég held að það sé ekki nokkur einasti vafi,“ segir varðstjóri.

Tveir lögreglubílar voru sendir í forgangsakstri á staðinn og við komuna mætti maðurinn þeim undir stýri á bíl þeirra hjóna. Hann var stöðvaður en hlýddi ekki fyrir mælum lögreglu og var

hegðun hans með ólíkindum, að sögn varðstjóra. Maðurinn var ökuleyfislaus þar sem hann hafði verið sviptur réttindum.

Hann var látinn sofa úr sér áfengisvímuna í fangaklefa á Selfossi og var yfirheyrður í gærmorgun. Honum var sleppt að því loknu.

- sh

BÍLL DAGSINS

NISSAN PATROL ELEGANCE

Nýskr. 09.01 - Sjálfskiptur - Ekinn 144 þús. km.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00.

SUZUKI SX4

Með vegghæð eins og Grand Vitara,
akstureiginleika eins og Swift...

...og drifkerfi með 3 (!) valmöguleikum:

Framhjóladrif - Sjálfvirkt, sítengt fjórhjóladrif - Læst fjórhjóladrif

Komdu í reynsluakstur
upplifunin verður ánægjuleg.

THE SPORT X-OVER

Á verði sem á engan sinn
líka: frá 2.140 þús.



SX4 1.6 GLX handskiptur
og SX4 2.0 GLX sjálfskiptur.
Kíktu á suzukibilar.is

 **SUZUKI**
...er lífsstíll!

SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 5100.

Maður skotinn til bana á Sæbraut í Reykjavík

Hann ætlaði sér að ganga frá okkur

Eiríkur Eiðsson sendibílstjóri tók manninn sem myrtur var á Sæbrautinni upp í bíl sinn. Ég vildi bara koma mér undan og ná í hjálp, segir hann.

LÖGREGLUMÁL „Ég var rétt að koma úr beygju þegar ég sá mann veifa fyrir framan bílinn, þannig að ég stoppaði og tók hann upp í,“ segir Eiríkur Eiðsson sendibílstjóri sem kom til hjálpar mannum sem myrtur var á Sæbrautinni í gær. Hann átti leið hjá þar sem árásin átti sér stað og tók hinn særða upp í bílinn.

„Það sá ekkert á honum fyrst en svo fór blóðið að fossa úr honum í stríðum straumum. Þegar ég leit upp og sá árásarmanninn hlaða ríffilinn fyrir framan bílinn áttaði ég mig á því hvað hafði gerst. Hann ætlaði greinilega að ganga frá okkur.“

Eiríkur segist þá hafa orðið mjög skelkaður, og gefið í til að komast undan mannum sem ætlaði greinilega að skjóta aftur úr rífflinum. „Mér var alveg sama þótt ég hefði keyrt yfir hann, ég vildi bara koma mér undan svo hann myndi ekki skjóta mig eða manninn sem ég tók upp í.“

Hann tók hægrri beygju og brunad yfir gatnamót á rauðu ljósi á meðan hann reyndi að hringja í Neyðarlínuna. „Ég reyndi að hringja á hjálp í bílnum en fátíð

var svo mikið að ég bara gat það ekki. Ég vissi að það gæfist ekki tími til að fara með hann á sjúkrahús þannig að ég stoppaði á planinu hjá Laugardalslauginni, þar sem ég vissi að væri fólk.“

Maðurinn sem varð fyrir skotinu sagði aldrei neitt í bílnum, segir Eiríkur.

„Sem betur fer var árásarmaðurinn með einhleypu en ekki pumpu, annars hefði hann eflaust gengið frá okkur,“ segir hann. Maðurinn hefði líklega getað skotið fleiri skotum án þess að hlaða á milli hefði hann verið með pumpu.

„Eftir að sjúkrabíllinn kom fór ég í skýrslutöku niður á lögreglustöð og var þar í nokkra tíma. Síðan fór ég heim til dætra minna og var þar fram á kvöld.“ Hann segir lögregluna hafa boðið sér áfallahjálp en hann hafi afþakkað hana.

Aðspurður hvort honum hafi ekki verið brugðið við atburði gær dagsins segist hann hreinlega ekki hafa haft tíma til þess. „Þetta gerðist allt svo ótrúlega snögglega, þetta var búið á einni eða tveimur mínútum.“

salvar@frettabladid.is



VETTvangur ÁRÁSARINNAR Á SÆBRAUT
Tæknideild lögreglunnar vann að rannsókn á vettvangi í um það bil tvær klukkustundir.

ÁREKSTUR Á LEIÐINI Lögreglubíll á leiðinni á vettvang og sendiferðabíll lentu í hörðum árekstri á gatnamótum Laugavegar og Kringlumýrabrautar. Enginn slasaðist alvarlega.

VIÐ LAUGARDALSLAUGINA
Sendiferðabíll Eiríks Eiðssonar við sundlaugarnar þar sem reynt var að lífga fórnarlamb árásarinnar við. Leifar af neyðarútbúnaði sjúkraflutningamanna eru á gangstéttinni.

Börn sáu lífgunartilraun

Hópur tólf til þrettán ára drengja varð vitni að því þegar reynt var að lífga fórnarlamb skotárásarinnar við í gær. Maðurinn komst ekki til meðvitundar.

LÖGREGLUMÁL Hópur drengja varð vitni að atburðarásinni í Laugardal og var mjög brugðið. Lögregla segir að fórnarlambið hafi ekki getað tjáð sig áður en hann missti meðvitund. Upplýsingar um árásarmanninn komu frá aðstandendum. Eiríkur Eiðsson sendiferðabílstjóri, sem forðaði fórnarlambi skotárásarinnar af vettvangi í gær, sá árásarmanninn með ríffilinn í höndunum fyrir framan bílinn. Hann flúði með manninn helsærðan að sundlaugunum í Laugardal þar sem tveir starfsmenn sundlauganna gerðu lífgunartilraunir.

Hópur drengja, sem voru að keppa á fótboltamótinu Rey Cup í Laugardal, varð vitni að því þegar hjartahnoð var reynt til að koma þeim sem varð fyrir árásinni til meðvitundar. „Við sáum þegar þeir voru að reyna að lífga manninn við. Það var mjög óhugnanlegt,“ sagði einn drengjanna við blaðamann og lýsti því að þeir hefðu séð mikið blóð á stéttinni eftir að maðurinn

hafði verið fluttur á brott.

Hörður Jóhannesson aðstoðarlögreglustjóri lýsti atburðum á vettvangi á blaðamannafundi í gær. Ljóst er að fórnarlamb árásarinnar náði að komast inn í sendibíllinn sem leið áttí fram hjá árásarstaðnum eftir að hann hafði verið skotinn í brjóst með 22 kalibera ríffli. Sendiferðabílstjórinn kom á vettvang aðeins augnabliki eftir að árásarmaðurinn hafði skotið af byssu sinni. Bílstjórinn sá manninn með ríffilinn í höndunum og hann ók í skyndi inn á Sundlaugarveg þar sem hann stöðvaði bílinn við sundlaugarnar til að hringja á aðstoð.

Hörður svaraði því neitandi að fórnarlambið hefði þekkt árásarmann sinn og komið þeim skilaboðum til sendiferðabílstjórans áður en hann missti meðvitund. Þetta staðfestir Eiríkur í viðtali við Fréttablaðið. Upplýsingar um hver árásarmaðurinn var komu frá aðstandendum þess myrta, að sögn lögreglu.

Logi Sigurfinnsson, forstöðumaður í Laugardalslaug, segir tvo starfsmenn laugarinnar hafa verið að fá sér ferskt loft fyrir utan húsið þegar sendiferðabíllinn kom þar að. Þeir hafi aðstoðað við lífgunartilraunir á mannum sem skotinn var þangað til sjúkrabíll kom á staðinn, enda þjálfaðir í skyndihjálpi. Bílstjóranum var boðin áfallahjálpi sem hann þáði ekki. Starfsmenn laugarinnar fengu áfallahjálpi í gær.

Ása Elísa Einarsdóttir, vakthafandi lækni á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi, sagði manninn ekki hafa verið með lífsmarki þegar komið var að honum við Laugardalslauginna. Reynt hafi verið að endurlífga hann á leiðinni á spítalann og á spítalanum sjálfum í um eina og hálfu klukkustund, en þá hafi hann verið úrskurðaður látinn. Skotið fór í brjóstakassa mannsins og í gegn, sagði hún.

svavar@frettabladid.is
salvar@frettabladid.is

RIFFILL AF TEGUNDINNI BRNO

Skotvopnið sem notað var í árásinni í gær, tékkneskur ríffill með 5,6 millimetra hlauþvidd, er líklegast af tegundinni Brno, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Ríffillinn er tékknesk útgáfa af þýska Mauser-rífflinum, og heitir eftir borginni Brno í Tékklandi, þar sem rífflarnir voru framleiddir.

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkislögreglustjóra eru tæplega fimmtíu



BRNO Ríffill af sömu tegund og árásarmaðurinn í gær notaði að öllum líkindum.

þúsund skotvopn skráð á Íslandi, þar af sextán þúsund rífflar. Hagla-byssur eru um þrjátíu þúsund og skammbyssur um þrettán hundruð.

salvar@frettabladid.is

11.30

11.42

12.30

12.00 - 13:30

13.00

15.30

Skotárás gerð á mann á Sæbraut og sendiferðabílstjórinn kemur á vettvang.

Lögreglu berst tilkynning um skotárásina. Sjúkralið sent að sundlaugunum í Laugardal. Leit hafin að ódæðismanninum.

Fórnarlamb árásarinnar komið á LHS. Hann var lífvana við komuna. Lífgunartilraunir bera engan árangur.

Tæknideild lögreglunnar vinnur að rannsókn á Sæbraut.

Maðurinn er úrskurðaður látinn á bráðadeild LHS þegar lífgunartilraunir bera ekki árangur.

Tilkynnt um látinn mann í hvítri bifreið á Þingvöllum. Bréf staðfestir að um árásarmanninn er að ræða og ástæður verknaðarins. Maðurinn svipti sig lífi með skotvopninu sem notað var í árásinni.

Blaðamannafundur lögreglu. Aðburðarás dagsins er reifuð og tilkynnt um ástæður árásarinnar. Lögregla tilkynnir að málið sé að fullu upplýst.



Bylgjan á puttanum um landið í sumar

BYLGJAN
989

Dagskrá og nánari upplýsingar á bylgjan.is

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

MIKIL UMSKIPTI Í VEÐRINU

Segja má að mikil umskipti séu að verða í veðrinu frá því sem verið hefur í sumar. Lægðirnar sem fram til þessa hafa fyrst og fremst farið suður fyrir land fara nú að ganga yfir landið í meira mæli. Við þessar aðstæður breytist veðurlagið mikið. Nú eru í vandum hvassari vindar og það víðast hvar og rigningartíð er framundan. Mikill óróleiki er í kortunum um verslunarmanna helgina. **REYKJAVÍK Í DAG** Suðaustan 5-8 m/s og rigning. Hiti 10-14 stig.

VEÐURSPÁ

um hádegis



um hádegis

Kaupmannahöfn	17°C rigning	London	20°C léttskýjað	Friedrichshafen	17°C skúrir
Billund	15°C rigning	Paris	21°C hálfskýjað	Basel	21°C skúrir
Suðaustan	5-8 m/s og rigning. Hiti 10-14 stig.	Oslo	20°C skúrir	Alicante	31°C hálfskýjað
		Stokkhólmur	21°C skúrir	Algarve	30°C léttskýjað
		Gautaborg	19°C rigning	Las Palmas	32°C hálfskýjað
				Berlin	16°C skúrir

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Stór og sterk

Er nú rétti tíminn til að nýta sér sterka stöðu íslensku krónunnar og fjárfesta í erlendum verðbréfasjóðum?



Alþjóðlegi hlutabréfasjóðurinn hentar vel þeim sem vilja fjárfesta til langs tíma á erlendum hlutabréfamörkuðum og nýta sér sterka stöðu krónunnar. Markmið sjóðsins er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Sjóðurinn var með bestu ávöxtun sambærilegra sjóða á markaði á síðasta ári; hækkaði um 43,18%* á árinu 2006.

BRIK hlutabréfasjóðurinn er alþjóðlegur sjóðasjóður og fjárfestir í heimssjóðum (Global Funds) sem fjárfesta einkum í hlutabréfum félaga sem skráð eru í kauphöllum í **B**rasilíu, **R**ússlandi, **I**ndlandi og **K**ína. Sjóðurinn er einkum fyrir fjárfesta sem eru tilbúnir að fjárfesta í mörkuðum sem sveiflast töluvert meira en markaðir í Evrópu eða Bandaríkjunum og ættu því að skila meiri arði til lengra tíma.



ENGIN sölupóknun til 1. sept. 2007

Kynntu þér kosti þessara tveggja sjóða nánar á www.spronverdbref.is eða í síma 550 1310.

 **spron**
VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

BRIK hlutabréfasjóðurinn og Alþjóðlegi hlutabréfasjóðurinn eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa www.spronverdbref.is.



Ertu hlynt(ur) því að NATO hafi eftirlit með íslenskri loft-helgi?

Já 66%
Nei 34%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Telurðu að reykingabannið á skemmtistöðum hafi gefist vel?

Segðu skoðun þína á visiris.

Landlæknir ber saman fjölda aðgerða á Íslandi og Norðurlöndum á árinu 2004:

Meira af aðgerðum á liðþófa

HEILBRIGÐISMÁL Talsvert fleiri fóru í liðþófanám og gallblöðrunám miðað við höfðatölu á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum árið 2004. Þetta kemur fram í samantekt Landlæknis á skurðaðgerðum á Íslandi árin 2000 til 2005.

Liðþófaaðgerðir eru sex sinnum algengari á Íslandi en í Svíþjóð, svo dæmi sé tekið. „Árangurinn til langs tíma er oft sá sami hvort sem beitt er skurðaðgerð eða íhaldssamari stefnu,“ segir Matthías.

„Aðgengi að heilbrigðisþjónustu er mjög gott á Íslandi, allir komast að til sérfræðinga og í rannsóknir,“ segir Matthías. „Svo er tiltöl-



MATTHÍAS HALLDÓRSSON

lega gott aðgengi á spítalana líka og enginn biðlisti eftir svona aðgerð til dæmis.“

Aðgengi að sérfræðingum, sjúkrahúsum og rannsóknum skiptir miklu máli hvað varðar

AÐGERÐIR ÁRIÐ 2004

Fjöldi aðgerða á hverja 100.000 íbúa

	Ísland	Meðaltal á Norðurlöndum
Liðþófanám	140	55
Gallblöðrunám	214	134
Legnám (konur)	363	257
Augnaðgerð vegna drers	720	569

fjölda aðgerða, að sögn Matthíasar. „Hér á Íslandi erum við með dýra heilbrigðisþjónustu sem er mjög aðgengileg, þó það séu biðlistar á ákveðnum sviðum.“

-sgj

Gordon Brown í BNA:

Enn öflug samvinna

BANDARÍKIN Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, flaug í gær til Bandaríkjanna til að funda með George Bush forseta.

Áður en Brown flaug af stað reyndi hann að slá á sögur um kólnandi samskipti þjóðanna. Þetta var fyrsta ferð Brown til Bandaríkjanna eftir að hann tók við embætti forsætisráðherra af Tony Blair.

Á fundi sínum í gær ætluðu leiðtogarnir tveir meðal annars að ræða Íraksstríðið þar sem Brown er talinn vilja fækka breskum hermönnum þar.



SÉÐ FRÁ SÓLON Svo virðist sem ástæða árársinnar hafi verið að konan hafi gert athugasemd við það að hinar hafi ruðst fram fyrir hana í biðröð. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Tvær ungar árársarkonur:

Rifu í hár og bitu í eyra konu

LÖGREGLUMÁL Tvær ungar konur réðust á 27 ára konu í biðröð við skemmtistaðinn Sólón í miðbæ Reykjavíkur í fyrrinótt. Þær rifu í hár hennar, skelltu henni í götuna og drógu hana á hárinu. Önnur þeirra beit síðan í eyra konunnar. Vitni sagðist hafa séð bít bitinn út eyranu. Ekkert segir um það í lögregluskýrslu.

Svo virðist sem árársarkonurnar hafi ætlað að ryðjast fram fyrir hina í röðinni, hún hafi gert athugasemd við það og þær hafi þá ráðist á hana.

Vitni sáu konurnar hlaupa af vettvangi. Skýrslur hafa verið teknar af þeim og rætt verður við konurnar þegar til þeirra næst. Konan leitaði sér aðhlyningar á slysideild.

-sh

Ætlar ekki að segja af sér

Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans, og flokkur hans biðu afhroð í kosningum til efri deildar þingsins sem fram fóru í gær. Pólitísk staða forsætisráðherrans hefur verið ótrygg um nokkuð skeið vegna hneyksla.

JAPAN, AP Flokkur Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans, Frjálslynda demókrataflokkssins, beið afhroð í kosningum til efri deildar þingsins sem fram fóru á sunnudag. Vegna þessa spáðu sumir því að Abe kæmi til með að segja af sér, en svo virðist sem ekki verði af því.

Þegar Abe tók við stöðu forsætisráðherra Japans í september í fyrra, sagðist hann meðal annars ætla að vinna í því að byggja upp fagurt land. Hann náði síðan almennri hylli þegar honum tókst að bæta stjórnmalasamband Japans við Kína og Suður-Kóreu. Ánægjan með Abe og flokk hans varði þó stutt.

Í kjölfars ýmissa hneykslismála hefur pólitísk staða forsætisráðherrans verið ótrygg um nokkurt skeið. Tveir af ráðherrum Abe hafa til að mynda sagt af sér vegna ásakana um misnotkun á almanna-fé. Í maí síðastliðnum framdi síðan Toshikatsu Matsuoka heilbrigðisráðherra sjálfsmorð þegar til stóð að yfirheyra hann vegna gruns um að hafi þegið fé frá verktökum, sem höfðu unnið talsvert fyrir ríkisfyrirtæki.

Þá gagnrýndi bæði stjórnarandstaðan og almenningur það harðlega þegar gögn fimmtíu milljóna ellilífeyrisþega gufuðu upp eins

og dögg fyrir sólu. Abe lét þessar gagnrýnisráðir sér eins og vind um eyru þjóta, en virðist nú hafa sopið seyðið af eigin oflátungshætti.

Flokknum hafði því lengi verið spáð löku gengi en menn áttu ekki von á útkoman yrði Abe og flokknum jafn óhagstæð. Er hún sú versta í sögu flokksins, sem hefur setið í stjórn samfellt allt frá árinu 1955.

Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem flokkurinn biður hnekki í kosningum. Árið 1998 sagði þáverandi forsætisráðherra Ryutaro Hashimoto af sér þegar flokkurinn 44 af 121 sæti. Níu árum áður missti Sousuke Uno stöðu sína sem forsætisráðherra eftir að hafa náð aðeins 36 sætum. Sjálfur sagði Abe upp sem aðalritari flokksins árið 2004, þegar flokkur hans ætlaði sér 51 sæti en náði eingöngu 49.

Margir biðu því spenntir eftir því hvort Abe kæmi til með að segja starfi sínu lausu, eftir að úrslitin voru kunngjörð og japanski lýðræðisflokkurinn hafði náð flestum þingsætum í efri deildinni. Þegar til kastanna kom reyndist forsætisráðherrann ekki á þeim buxunum að segja af sér, þrátt fyrir að taka fulla ábyrgð á ósigrinum.



FORSÆTISRÁÐHERRA JAPANS Gengi flokks hans í kosningunum í gær er það versta í sögu flokksins, sem hefur setið í stjórn frá 1955. NORDICPHOTOS/AF

Tilkynnti Abe, heldur þungbúinn á svip, að hann kæmi áfram til með að vinna að umbótamálum og

uppfylla skyldur sínar sem forsætisráðherra Japans.

roald@frettabladid.is

Umhverfissvottaðar hreinlætisvörur – fyrir sumarþústaðinn og veiðihúsið



Bjarni Ómar Ragnarsson - verslunarstjóri hjá RV

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



TUNICIA RV0237

25. Rekstrarvörur
ára 1982-2007

Útgáfu- og viðburðafyrirtækið 2B Company frá Selfossi hyggst sigla á ný mið:

Ætla að brugga bjór í Eyjum

ÞENNAÐUR „Finnst ekki öllum bjór góður?“ segir Björgvin Rúnarson, framkvæmdastjóri 2B Company, sem áformar að reisa bjórverksmiðju í Vestmannaeyjum. Verið er að kanna hvort hagkvæmt sé að reisa verksmiðjuna, sem tappar á fyrstu flöskurnar næsta sumar ef allt gengur eftir.

„Við erum mjög spenntir fyrir þessari hugmynd, ásamt öllum sem eru með okkur í þessu,“ segir Björgvin. Hann vill þó ekki strax gefa upp hverjir standa að baki verkefninu fjárhagslega.

„Þegar allt er komið á hreint tilkynnum við ákvörðunina formlega ásamt nafninu á bjórnum, sem tengist Vestmannaeyjum. Hann heitir samt ekki Lundi eða eitthvað þannig.“

2B Company er staðsett á Selfossi og hefur mestmegnis séð um viðburði og útgáfumál. Fyrirtækið hélt meðal annars sýninguna Árborg 2007 í sumar og tónleika með hljómsveitinni TOTO fyrr í þessum mánuði.

„Við erum bæði fjárfestingarfélag og útgefandi, og höfum mikinn



BJÓR Tvær tegundir verða framleiddar í fyrstu, önnur sterk en hin léttari. Langtíma-markmið er að koma bjórnum á erlendan markað auk þess íslenska, segir framkvæmdastjórinn.

áhuga á þessu verkefni. Vestmannaeyjar völdum við vegna þess að fjölskyldur okkur eru ættadar þaðan, og við viljum efla

atvinnulífið í Eyjum,“ segir Björgvin að lokum, spurður af hverju Vestmannaeyjar urðu fyrir valinu með staðsetningu.

-sps

Sumartilboð



Ný lína – Milano Bedding svefnsófar

Hannaðir fyrir nótt sem dag



Áttu von á gestum? Sumartilboð á svefnsófum

Við í Betra Bak kynnum með stolti okkar frábæra úrval svefnsófa frá Milano Bedding og Recor Bedding.

Sýningarsalur á neðri hæð, 250 m², fullur af nýjum gerðum og litum.

Vegna mikilla vinsælda á svefnsófum okkar erum við með stóran lager og því hægt að afgreiða vöruna samdægurs. Einnig tökum við sérpantanir.

Gerðu kröfur um þægindi - láttu gestunum líða vel hjá þér.

bedding
milano

Milano Bedding svefnsófarnir eru afrakstur meira en 40 ára reynslu og samvinnu sérhæfðs starfsfólks og heimþekkra hönnuða.

Svefnsófarnir eru hannaðir fyrir mikla notkun, hvort sem notkunin er sem sófi eða sem rúm. Með einu handtaki er sófanum breytt í lúxusrúm með heilsudýnu.



Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

Ísafirði
Skeiði 1
Sími 456 4566

Akureyri
Tryggvabraut 24
Sími 462 1410

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

VEISTU SVARID?



1. Hvers konar aðgerð undirgekkst Dick Cheney, varaforseti Bandaríkjanna, nýlega?
2. Hversu hátt var hlutfall útlandinga sem teknir voru fyrir ölvunarakstur fyrri hluta 2007?
3. Hvernig fór leikur FH og Keflavíkur um helgina?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Karlhópur Femínistafélagsins stendur fyrir NEI-átakinu um verslunarmannahelgina:

Fræða karlmenn um nauðganir

ÚTIHÁTIÐIR „Við erum að tala við drengi og karlmenn um alvarleika nauðgana,“ segir Gísli Hrafn Atlason, talsmaður karlahóps Femínistafélagsins. Átakið „Karlmenn segja NEI við nauðgunum“ hefst formlega á miðvikudag.



GÍSLI HRAFN ATLASON

„Við erum að ræða svoltíði um godsagnir um nauðganir og benda á þá ábyrgð sem við getum borið á

umræðunni í samfélaginu,“ segir Gísli. Hluti af hópnum fór á Franska daga á Fáskrúðsfirði um

TÓNLEIKAR NEI-ÁTAKSINS

Grand Rokk, miðvikudaginn 1. ágúst

B. Sig
Dikta
Byssupiss
Sprengjuhöllin
Lay Low
Pórir
Pétur Ben
Ólöf Arnalds
Wulfgang

Fritt inn, en peningum verður safnað til styrktar Stígumótum.

helgina, en átakið verður formlega opnað á miðvikudagskvöld þegar haldnir verða stórtónleikar með níu hljómsveitum.

Tónleikarnir eru í samstarfi við V-dags samtökin og Jafningjafræðsluna og marka upphaf herferðarinnar. Menn frá karlahópnun munu svo standa vaktina fyrir utan vínbúðir og tala við vegfarendur. Jafnframt mun hópur fara á þjóðhátíð í Eyjum og á Eina með öllu á Akureyri.

„Á staðina fara tuttugu manns, svo að allir sem hafa verið að koma að þessu eru um fjórutíu. Og þá er ég ekki að telja hljómsveitirnar með,“ segir Gísli. -sgj

Ökuníðingur tekinn:

Ók hratt, próflaus og á efnum

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Selfossi stöðvaði í gær ungan ökumann sem ók á 135 kílómetra hraða á Helliheiði. Þegar rætt var við manninn kom í ljós að hann var ökuréttindalaus í þökkabót, en hann hafði verið sviptur réttindunum vegna umferðarlagabrota.

Maðurinn reyndist svo hafa enn meira óhrætt mjöl í pokahorninu, því grunur vaknaði um að hann hefði einnig verið undir áhrifum fíkniefna við aksturinn.

Lögreglan á Selfossi stöðvaði annan mann innanþæjar í fyrradag sem reyndist undir áhrifum fíkniefna. -sh

Saving Iceland vill sannanir: Segja frétt RÚV vera rógburð

MÓTMÆLI Samtökin Saving Iceland krefjast þess að fréttastofa RÚV birti sannanir fyrir fullyrðingum sínum um að meðlimir samtakanna fái greitt fyrir að láta handtaka sig. Þetta kemur fram í tilkynningu sem samtökin sendu frá sér í gær.

RÚV sagði frá því á fimmtudag að samkvæmt heimildum fréttastofunnar fengu mótmælendur greitt fyrir að láta lögreglu handtaka sig. Saving Iceland samtökin vísa þessu algjörlega á bug og kalla fréttatilkynningu rógburð. „Væri óskandi að fréttastofa RÚV skoðaði sinn gang betur áður en hún lætur nota sig sem handbendi í jafn lágkúrligri rógsherferð,“ segir í tilkynningunni. -sh

Skotárásir í Manchester:

Einn látinn og tvær særðir

ENGLAND, AP Einn maður liggur í valnum og tveir aðrir eru særðir eftir skotárásir í Manchester síðasta föstudag. Í kjölfarið hefur skelfing gripið um sig meðal borgarbúa.

Lögreglu hefur ekki tekist að finna tengsl milli árásanna, önnur en að þær urðu um miðnætti nálægt miðri Manchester-borg.

Borgarbúar er felmtir slegnir yfir skotárásunum, sem eru að verða daglegt brauð í borginni. Til marks um það voru tveir menn skotnir á undan í vikunni sem leið.

Sérstakan óhug vekur að margir árársarmannanna hafa verið á unglingsaldri. Krefjast því margir að harðar verði tekið á ungum afbrotamönnum. -rve

Tetra leysir eldra fjarskiptakerfi af hólmi

Búið er að setja upp 105 af 150 sendum sem ráðgert er að setja upp fyrir Tetra-fjarskiptakerfið. Almannaþingnefndir munu skipta um kerfi fyrir áramót. Til stendur að leggja eldra fjarskiptakerfi almannaþingnefndir Ríkislögreglustjóra niður.

ÞJÓÐARÖRYGGI Settir hafa verið upp 105 sendar fyrir Tetra-fjarskiptakerfið sem þjónar neyðarþjónustu hvers konar. Ráðgert er að leggja niður eldra fjarskiptakerfi sem almannaþingnefndir Ríkislögreglustjóra hafa rekið, en þó ekki fyrr en almannaþingnefndir hafa keypt nýjan búnað.

Tetra er stafrænt talstöðva- og farsímakerfi sem hannað er fyrir neyðarþjónustu. Kerfið nær til stórs hluta af þjóðvegum landsins, ásamt miklum hluta hálendisins.

Meðal þeirra sem nýta kerfið eru Neyðarlínan, lögregla og slökkvilið, og nú bætast almannaþingnefndir og björgunarsveitir við. Almannaþingnefndir hafa rekið eldra fjarskiptakerfi árum saman en það verður lagt niður þegar Tetra-kerfið verður komið að fullu í gagn.

„Sendarnir og annað sem þarf að setja upp er að heita má komið, svo fer það eftir almannaþingnefndunum á hverjum stað hvenær verður klárað að skipta þessu út,“ segir Víðir Reynisson, deildarstjóri almannaþingnefndar Ríkislögreglustjóra. Hann segist reikna með að það verði fljótlega, í öllu falli fyrir næstu áramót.

Búið er að setja upp 105 senda, og nær útbreiðsla Tetra-kerfisins nú til mestalls landsins. Reiknað er með að sendarnir verði að endingu um 150 talsins, og segir Víðir að þeir 45 sendar sem eftir sé að setja



ÚTBREIÐSLA Tetra-fjarskiptakerfið nær til stórs hluta af þjóðvegum landsins ásamt miklum hluta af hálendinu. MYND/NEYÐARLÍNAN

upp muni stoppa upp í eitthvað af þeim götum sem nú eru á kerfinu, svo sem á hálendinu.

Fjarskiptaráð björgunarsveita hefur ráðlagt björgunarsveitum hvaða búnað þær þurfi. Víðir segir að svo til daglega berist fréttir af því að björgunarsveitir hafi tekið tækin í notkun. Björgunarsveitirnar ætla engu að síður að reka sitt kerfi áfram um óákveðinn tíma.

„Þetta mun hafa í för með sér

algera byltingu fyrir stjórn aðgerða, og hefur raunar haft þau áhrif nú þegar,“ segir Víðir. Með gamla kerfinu náði samband stjórnstöðvar almannaþingnefndar í Skógarhlíð aðeins til suðvesturhorns landsins, upp á Snæfellsnes og að Vestmannaeyjum. Í Tetra-kerfinu sé hægt að tala beint við þá sem standi í aðgerðum víðast hvar á landinu, í stað þess að treysta á símasamband. brjann@frettabladid.is



SKÁK Þegar Lenka vann voru 24 ár liðin frá því að íslensk kona sigraði á mótinu.

Norðurlandamót í skák lokið: Íslensk kona skákmeistari

SKÁK Síðustu umferð Norðurlandamótsins í skák lauk um helgina og tryggði keppandi Íslands, Lenka Ptácníková, sér titilinn Norðurlandameistari kvenna, eftir sigur á norsku skákkonunni Torill Skytte.

Lenka var taplaus á mótinu og hlaut samanlagt 9,5 vinning í ellefu skákum. Hún heldur því titlinum sem hún vann sér inn í Finnlandi árið 2005.

Þess má geta að þetta er í sjötta sinn sem íslensk kona verður skákmeistari Norðurlanda. Áður hafði Guðlaug Þorsteinsdóttir unnið titilinn 1975, 1977 og 1979 og Sigurlaug R. Friðþjófsdóttir árið 1981. -rve

RÍKISSKATTSTJÓRI

Skattastaða skoðuð

Notendum þjónustusíðu Ríkisskattstjóra, www.rsk.is, gefst færi á að skoða stöðu sína eftir klukkan 16.00 í dag, þegar þeir skrá sig inn með kennitölu og veflykli.

FRÁBÆR AFTURÁBAK.
ENN BETRI ÁFRAM.

Í SUMAR FYLGJA ÖLLUM IMPREZA BAKKVÖRN,
HEILSÁRSDEKK OG LITAÐAR FILMUR Í RÚÐUR

IMPREZA

SUBARU

SYMMETRICAL AWD

Beinskiptur Subaru Impreza Wagon 2.110.000,-

Sjálfskiptur Subaru Impreza Wagon 2.240.000,-

150.000,-

SUMARTILBOÐ: BAKKVÖRN,
HEILSÁRSDEKK OG LITAÐAR FILMUR

Ingvar Helgason	Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is	Opíð: Mán. 10:00 - 18:00, þri. - fös. 09:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00.
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 464 - 7940	Njarðvík 421 - 8808

SUMARTILBOÐ!

kæliskápar frá **SEVERIN**

SEVERIN raftækin eiga sér yfir 50 ára sögu á Íslandi og eru þekkt fyrir gæði.
Hver þekkir ekki KA 5700 kaffivélina, sem seld hefur verið hérlandis í tugþúsundatali?



Nú bjóðum við nýja línu af kæliskápum frá þessu þýska fyrirtæki á sérstöku kynningarverði!



Frá
49.876,-

KS 9850
Hæð 173 sm Hvítur eða stál



Frá
45.505,-

KS 9845
Hæð 145 sm Hvítur eða stál



Frá
35.910,-

KS 9840
Hæð 144 sm Hvítur eða silfurgrár



53.960,-

KS 9853
Hæð 173 sm Hvítur



49.876,-

KS 9884
66 flöskur 210 l
Mál 125hx54.5bx54.5d



23.560,-

KS 9817
Kælir 76 l, frystir 10 l Hæð 84

15.960,-

Lægra gengi = lægra verð!

www.ef.is

Öll verð miðast við staðgreiðslu



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • www.ef.is





Í SIGURVÍMU Íraki með andlitið skrytt þjóðfána lands síns brosir sínu breiðasta eftir 1-0 sigur Íraka yfir Sádi-Aröbum í úrslitaleik Asiubikarsins í knattspyrnu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Starfsmenn Vegagerðarinnar ósáttir við auðvelt aðgengi að vélaolíu:

Margir setja vélaolíu á bílinn

BIFREIÐAR Brögð eru að því að öku-menn setji vélaolíu á dísilbíla sína. Vélaolían er fjörutíu prósentum ódýrari en venjuleg dísilolía og því freistast margir til að kaupa hana. Háar sektir eru hins vegar við slíku athæfi. Sekt við fyrsta brot á venjulegum fólksbíl nemur 200.000 krónum en á stærri vörubílum 1.250.000 krónum. Sektin tvöfaldast við fleiri brot.

Vegagerðin hefur eftirlit með því að þetta kerfi sé ekki misnotað og tekin eru sýni úr 80-200 bílum á mánuði. Frá áramótum hafa 59 bílar verið teknir með vélaolíu.

Sævar Ingi Jónsson hjá Vega-gerðinni er ósáttur við hve auðvelt

aðgengið að vélaolíunni er. „Það þekkest hvergi á byggðu bóli að hægt sé að kaupa vélaolíu í sjálf-sölu,“ sagði Sævar. „Við hjá Vega-gerðinni kvörtuðum yfir þessu við lagasetninguna. Helst finnst mér að selja ætti vélaolíuna af tankbíl en annars aðeins í afgreiðslu og þá eingöngu til þeirra sem hefðu til þess réttindi.“

Vélaolían er venjuleg dísilolía sem litarefni hefur verið sett í til að hún þekkest. Hún er eingöngu ætluð vinnuvélum og bifreiðum sem nota meginhluta olíunnar í annað en akstur, eins og brunabílum, steypubílum og kranabílum.

- pal



VÉLAOLÍAN VIÐ HLIÐ DÍSILÓLIUNNAR

Hætt er við að margir freistist til að setja vélaolíuna á dísilbílinn enda er hún næstum því helmingi ódýrari.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skotárás í Serbíu:

Maður drap níu og særði tvo

SERBÍA, AP Serbneska lögreglan hefur handtekið mann vegna gruns um að hafa myrt níu manns og sært tvo aðra í skotárás í þorpinu Jabukovac í Austur-Serbíu á föstudag.

Talið er að skotæði hafi runnið á hinn 38 ára gamla Nikola Radosavljevic sem skaut með veiðirifli á gangandi vegfarendur. Hann flúði af vettvangi glæpsins, en fannst stuttu síðar í kirkjugarði við gróf foreldra sína, þar sem hann var handtekinn.

Lögreglu hefur ekki tekist að finna skýringu á hegðun Radosavljevics.

- rve

Flugslys í Rússlandi:

Sjö létust þegar flugvél hrapaði

MOSKVA, AP Sjö manns létust þegar 43 ára gömul rússnesk flutningavél hrapaði í grennd við Moskvu í gær. Orsök brotlendingarinnar liggur ekki fyrir. Flutningavélin var á leiðinni frá Domodevo-flugvælinum suðaustan við Moskvu til Bratsk í Síberíu. Hún hafði einungis verið á lofti í nokkrar mínútur þegar hún hrapaði.

Á laugardag létust fimm manns þegar þyría hrapaði í Údmúrtíahéraðinu í Úralfjöllunum.

- ifv


Eftirför endar með hamleik:

Fjórir láta lífið í þyrluslysi

BANDARÍKIN, AP Rannsókn stendur nú yfir á slysi sem varð í Phoenix í Arizona-ríki þegar tvær fréttabyrlur skulu saman, með þeim afleiðingum að allir farþegarnir fjórir létu lífið.

Fréttamenn um borð í þyrlunum voru að fylgjast með bíla-eltungarleik lögreglunnar við glæpamann þegar áreksturinn varð. Vitni að slysinu hafa greint frá því að þyrlurnar hafi skolið fyrirvaralaust saman og hrapað til jarðar.

- rve



MANCHESTER UNITED Íslendingar geta séð Ensku úrvalsdeildina á sjónvarpsstöðinni Sýn 2. Hér fagnar Portugalinn Nani marki sínu í æfingaleik með Manchester United gegn kínverska liðinu Shenzhen, ásamt félögum sínum Cristiano Ronaldo og Darron Gibson. NORDICPHOTOS/AFP

Enski boltinn dýrari en á Norðurlöndum

Áskrift að Sýn 2 kostar 15 þúsund krónum meira árlega en áskrift að Canal+ Sport 1 og 2 stöðvunum á Norðurlöndunum, en Sýn 2 sýnir 80 leikjum meira úr enska boltanum. Verð Sýnar 2 er tvöfalt herra en hjá SkjáSport í fyrra.

NEYTENDUR Sýn 2 tekur við sýningum á Ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu í haust og hefur sjónvarpsstöðin SkjárSport sem áður sýndi deildina verið lögð niður. Áskrift að Sýn 2 kostar 50.052 krónum árlega, eða tvöfalt meira en SkjárSport rúkaði í fyrra, 24.950 krónum. Í staðinn verða fleiri leiki sýndir, eða 380 talsins.

Stöðvarnar Canal+ Sport 1 og Canal+ Sport 2, sem senda út í Svíþjóð, Noregi, Danmörku og Finnlandi bjóða upp á um 300 leiki í Ensku úrvalsdeildinni. Pakkaáskrift að báðum stöðvunum kostar 35.831 kr. á ári, en stöðvarnar sýna einnig ítalska og sænska boltann.

„Það er reynt að stilla verðinu í hóf sem kostur er. Áskriftarkerfið er byggt á umbun fyrir umfang viðskiptavina og tryggð þeirra,“ segir Pétur Pétursson, framkvæmdastjóri tekjusviðs 365.

Sautján mismunandi verðflokkar eru á Sýn 2, en verðið fer eftir hvort áskrifandi er með aðrar

stöðvar hjá 365 og þá hverjar og hversu margar.

Stakur mánuður á Sýn 2 kostar 4.390 krónum. Skuldbindi maður sig til tólf mánaða áskriftar fæst fimm prósentu afsláttur og kostar þá mánuðurinn á 4.171 kr. Á af Sýn 2 kostar því um fimmtán þúsund krónum meira en íþrótta-stöðvar Canal+.

Hjá Sýn 2 er gjald tekið fyrir júní og júlí, en þá fara engir leikir fram í Ensku úrvalsdeildinni. Hjá SkjárSport var ekki rúkað fyrir þessa tvo mánuði. Sýn 2 hyggst hins vegar sýna margvíslegt efni þá mánuði, meðal annars æfingaleiki stórliða knattspyrnunnar.

„Það er ekki verið að bera saman sambærilega vöru, við bjóðum upp á meira en SkjárSport,“ segir Pétur. „Það er aukin og metnaðar-fyllri þáttagerð og við sýnum líka næstefstu deildina.“

Samkvæmt Láru Nönnu Eggertsdóttur, framkvæmdastjóra ljósvakamiðla hjá 365, benti könnun sem Sýn lét gera meðal við-

VERÐ Á ENSKA BOLTANUM

Sýn 2 (12 mánuðir, 380 leikir)	50.052 kr.
Canal+ Sport 1 og Canal+ Sport 2 (12 mánuðir, 300 leikir)	35.831 kr.
SkjárSport (10 mánuðir, 2006-7, 350 leikir)	24.950 krónum.

Heimild: syn.visir.is, canaldigital.dk og þjónustuver Skjásins.

skiptavina sinna á að áttatíu prósent áskrifenda Sýnar væru líka áskrifendur að SkjárSport. Því muni flestir fá Sýn 2 á tuttugu prósent afslætti eða meira.

Að sögn Pétur gengur sala vel. „Það eru þrjú ár síðan Ensku úrvalsdeildin var boðin út síðast og verðið hefur hækkað um allan heim,“ segir Pétur. „Þetta er orðið eitt vinsælasta sjónvarpsfni í heimi, ef ekki það vinsælasta og verðlagningin í innkaupum er í samræmi við það.“

steindor@frettabladid.is

ALLT AÐ
10% AFSLÁTTUR!

Safnkortshafar fá 3% afslátt í formi punkta.
Viðskiptakortshafar fá 7% afslátt,
auk 3% í formi Safnkorts-
punkta – samtals
10% afslátt.

N1

ER BÍLLINN KLÁR Í FRÍIÐ?

Láttu smyrja bílinn og athuga hjólbarðana hjá Hjólbarðþjónustu N1 og farðu áhyggjulaus í sumarfríð.

Réttarhálsi 2, Rvík, hjólbarða- og smurþjónusta	587 5588
Fellsmúla 24, Rvík, hjólbarðþjónusta	530 5700
Fellsmúla 24, Rvík, smurþjónusta	530 5710
Ægisíðu 102, Rvík, hjólbarða- og smurþjónusta	552 3470
Langatanga 1a, Mosfellsbæ, hjólbarða- og smurþj.	566 8188
Reykjavíkurvegi 56, Hafnarfirði, hjólbarðþjónusta	555 1538
Dalbraut 14, Akranesi, hjólbarðþjónusta	431 1777
Tryggvabraut, Akureyri, smurþjónusta	462 1080

N1 BÍLAÞJÓNUSTA

SÆKTU UM VIÐSKIPTA- OG SAFNKORT Á WWW.N1.IS

IQ-CARE

HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR

Prýstjöfnun er lykilorðið

Ein besta heilsudýna í heimi

IQ-CARE aðlagast fullkomlega að líkamanum og tryggir dýpri og betri svefni.

IQ-CARE er svæðisskipt og gefur því réttan stuðning fyrir mjóbak og axlir.

IQ-CARE er með opnari efniseiginleika en flestar vörur úr skyldum efnum og andar því betur.

IQ-CARE aðlagast hraðar að líkamanum en flest rúm úr skyldum efnum.

IQ-CARE er ein sterkasta efnablanda sem þróuð hefur verið og endist því lengur en skyldar vörur.

IQ-CARE þrýstjöfnunarefnið er mikið notað og viðurkennt af sjúkrahúsum og heilsustofnunum.



iq-care.com

VELDU AÐEINS ÞAÐ BESTA!

S-CAPE WALLHUGGER



Hjónarúm með
okkar bestu **IQ-CARE** heilsudýnu
Dæmi: 160 x 200 cm kr. **369.900** stgr.

Rúm sem dregst að veggnum þannig að þú helst við hlið náttborðsins.


- Toppurinn frá stærsta framleiðanda heims.
- Upplýst þráðlaus fjarstýring með öllum stillingum.
- Sterkir og hljóðlátir þýskir lyftumótorar.
- Sér stilling fyrir höfuðlag.
- Öflugir nuddmótorar með sjálfvirkum tímarofa.
- Einn allra sterkasti stálgrindarbotn sem framleiddur er í dag.
- Öll liðamót úr nylon.
- 12 ára ábyrgð.

Sumartilboð

Rýmum fyrir nýjum gerðum.
Gildir á meðan birgðir endast.

SWISSFLEX

50 ára reynsla



Loftrúm án rafmagns

Hjónarúm með **ViscoX** heilsudýnu
Dæmi: 160 x 200 cm kr. **169.900** stgr.

Ný teppasett frá Canete



PROFLEX




Hjónarúm með
okkar bestu **IQ-CARE** heilsudýnu
Dæmi: 160 x 200 cm kr. **219.900** stgr.

Mest selda stillanlega rúmið á Íslandi, hjá Svefn & heilsu. Frábær reynsla.

- Sterkir og hljóðlátir þýskir mótorar.
- Stýring er einföld og þægileg.
- Mýkra axlasvæði og stillanlegt mjóbakssvæði.
- Hægt að fá stillanlega fætur sem ráða hæð rúmsins.
- 5 ára ábyrgð.

Ef þig vantar gott og sterkt stillanlegt rúm þá er PROFLEX lausnin.



Frí þrýstjöfnunarmæling sem greinir hvaða dýna hentar þér best
Nú bæði í Reykjavík og á Akureyri

ÞAÐ ER MIKILVÆGT AÐ SOFA OG HVÍLAST VEL

Dalsbraut 1



Svefn & heilsa
★★★★★

AKUREYRI



DÍSA Í WORLD CLASS

Listhúsinu Laugardal



Svefn & heilsa
★★★★★

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is

„ORÐRÉTT“

Bara sýndarmennska
„Maður þarf mikið að koma fram í báðum hlutverkum, þannig að þetta hjálpar hvort öðru.“

GUÐMUNDUR R. GÍSLASON, FORSETI BÆJARSTJÓRNAR Í FJARDA-BYGGÐ OG LIÐSMAÐUR SÚELLEN LYSIR ÞVI HVERNIG STJÓRN MÁL OG TÓNLISTARLÍF FER SAMAN.
Fréttablaðið 29. júlí

Er það ekkert seint?

„Við erum að fagna Konungskomunni árið 1907.“

HELGA MAUREEN GYLFAÐÓTTIR, SAFNVÖRÐUR Á ÁRBÆJARSAFNI.
Fréttablaðið 29. júlí

tilveran

nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? SVEINN GUÐMARSSON RITSTJÓRI

Hrifinn af söfnunum á Vestfjörðum

„Ég er ennþá í miðri vinnutönn ef svo má segja,“ segir Sveinn Guðmarsson sem í júníbyrjun gerðist ritstjóri tímaritanna Iceland Review og Atlantica. „Bæði þessi blöð koma út á næstu vikum þannig að það er í nógu að snúast í því. Ég hef samt gefið mér tíma til að njóta lífsins. Um daginn brá ég mér með fjölskyldu kærustu minnar austur og við gengum í kringum Langasjó og klifruðum upp á Sveinstind, nafna minn, og þar er fallegasta útsýni á Íslandi í góðu veðri. Við töldum þar tíu jökla. Síðan var ég að ljúka við að þýða Heimsmetabók Guinness. Hún kemur út með haustinu, fjórða árið í röð, og það er búið að taka heimikinn tíma frá mér. Þetta er alltaf ný bók. Það er verið að skipta út metum og það er búið að finna nýjan hæsta mann í heimi. Síðan eru menn bara á fullu að setja met í einhverjum furðulegheitum.“


Sveinn fór í vikunni með Páli Stefánssyni ljósmyndara á Vestfirði í tengslum við vinnuna hjá Atlantica, sem er flugblað Icelandair. „Það var alveg frábær skemmtun en ég hef ekki komið þangað í ansi langan tíma. Það var alveg ægilega fallegt veður og gaman að ferðast og svo var bara svo gaman að hitta allt þetta fólk. Við heimsóttum nokkur söfn á kjálkanum og það var alls staðar tekið vel á móti okkur. Ég verð að segja að hugmyndaauðgi Vestfirðinga í þessum efnum eru eiginlega engin takmörk sett. Þarna er Poppminjasafn á Bíldudal, Galdrasafn á Ströndum, Brúðusafn á Flateyri – öllum sviðum mannlífsins eru gerð skil. Frábær söfn og alveg sérstaklega skemmtileg.“



FISKAR:

MARGBROTNAK VERUR

■ Til eru um 20.000 tegundir af fiskum í heiminum og eru þeir af öllum stærðum og gerðum. Sá minnsti er aðeins tíu millimetrar og heitir dverglingur. Sá stærsti heitir hvalháfur og er átján metrar á lengd. Þyngsti beinfiskurinn er guðlaxinn en hann hefur mælt 2 tonn. Léttastur allra fiska er dvergkytlingur sem vegur aðeins 2 milligrömm. Minnsti vatnafiskur sem þekktur er er litlaus og næstum gegnsær og er aðeins 7,5-9,9 millimetrar á lengd og vegur aðeins 4-5 milligrömm. Krossfiskur hefur fundist lifandi í 7.584 metra dýpi.



Fjórar dagsferðir frá Reykjavík

Erlendir gestir stoppa oft stutt héraðs. Hér er tillaga að fjögurra daga dagskrá fyrir þá sem gista á höfuðborgarsvæðinu.

Útlendingar sem hingað koma ætla sér oft of lítinn tíma til að skoða land og þjóð. Ísland er þínulítill eyja í augum flestra og sumir hverjir halda að hægt sé að ganga frá Keflavík til Mývatns á tveimur tímum.

Þar sem við erum svo heppin að búa við ótrúlegan fjölbreytileika í náttúru og landslagi er hægt að sjá margt á fáum dögum, þó svo dags-ganga frá Leifsstöð til Mývatns sé ekki inni í myndinni. Hér er tillaga að fjögurra daga dagskrá sem flestir ættu að ráða við. Innlendir gestgjafar ættu þannig að geta sýnt sem mest og útlendingarnir að fara heim sáttrir.

Dagur 1

Þegar ferðamenn eru sóttir út á flugvöll má fara með þá Krísvík-urleiðina út að Reykjanesvita. Lærið nokkrar sjómannasögur og ekki gleyma að segja frá þorskastríðinu. Útlendingar eru hrifnir að því. Ekki vegna þess að það sé merkilegt heldur vegna þess að við köllum deilu um fiskitegund stríð.

Svo er haldið til Reykjavíkur í stutta skoðunarferð sem endar í Sögusafninu í Perlunni. Gefist tími má ljúka deginum með heimsókn í einhvern af sundstöðum borgarinnar. Um kvöldið er það svo svartfugl að indverskum hætti á Indian Mango.

Dagur 2

Gullni hringurinn er vissulega klisja en það er ástæða fyrir því að hann er klisja. Ótrúlegt hvað hægt er að hafa gaman af vatni sem fer upp (Strokkur), vatni sem fer niður (Gullfoss) og vatni sem fer ekki neitt (Þingvallavatn). Sé veðrið gott má reyna að lokka útlendingana til að taka sundsprett í Drekk-ingarhyl, en ekki segja frá sögu staðarins fyrr en þeir eru komnir á bólakaf.

Svo er grillað um kvöldið og sagðar hetjusögur af Agli, Gunnari og öðrum þjóðkunnnum og dáðum fjöldamorðingjum.

Dagur 3

Suðurlandið skartar náttúruperlunum og ferðamannastöðunum



ÞINGVELLIR Hinn upprunalegi alþingisstaður er sá staður sem allir ferðamenn ættu að sækja heim. Þar er náttúrufergurð, saga og gott aðgengi.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



FOSSAFEGURÐ Við Íslendingar gerum okkur ekki grein fyrir því hversu sjaldgæfir almennilegir fossar eru í heiminum. Skógafoss er einn af þeim fossum sem alltaf vekja lukku ferðamanna.

Skógafossi, Seljalandsfossi, Dyrhólaey, Eyjafjöllunum, Mýrdalsjökli og svo mætti lengi telja. Þessa staði er hægt að skoða á einum degi.

Á leiðinni heim er ekki úr vegi að ganga upp í Reykjadal fyrir ofan Hveragerði. Leirhverir og heitir pottar í grænum dal eru annar heimur fyrir flesta, bæði Íslendinga og útlendinga. Fólk þarf þó að vera í gönguhæfu ástandi til að komast inn í dalinn.

Dagur 4

Eithvað þarf íslenska ríkið að græða á útlendingunum svo að morgni fjórða dags þarf að sleppa þeim lausum á Laugaveginum með sjóðandi kreditkort. Upp úr hádegi er komið að hvalkjöti á Sægreifanum og svo er brunað inn í Hvalfjörðinn inn í Botnsdal. Þar eru fallegar flúðir og auðvitað Glymur, einn hæsti foss landsins.

Að lokum er útlendingunum hent í þann pytt sem almennt kallast Bláa lónið. Þó svo við Íslendingar séum löngu orðnir leiðir á að borga offjár fyrir að fara í lón sem núna er eins á litinn og Mekong þá virðist hrifningu útlendinga engin takmörk sett.

tryggi@frettabladid.is

SJÓNARHÓLL

REYNISLAN AF REYKINGABANNINU



TINNA HRAFNSDÓTTIR leikkona

Fólk ætti að hafa val

„Almennt séð er ég hlynnt þessu,“ segir Tinna Hrafnadóttir leikkona. „Þetta er mikill munur frá því sem áður var og það er til dæmis mun auðveldara fyrir barnafólk að fara á kaffihús og veitingastaði nú. Ég sé mikla aukningu á meðal þess fólks á kaffihúsum,“ segir hún. „Ég vann á Súfistanum með Leiklistarskólanum og fannst gott að þar var ekki reykt. Þetta er því líka jákvætt fyrir starfsfólkið. Mér finnst samt að fólk eigi að fá að velja. Það væri alveg eðlilegt að þeir veitingamenn sem vilja bjóða upp á reykhvergi eða reyksvæði fái undanþágu til að gera það.“

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

SIEMENS

ATARNA - KMI / ET



Ný þvottavél

frá Siemens sem lætur blettina hverfa.

- 8 kg
- Fjórtán blettakerfi
- Hraðkerfi
- Kraftþvottakerfi
- Snertihnappar
- Orkuflokkur A+

Þetta er vél sem hefur algera sérstöðu.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

allt að
SJUNVÖRÞ

37%

HÁFAR OG GUFUGLEFAR

allt að afsláttur
ÞVITTAVÉLAR

29%

allt að
50%

afsláttur

afsláttur
HLJÓTÆKI

15%

ÍSSKÁPAR

allt að
15%

afsláttur

70%

afsláttur

SMÁTÆKI

allt að
OFNAR HELLUBORÐ

46%

afsláttur

**ÚTSALAN
ER HAFIN!
ÚTSALAN
ER HAFIN!**

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16



SUMMAR



**Gríptu tækifærið og
gerðu góð kaup**

30. JÚLÍ - 12. ÁGÚST

ÚTSALA



20-40%
afsláttur í verslun
Enn meiri afsláttur
í markaðstjaldi



RISA ÚTSÖLUMARKAÐUR

 **INTERSPORT®**

Intersport Smáralind sími 585 7240 • Mán. - föstud. 11 - 19 • Laugardaga 11 - 18 • Sunnudaga 13 - 18 •



SKRAUTLEG Félagarnir Helga Júlía Vilhjálmsdóttir, Karl Snorrason og Erna Ósk Arnardóttir, frá vinstri talið, eru leiðsögumenn í Árbæjarsafni og sögðu ótvírætt skemmtanagildi fólgið í starfinu.



TÓNLIST Gestir komu sér fyrir í Lækjargötu 4 til að hlýða á nemendur Listaháskóla Íslands leika tónlist, meðal annars þjóðlög frá Austur-Evrópu og Mið-Austurlöndum.



LISTAMENN Greta Salóme Stefánsdóttir fiðluleikari, Hákon Bjarnason píanóleikari og Grímur Helgason klarinettuleikari eru nemendur í Listaháskóla Íslands og skemmtu gestum safnsins með spilamennsku.

Konunglegar móttökur



HÁTÍÐARHÖLD Safnhúsin höfðu verið færð í hátíðarskrúða í tilefni þess að öld er liðin frá því að Friðrik áttundi kom til landsins ásamt föruneyti sínu.

Hundrað ár eru nú liðin síðan Friðrik áttundi kom til landsins ásamt fríðu föruneyti. Í tilefni þess var slegið upp skemmtidagskrá á Árbæjarsafni um helgina.

Mikið var um dýrðir í Árbæjarsafni á sunnudag, þar sem safnhús höfðu verið færð í skrúða og víða blasti við danski þjóðfáninn. Tilefnið var að hundrað ár eru liðin frá heimsókn Friðriks áttunda Danakonungs til landsins, en margir telja komu hans marka þáttaskil í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga.

Gestir létu ekki á sig fá þótt veður væri ekki með besta móti, heldur nutu einstakra dagskrárliða sem höfðu verið skipulagðir í tilefni dagsins.

Hægt var að skoða ljósmyndir frá heimsókn konungs og fara um svæðið í samfylgd leiðsögumanna,

uppáklæddra að hætti Íslendinga á öndverðri 20. öld. Fullt var út að dyrum í Lækjargötu fjögur, eins safnhúsana við torgið, þar sem nemendur við Listaháskóla Íslands léku tónlist fyrir gesti.

Þá var ýmislegt í boði fyrir yngstu kynslóðina. Kassabílar, vegasölt og önnur leiktæki, auk hests nokkurs, sem naut óskiptrar athygli íslensku æskunnar.

Ekki var annað að sjá en að flestir hefðu gaman af, þótt hvorki sól né danskir aðalsmenn heiðruðu viðstadda með nærveru sinni þann daginn. - rve



KLÁR Vala Dagsdóttir sýndi mikla ábyrgðartilfinningu með því að halda í tauminn á þessum hesti, á meðan gæslumaðurinn brá sér frá.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



GAMAN Edward Dagur Guðmundsson, sem verður þriggja ára í næsta mánuði, hefur komið þrisvar sinnum á Árbæjarsafnið og finnst alltaf jafn gaman.



MÓTTAKA Guðbjörg Tómasdóttir vinnur sem leiðsögumaður í Árbæjarsafni. Þar tekur hún meðal annars á móti gestum. Hún var ánægð með að fólk skyldi ekki láta veðrið aftra sé frá því að koma.



SKEMMTUN Félagarnir Jón Patrick Leósson, Matthías og Etienne Duchox og skemmtu sér konunglega við að prófa leiktækin á svæðinu.

SKIPULEGGJANDI Helga Maureen Gylfadóttir, safnvörður, hafði veg og vanda af því að skipuleggja daginn.

Tilboð á stafrænni framköllun:

Hundrað myndir á 2500 krónur!



Ekki gleyma að sækja!

Tilboðið gildir út ágúst 2007.
Kr. 25 myndin óháð magni.

Frábært tilboð!

Kodak EasyShare

C653

6.1 megapixlar ásamt

512mb minniskorti

á **kr. 15.900**

Takmarkað upplag!



HANS PETERSEN

Íslendingar bera of litla virðingu fyrir reglum.

Dugnaðinn verður að beisla

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Íslendingar hafa orð á sér fyrir að vera harðuglegir og ekki að ástæðulausu. Almennt verklag er að vinna sér í verkin og eyða ekki of miklum tíma í að velja upp hindrunum. Þetta getur vissulega verið kostur og margar góðar hugmyndir hafa orðið að veruleika einmitt vegna þessa viðhorfs.

Neikvæður fylgisdagur dugnaðarins er að stundum tekur hann á sig mynd algers agaleysis. Farið er í framkvæmdir, litlar og stórar, án þess að afla tilskilinna leyfa, húsum er skellt upp án byggingarleyfis, vegir lagðir án umhverfismats og svo framvegis. Agaleysið getur líka tekið á sig þá mynd að menn ákveða hvert þeir vilja fara á öflugum farartækjum sínum og drifa sig svo þangað þrátt fyrir að utanvegaakstur sé með öllu bannaður og viðkvæm náttúra skaðast þannig að það tekur ár og jafnvel áratugi að hún bíði þess bætur.

Með því að hamra járníð nógu lengi geta menn náð sínu fram, eða að minnsta kosti að hliðra til forsendum, breyta umræðunni. Þrýstihópurinn sem sett hefur sér að markmiði að gerð verði jarðgöng milli lands og Eyja er dæmi um þetta. Járníð er hamrað og stjórnáráðgjafum stillt upp við vegg þar til það eru orðin svik við loforð að slá af jarðgöng sem aldrei hafa verið í neinni samgönguáætlun á Íslandi og ekki finnst stafur um í sáttmála ríkisstjórnar. Þetta hlýtur að kallast árangur þótt enn þurfi að bíða eftir göngunum.

Varla líður sú vika í íslenskum fjölmiðlum að ekki verði agaleysið að fréttæfni. Í vikunni sem leið mátti sjá það til dæmis í fréttum af utanvegaakstri og Múlavirkjun, auk fréttar af Vestmannaeyjagöngunum.

Það liggur í augum uppi að framkvæmdir að umfangi Múlavirkjunar ættu að fara í umhverfismat, þótt hér sé vissulega smærri virkjun á ferðinni. Umhverfismat, skipulag og öll formleg umgjörð af því tagi má sín þó lítils ef ekki er framkvæmt í samræmi við þær áætlanir sem lagðar eru fyrir, eins og raunin var með Múlavirkjun þar sem agaleysið virðist hafa tekið völdin, enda sami einstaklingur báðum megin við borðið.

Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra hitti einmitt naglann á höfuðið þegar hún benti á að í þessu máli hefði umhverfismat í sjálfu sér engu breytt vegna þess að virkjunin er ekki sú sama og lagt var upp með. Framkvæmdin varð önnur en sú sem lögð var fyrir Skipulagsstofnun og hefði þá farið í umhverfismat ef til þess hefði komið.

Agaleysið birtist sem sagt víðar en í skólaflokkum, biðröðum, umferðinni og andstyggilegum ofbeldisverkum. Agaleysi er blettur á íslenski þjóðarsál. Á því verður að taka til þess að þjóðin komist á næsta stig siðmenningar. Þetta þarf meðal annars að gera með því að styrkja og skýra stjórnsýsluna, þar á meðal eftirlit með framkvæmdum.

Gæta verður þess að þjóta ekki niður það frumkvæði og dugnað sem Íslendingar hafa getið sér gott orð fyrir en kraftinn verður að beisla.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvín Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

Hringdu í síma

512 50 60


ef blaðið berst ekki



FRÁ DEGI TIL DAGS

Áfengið ruglar ráðherra

Vinsælasta umræðuefnið á pólitíska sviðinu þessa dagana er áfengi og þörfin fyrir auknið umburðarlyndi í garð neytenda þess. Það hlýtur að teljast afar víðeigandi, svona viku fyrir mestu drykkjulaðahelgi veraldar. Nýir ráðherrar virðist þó heldur ráðvilltir í áfengismálunum. Jóhanna Sigurðardóttir var sem óbreyttur þingmaður talsmaður þess að lækka áfengiskaupaldur í átján ár, en með félagsmálaráðherratininni og aukinni ábyrgð virðist sú skoðun rokin út í veður og vind.



Guðlaugur Þór Þórðarson var áður mikill talsmaður þess að áfengissala yrði leyfð í verslunum,

en heilbrigðisráðherrann Guðlaugur hefur sko alls ekki hugsað sér að berjast fyrir því máli á þingi. Svoleiðis gera ráðherrar vist ekki.

Vill grafa göng en grefur gröf

„Það er orðið vinsælt hjá ráðamönnum þjóðarinnar að velja alltaf næstbesta kostinn á ballinu,“ sagði Árni Johnsen í sjónvarpsfréttum um þá ákvörðun að grafa ekki göng til Eyja, og sendi með því augljósa og hnitmiðaða pillu á flokksformann sinn og alræmd ummæli hans um sætar stelpur og böll. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra svarar fyrir flokk sinn á vefsíðu sinni. „Raunar kemur á óvart, hve mikla áherslu Árni leggur á vísindarannsóknir á þessu

sviði miðað við litla trú hans á slíkum rannsóknum við ákvörðun sjávarútvegsráðherra um aflaheimildir.“ Hefur graftaráttá Árna valdið því að hann hefur grafið sér sína eigin gröf?

Í bláum ljóma

Eitthvað var tæknin að stríða Ríkissjónvarpinu í gær, þegar sýnt var beint frá fréttamannafundi lögreglunnar vegna árásar í Reykjavík fyrir um daginn. Snögg á litid hefði getað vírst sem lögreglan væri búin að láta bláu skyrturarnar rjúka fyrir gular, en þegar betur var gáð sást að andlitin voru orðin blá og því greinilega einhver tæknileg mistök á ferðinni.

stigur@frettabladid.is
svanborg@frettabladid.is

Enginn friður án þróunar

Hver sá sem hefur áhuga á friðarumleitunum, viðleitni til að draga úr fátækt og framtíð Afríku ætti að lesa nýju skýrsluna frá Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP), sem nefnist Sudan: Post-Conflict Environmental Assessment (Súdan: Umhverfismat að loknum stríðsátökum). Þetta hljómar kannski eins og tæknileg skýrsla um umhverfismál í Súdan, en hún er líka ljóslifandi rannsókn á því hvernig náttúrulegt umhverfi, fátækt og fólksfjölgun getur haft samverkandi áhrif og leitt af sér skelfilegar hörmungar af manna völdum á borð við ofbeldisverkin í Darfúr.

Mikil fátækt er ein af meginorsökum ofbeldis, og hefur forspárgildi þar um. Meiri líkur eru til þess að stríð brjótist út á fátækustu stöðum heims, eins og Darfúr, frekar en þar sem ríkidæmi er meira. Þessi fullyrðing er ekki bara byggð á almennri skynsemi, heldur er hún studd rannsóknum og tölfræðigreiningum. UNEP orðar það svo: „Mjög sterk tengsl eru á milli landeyðingar, myndunar eyðimarkar og átakanna í Darfúr.“

Afleiðing einangrunar og harðæris

Darfúr, fátækasti hluti mjög fátæks lands, fellur vel undir þetta ógnvænlega samhengi. Fólk hefur lifibrauð sitt annars vegar af hálfgerðu hirðingjalífi með búfjárhaldi í norðanverðu landinu og hins vegar af sjálfsþurftarþúskaði í suðrinu. Langt er í hafnir og alþjóðlega verslun, í héraðinu skortir mikilvægustu grunnkerfi á borð við vegi og rafmagn og jarðvegurinn er afskaplega þurr. Hann hefur þornað einu meira á síðustu áratugum vegna þess að úrkoma hefur orðið minni, sem líklega stafar, í það minnsta að hluta til, af breytingum sem orðið hafa í andrúmsloftinu af mannavöldum, einkum vegna orkunotkunar í ríku löndunum.

Minnkandi úrkoma hefur beint

eða óbeint átt þátt í að valda uppskerubrestum, útrás eyðimerkurinnar yfir gróðurlönd, æ meiri vatnsskortir og minni bithögum fyrir búfénaðinn, og gríðarlegri skógareyðingu. Hröð mannfjölgun, úr um það bil einni milljón árið



JEFFREY D. SACHS
Í DAG | Darfúr

1920 í nálægt sjö milljónir í dag, hefur með minnkandi lífsgæðum gert það að verkum að allt þetta kostar miklu fleiri mannlíf.

Afleiðingin hefur verið sú að æ oftast kemur til átaka milli hirðingja og bænda, og fólksflutningar hafa orðið frá norðri til suðurs. Eftir að átökin höfðu kraumað undir niðri árum saman brutust árið 2003 út bardagar milli þjóðernis- og pólitískra hópa, og milli uppreisnarmanna í Darfúr og ríkisstjórnar landsins, sem fyrir sitt leyti hefur stutt grimmar vígasveitir sem hafa fylgt harkalegri landeyðingarstefnu og valdið bæði fólksflóttu og fjölmörgum dauðsföllum.

Aðgangur að vatni skiptir sköpum

Þótt milliríkjavíðræður í Darfúr hafi einkum beinst af friðargæslu og mannúðarstarfi, þá er hvorki hægt að ná fram friði né viðhalda honum fyrir en tekist hefur verið á við þann vanda sem undir býr, sem er fátækt, hnignun umhverfisins, erfiðari aðgangur að vatni og langvarandi hungur. Að senda hermenn á staðinn mun ekki friða fólk sem er hungur, fátækt og örvæntingarfullt.

Bæði skýrslan frá UNEP og reynslan frá öðrum stöðum í Afríku gefa vísbendingar um

hvernig ýta megi undir efnahagsþróun í Darfúr. Bæði fólk og búfénaður þarf tryggan aðgang að vatni. Á sumum svæðum er hægt að bæta úr því með borholum sem dæla vatni úr vatnsforða neðanjarðar. Á öðrum svæðum er hægt að nota vatn úr ám eða árstíðabundnu afrennsli af yfirborði. Á enn öðrum stöðum gæti þurft að notast við vatnsleiðslur um langar vegalengdir.

Sjálfbær friður með sjálfbærri þróun

Með utanaðkomandi hjálp gæti framleiðni búfénaðar í Darfúrheraði aukist með betri búfjárrækt, aukinni dýralækningahjálp, fódursöfnun og með fleiri ráðum. Þróa mætti kjötíðnað þar sem hirðingjar gætu margfaldað tekjur sínar með því að selja heila skrokka og aðrar kjötafurðir, unnar vörur á borð við leður, og mjólkurafurðir. En Darfúr þarf á aðstoð að halda við flutninga og geymslu, öflun orku og dýralækningar.

Einnig þarf að efla félagslega þjónustu, meðal annars heilbrigðisþjónustu og sjúkdómaeftirlit, menntun og lestraræðislausu fyrir fullorðna. Lífsgæði gætu batnað mikið og hratt með ódýrum fjárfestingum sem beindust að eftirliti með malaríu, skipulögðum skólamáltíðum, nýtingu regnvatns til drykkjar og með færnanlegum heilsugæslustöðvum. Dreifikerfi fyrir farsíma gæti valdið byltingu í samskiptamálum á hinu stóra landsvæði Darfúrheraðs, sem myndi bæta verulega lífsafkomu fólks og viðhalda fjölskyldutengslum.

Sjálfbærni friði er aðeins hægt að ná fram með sjálfbærri þróun. Til að draga úr hættunni á stríði verður við að hjálpa fátækum fólki hvarvetna, ekki aðeins í Darfúr, að uppfylla grunnþarfi sínar, vernda náttúrulegt umhverfi sitt og taka fyrstu skrefin á braut efnahagslegrar þróunar.

Höfundur er hagfræðiprófessor
©Project Syndicate

„Vistvænn“ bæjarstjóri í Kópavogi

UMRÆÐAN

Kársnesið

Haft er eftir Gunnari Birgissyni bæjarstjóra í Kópavogi í nýlegri grein í Fréttablaðinu að stórukin atvinnustarfsemi á Kársnesi sé „vistvæn“ þar sem „það [sé] stutt fyrir fólk að fara í vinnuna“. Hann kysir að notfæra sér eina þáttinn sem getur talist vistvænn til þess að setja stimpilinn „vistvænt“ á allar byggingaframkvæmdir sem fyrirhugaðar eru á Kársnesinu. Þetta gerir bæjarstjórninni til að réttlæta stórkostlegt rask og eyðileggingu á einkenum þessa svæðis, þar á meðal lífríki fjörunnar. Þetta er ekkert annað en misnotkun á orðinu „vistvænt“. Það er fögur fullyrðing að „bærinn vinni eftir Staðardagskrá 21, sem miðar að því að gera sveitarfélög vistvænni“. En spurningin er: Hvernig vinnur bærinn eftir þeirri dagskrá?

Hvaðan hefur Gunnar framtíðarupplýsingarnar um fjölda Kársnesbúa sem kemur til með að vinna á svæðinu? Er ekki alveg eins líklegt að stórt hlutfall aðkomufólks vinni hér í framtíðinni og auki þar með enn á umferðarþunga?

Rétt er það, að til eru hús hér á Kársnesinu sem eru í niðurníðslu og ósnyrtilega bletti má finna hér og þar



MAJA LOEBELL

og einnig vannýtt húsnæði. Sjálfsagt er að koma þessum þáttum í gott horf. En að nota þessar staðreyndir til þess að réttlæta víðföldun íbúatölu, byggingu hafnar og stórukina atvinnustarfsemi er fánalegt.

Hvernig á að breyta gatnakerfinu þannig að það „annist“ 18.000 ökutækni, þar á meðal risatrukka sem þarf til að ferja varning til og frá höfninni? Með fjölgun gatnaljósa? Hvað þýðir að „gatan annist“? Hvað með fólkíð sem býr við götuna? Hvað er ætlast til að það þoli mikla mengun frá hávaða og bílaútbæstri og stórukina slysaheittu? Hvað á fólkíð að pola mikið rask og umturnun á nánasta umhverfi sínu?

Það er til lítils að gera framtíðarskipulag fyrir íbúasvæði sem síðan er umturnað af vild af ráðamönnum sem mistúlka hugtakið um þéttingu bygðar. Einmitt núna er mikið ásókn í búsetu í grónum hverfum alls staðar á höfuðborgarsvæðinu. Ástæðan er augljós: Margir telja það verðmæt búsetugæði að vita að hverju þeir ganga. Mikið rask og umturnun á nánasta umhverfi er í mótsögn við nútíma skipulagsfræði íbúðarbyggða sem taka fremur mið af gæðum en magni.

Höfundur er íbúi við Kópavogsbraut.



Tveir nýir fót-boltaleikir koma út á þessu ári. Annars vegar er það Pro Evolution Soccer 2008 og er áætlað að hann komi út nú í haust. Hinn leikurinn er Football Manager 2008 og lofa framleiðendur honum í verslanir um næstu jól.

Apple er í stöðugum vexti. Fyrirtækið seldi 33 prósentum fleiri Macintosh-tölvur á þessum ársfjórðungi samanborið við sama tímabil á síðasta ári. Enn fremur seldu þeir tæpar 10 milljónir iPoda sem eru 21 pró-senti fleiri eintök í ár miðað við sama tímabil í fyrra.



Bloggarar í Malasíu gætu þurft að fara að passa hvað þeir skrifa á síðum sínum. Ríkisstjórnin hefur hótad ströngum aðgerðum gegn þeim sem móðga islamtrúna eða kóng landsins og gætu bloggararnir átt von á sömu meðferð og hryðju-verkamenn fá þarlandis.

allt

Heilsaðu iPhone

Hann er loksins kominn. iPhone síminn frá Apple er til sýnis í verslun Farsímalagersins Laugavegi 178. Síminn er ekki kominn í sölu strax en áhugasamir geta skráð sig á póstlista á farsimalagerinn.is

Fyrstir koma – fyrstir sjá! [Farsímalagerinn.is](http://farsimalagerinn.is)



Álfheiður Eymarsdóttir hjá Reykjavíkurborg hvetur alla til að hringja í eitt eða tvö tré í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Útsalan hefst í dag

10 til 50%

afsláttur af öllum
vörum í búðinni, nýjum og eldri
Útsalan stendur næstu tvær vikur.
Ótrúlegt úrval af fallegum gjafavörum



Verið velkomin

Evíta

- hárgreiðsla og gjafavörur
Starmjri 2 • 108 Rvík • s. 553 1900 • evita.is

Talað við trén í símann

Hringdu í tré er ekki ævintýrabók fyrir börn, heldur átak á vegum Reykjavíkurborgar til styrktar skógrækt.

„Hugmyndin vaknaði þegar Reykjavíkurborg fór meðvitað að stíga grænni skref til að sporna við gróðurhúsalofttegundum á höfuðborgarsvæðinu. Umhverfisvernd er orðin mun stærri þáttur í starfi borgarinnar og Hringdu í tré er eitt slíkt skref,“ segir Álfheiður Eymarsdóttir, þjónustustjóri Reykjavíkurborgar.

Jón Kristinn Snæhólm, aðstoðarmaður borgarstjóra, átti hugmyndina að átakanu sem er samstarf Reykjavíkurborgar og Vodafone. Þegar hringt er í símanúmerið 900 9555 gjaldfærast 500 krónur á sím-

reikning hringjandans. Fjármagnið rennur síðan óskert til Skógræktarfélags Reykjavíkur sem gróðursetur tré fyrir ágóðann.

„Fjarskiptasamningur Vodafone við Reykjavíkurborg sem undirritaður var í vor varð til þess að Vodafone gaf borginni þetta númer,“ segir Álfheiður. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri og Árni Pétur Jónsson, forstjóri Vodafone hringdu í fyrsta tré og gróðursettu í vor í Grasagarðinum.

„Skógræktarfélag Reykjavíkur ætlar að gróðursetja 500 þúsund tré í landi Reykjavíkur á næstu þremur árum. Átakið er því liður í því verkefni,“ segir Álfheiður.

Átakið Hringdu í tré varir út sumarið en að sögn Álfheiðar getur vel komið til greina að hringja líka í tré næsta sumar.

rh@frettabladid.is



Finndu þér stað

Atvinnuhúsnæðislán með lægri lántökukostnaði

VEXTIR FRÁ
AÐEINS
3,7%

Miðað við myntkorfú 4,
Libor-vextir 20.6.2007.

Frjálsi fjárfestingarbankinn lánar fyrirtækjum og einstaklingum til kaupa eða endurfjármögnunar á atvinnuhúsnæði. Lánstími er allt að 30 árum og við kappkostum að veita framúrskarandi þjónustu á hagstæðari kjörum. Komdu til okkar í Lágmúla 6, hringdu í 540 5000 eða sendu póst á frjalsi@frjalsi.is til að kynna þér málið nánar.

FRJÁLSI



Fjöldaframleidd lífverkfræðihönd

SKOSKT FYRIRTÆKI BÝÐUR ALMENNINGI UPP Á FYRSTU FJÖLDAFRAMLEIDDU TAUGASTÝRÐU LÍFVERKFRÆÐIHÖNDINA.

Þetta hljómar eins og eitthvað úr Terminator eða Star Wars en er deginum sannara. Búið er að setja á markað svokallaðan „bionic arm“, eins konar lífverkfræðilega hönd. Í henni eru nemar sem skynja taugaboð sem fara ættu í vöðva venjulegrar handar væri hún til staðar og hreyfa höndina í samræmi við taugaboðin. Hægt að stjórna öllum fimm fingrunum með nokkurri nákvæmni. Höndin kallast i-LIMB og er framleidd af skoska fyrirtækinu Touch Bionics. Talsmenn fyrirtækisins fullyrða að þarna sé á ferð fyrsta gervihöndin fánleg almenningi sem líti út eins og alvöru hönd með fimm stýranlegum fingrum. Með almenningi eiga þeir auðvitað við þá sem eiga þær fjórar milljónir sem höndin kostar.



Lindsay Block með gervihöndina sína en hún var ein af þeim fyrstu til að fá i-LIMB. NORDICPHOTO/GETTY IMAGES



Crackdown var valinn leikur ársins.

Leikur ársins

100 SÉRFRÆÐINGAR VÖLDU LEIKI OG FRAMLEIÐENDUR ÁRSINS.

Tímaritið Develope Magazine fær ár hvert 100 sérfræðinga úr leikjaíðnaðinum til að verðlauna þá sem þykja skara fram úr. Að þessu sinni hlaut leikurinn Crackdown á Xbox 360 þann heiður að vera valinn leikur ársins. Leikurinn var hannaður af David Jones en hann á að baki leiki eins og Lemmings og Grand Theft Auto. Meðal annarra verðlaunahafa voru Sony sem hlaut verðlaun fyrir heildarbrag fyrirtækisins, Eden Games fyrir bestu notkun á efni tengdu netinu og Rare fyrir bestu grafíkuna í hinum stórfurðulega leik Viva Piñata.



Í Second Life-sýndarheiminum hafa margir háskólar komið sér upp sýndarkennslustofum fyrir fjarkennslu, myndlistarmenn hafa haldið sýningar og tónlistarmenn tónleika. Pólitíkin er aldrei langt undan og jafnvel hafa orðið uppþot í heiminum milli hægri- og vinstrimanna.

Sýndarveruleikinn færirst nær

Í Second Life-sýndarheiminum halda tónlistarmenn tónleika, háskólar kenna fjarnemum og fyrirtæki opna reglulega útibú. Notendur eru tæplega tvær milljónir og er heimurinn opinn öllum.

þar sem hægt er að byggja sýndarhús til að geyma sköpunarverkin.

Það eru ekki bara einstaklingar sem nýta sér Second Life-heiminn. Fjöldi háskóla eins og Harvard, Háskólinn í New York og Stanford-háskólinn nýta hann til fjarkennslu. Þá ganga nemendur inn í lokaða sýndarveruleikaskólustofu, hlusta á kennarann og taka niður glósur.

Ný netsamfélög myndast á hverjum degi. Hvort sem það eru spjallrásir í kringum sameiginleg áhugamál, viðskiptasamfélög eða hin gríðarstóru leikjasamfélög. Samfélögin eru ótal mörg en eitt þeirra sker sig þó úr marglitum skaranum: Second Life.

Second Life er eins konar sýndarheimur með sitt eigið hagkerfi. Við skráningu er búinn til karakter, honum er gefið nafn, útlit valið og svo byrjar fyrsta könnunarferðina um Second Life-heiminn. Hægt er að eiga samskipti við aðra karaktera annað hvort með textaskilaboðum eða beinum samræðum. Hægt er að skoða flesta króka og kima heimsins, sem nú er rúmlega 700 ferkílómetrar að flatarmáli, en þar er að finna nánast allt milli sýndarhimins og jarðar.

Það sem meira er þá geta notendur búið til næstum hvað sem er í Second Life-sýndarheiminum. Í handhægu þrívíddarforriti er hægt að búa til allt frá einföldum eldhúsáhöldum upp í flókna hugmyndabíla, listaverk og jafnvel heila næturklúbba. Í raun takmarkast sköpunin einungis við hugmyndaflugið.

Til að fá aðgang að „sköpunarhæfileikum“ þarf að borga sem nemur um 600 krónum á mánuði. Með í kaupunum fylgir landsvæði

Fjöldi fyrirtækja hefur einnig sprottið upp í Second Life þar sem verslað er með svokallaða Linden-dollara, en Linden Research Inc. á veg og vanda að Second Life-heiminum. Linden-dollara er hægt að nota til að kaupa nær hvað sem er í sýndarheiminn, hluti, hús og landareignir og einnig bandaríska dollara.

Öfugt við til dæmis marga leikjaframleiðendur hvetja talsmenn Linden til þess að verslað sé með Linden-dollara eins og hverja aðra vöru. Fjölmargar netverslanir bjóða upp á skipti á bandarískum dollurum og Linden-dollurum og sveiflast gengi Linden-dollars til og frá líkt og gengi annarra gjaldmiðla.

Algjör sprenging varð á fjölda notenda Second Life árið 2006. Þá breyttist skráningarkerfið og ekki þurfti lengur að gefa upp gilt símanúmer eða kreditkortanúmer til að geta búið til karakter. Skráðar eru rúmlega átta milljónir karakterar en þar sem hver notandi getur verið með fleiri en einn karakter og margir karakterar eru óvirkir er rétt tala virkra notenda líkast til á bilinu 1,5 til 2 milljónir.

Vefslóð Second Life er www.secondlife.com. tryggvi@frettabladid.is



Alvöru GÖNGUSKÓR



Stærðir 36-44 verð: 8.790.-



Stærðir 28-35 verð: 7.650.-



Stærðir 36-47 verð: 11.795.-

www.xena.is



SPÖNGINNI S: 587 0740
MJÓDDINNI S: 557 1291
GLÆSIBÆ S: 553 7060
BORGARNESI S: 437 1240

GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Ál kerrur

Heildarþyngd 3000 kg.
Stærð: 405 x 178 cm
Kr. 397.000.-

Mex - byggingavörur
Lynghálsi 3 Sími 567 1300 & 848 3215
www.byggingavorur.com

Kr. 149.000.-

Þýskar álkerrur

fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitid upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.

N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

Sigma linsur fyrir flestar gerðir myndavéla

Myndavéla-
viðgerðir
Skiptiholti 50B
Sími 553 9200

FOLO VAL

www.fotoval.is • mail:fotoval@fotoval.is



Hver kemur inn í Second Life-heiminn á sínum forsendum. Sumir fyrir sakir forvitninnar, aðrir til að kynna það sem þeir eru að gera og enn aðrir til að græða pening.

ÁSKRIFT: 512 5100 | VERSLANIR VODAFONE



skemmtilegri

HEITASTI STELPUÞÁTTURINN

MEN IN TREES Í KVÖLD KL. 20:35

Frá framleiðendum Sex and the City



JAMIE OLIVER - kl. 20:05



MEN IN TREES - kl. 20:35



SAVED - kl. 22:05

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-22

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIDSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA
UM HELGAR

8-18
11-16

BÍLAR & FARARTÆKI



CHEVROLET LACETTI CDX 1,8 SPORT, 8/2006, ek. 21 þús. 5 dyra, 5 girá, abs, álf. cd magasin, fjarstyrðar samlæsingar, 4 x líknarbelgir, filmur, toppluga, spoiler, sumar og vetrardekk. Glæsilegur vel búinn bill. 100% lán, 31 þús. pr. mán. Verð 1.790 þús. (PH-806)



SUBARU LEGACY 2.0 WAGON 1/2003, ek. 57 þús. 5 dyra, ssk. abs. fjarstyrðar samlæsingar, rafm. í rúðum og speglum, cd, og fl. áhvílandi 900 þús. 33 þús. pr. mán. Verð 1.350 þús.



HYUNDAI TERRACAN 2,5 DÍSEL árg. 3/2002 Ek. 119 þ. km. Ssk. 31" dekk, ABS, álfelgur, dráttarbeiði, reyklus, topp eintak. VERÐ 1.690.000 (MR-146)



KIA SORENTO EX 2500 DIESEL, 9/2002, ek. 109 þús. 5 dyra, ssk. álf. 32" abs, dráttarkrókur, jarstyrðar samlæsingar, cd, líknarbelgir, kastarar. nýleg þjónustusköðun og fl. Verð 1.990 þús.

Bilabúð Benna ehf.
Bíldshöfða 10,
Sími: 587 1000
www.benni.is



Lexus RX 300, árg. 09/04 ek. 47 þ., ssk., álfelgur, leður ofl. Verð 4290 þ. Tilboð 3990 þ. Uppl. í s. 517 1111 www.Bilaborg.is

Bilaborg
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík
Sími: 517 1111
http://www.bilaborg.is



03/04 Ek 37þ með Glerþaki og álfelgum. V. 1890þ áhv. 1780þ afb 27þ á mán Uppl. 421 4444.



Hyundai Trajet 08/05. Ek 53þ filmur, álfelgur dráttarbeiði V. 2090þ 100% Lán mögulegt Uppl. 421-4444



Dodge Caravan 2003. Ek 87þ Góður 7manna bil. V. 2290 Til í ýmis skipti Uppl. 421-4444

SG Bílasala
Bólafót 1,
Sími: 421 4444



TOYOTA YARIS 1300 LUNA VVT-I, 8/2001, ek. 65 þús. 5 dyra, 5 girá, abs, fjarstyrðar samlæsingar, cd, rafm. í rúðum og speglum, þjónustubók. áhvílandi ca 190 þús. 10 þús. pr. mán. Verð 790 þús.

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1, 600 Akureyri
Sími: 460 4300
Opíð virka daga 9-18, laugar-
daga 13-16.



Nyr 2008 Mazda Tribute nýtt og breytt útlit með meiri staðalb. en áður. Komdu í reynsluakstur í dag.



Nyr Mazda Cx-7 2.3L Turbo 244 hp, framúrskarandi hönnun á sportjeppa frá Mazda. Komdu í reynsluakstur í dag.



Nyr Mazda CX-9 3.5L V6 263 hp, 7 manna lúxus sportjeppi. Komdu í reynsluakstur í dag.



Nyr 2007 Mazda speed 3 2.3L Turbo 263 hp. 5.8 sec. í 100 km.

X4 ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 565 2500
www.x4.is



Toyota Land Cruiser 90 GX 9/2001 ssk ekinn 151þ Gott eintak! verð 2390þ Uppl 420-6600 raðnr 212424

Toyotasalurinn
Sími: 4206600



FORD FOCUS TREND árg 5/2006, ek 17þ km, 5 girá, Rafm. í rúðum, upphituð framrúða og margt fleira, Verð 1.990. þ áhv 1.286þ. Vantar allar gerðir bíla á skrá og á staðinn S:5672700.



MMC GALANT GLSI árg 5/1998 ek 108. þ km, 2.0 SJÁLFSKIPTUR, Fallegur bill, Verð 720.þ Vantar allar gerðir bíla á skrá og á staðinn S:5672700.



FORD FOCUS TREND árg 8/2005, ek 18.þ km, 1.6L, 5 girá, Flottur bill Verð 1.790.þ áhv 1.200.þ Vantar allar gerðir bíla á skrá og á staðinn S:5672700.

Arnarbilar ehf
Gylfahlöt 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is



Einstakt tækifæri!!! Til sölu nýtt fullbúð sérlega vandað og fallett 60m2 heilsárskúli á besta stað í Munaðarnesi Borgarfirði. Ásett verð 17.9m. Skipti hugsanleg. Sjá fleiri myndir á heimsbilar.is raðnúmer 103172. Uppl í síma 867-3769 (Hörður) eða hjá Heimsbílum.

Heimsbilar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 4000
Til sýnis og sölu á
Heimsbílum Kletthálsi 2 S:
567-4000. Sjá fleiri myndir á
www.heimsbilar.is
www.heimsbilar.is

Bílar til sölu



Toyota Camry HYBRID 5,9L/100km Nyr frá 2600þús til leigubílstj., almennt v.3325þús. Highlander á Lexus RX400 grunni. 268 hö. 7,5L/100km! 2006 frá 3.790þús. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalan. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com



Ford Explorer Executive árg 1996, 33" Topp bill ss, ek. 159 þús. Ný skoðaður og yfirfarinn. Verð 750 þús. Tilboð 590 þús. stgr. Uppl. s. 615 2500.



Fallegur Dekurbíll! Toyota Corolla árg. '96 ek. 127 þús. km. sjálfskiptur, álfelgur, vetrardekk á felgum, spoiler og fl. Mjög góður bill í topp standi, góð þjónustubók frá upphafi. Verð 350þús. Uppl. í síma 663-1020.



Til sölu Toyota Land Cruiser 8 manna 90GX árg. 00. Dísel, ssk., ek. 143 þ. Ásett v. 2100 þ. Uppl. í s. 893 3475.



Renault Cangoou dísel. Árg. '05. 5 manna. Toppbíll. Ek. 46 þ. Bsk., bílasamningur, afb. 20 þ. á mán. S. 892 7852.



Musso '97. dísil, ssk, krókur, ný skoðaður o.fl. ek. 205þ. v. 490þ. s. 695 4777.



Musso '97. Dísil, ssk., krókur, ný skoðaður o.fl. Ek. 205 þ. v. 490 þ. S. 695 4777.



VW Golf '98, 5 dyra, svartur, beinskiptur, ekin 150þús, NY TÍMAREIM, VERÐ 390 þúsund, Sími 8640568



Ford Explorer Executive '97. Ek 96þ. mil. nýl. skoðaður, 33" álfelg. og fleira. Verð 380þ. 8675556.



Toyota Rav4 árg. 97. Ekinn 209þús, 5 dyra, ný heilsársdekk. Í mjög góðu ástandi. Ásett verð 450þús. Uppl í síma 5540162/6988244



VW Golf Comfortline árg. '99, ek. 84 þús. 3ja dyra, svartur, ný dekk og tíma-reim. Sko. '08. Listaverð 530 þ. Tilboð 430 þ. Uppl. í s. 691 9374.



Skoda Octavia 1,6 árg. '03. Ek. 64 þ. Beinsk. Álf., dráttarb. Vel með farinn. Áhvílandi 550 þ. Afborgun 17 þ. V. 1150 þ. Uppl. í s. 843 3511 & 861 3825

Alfo romeo 156 árg. '98 ek. 97 þús. Spoilerkít, álfelgur, cd, viðarstýri lista V. 720 TILBOÐ yfirtaka láni 360 þús. 691 9374.



Mótorhjólafatnaður frá Eignum til mótorhjólafatnað á frábæru verði í leðri og goretex í öllum stærðum Goretex gallar frá: 29.900. Leður gallar 36900. Leður vesti 7900. Leðurstigvel 9900. Hanskar frá 1400 Komíð og geríð góð kaup á vönduðum gæðafatnaði. Sky Trading ehf símar 892 1116 & 892 5005.

0-250 þús.



Honda Civic 1.4i '96 keyrður 170 þús. Eyðslugrannur og plássgóður. s:848-6328

250-499 þús.



VW golf '98, 5 dyra, svartur, beinskiptur, ekin 150þús, NY TÍMAREIM, VERÐ 390 þúsund, Sími 8640568



Ford Explorer Executive '97. Ek 96þ. mil. nýl. skoðaður, 33" álfelg. og fleira. Verð 380þ. 8675556.



Toyota Rav4 árg. 97. Ekinn 209þús, 5 dyra, ný heilsársdekk. Í mjög góðu ástandi. Ásett verð 450þús. Uppl í síma 5540162/6988244




VW Golf Comfortline árg. '99, ek. 84 þús. 3ja dyra, svartur, ný dekk og tíma-reim. Sko. '08. Listaverð 530 þ. Tilboð 430 þ. Uppl. í s. 691 9374.

500-999 þús.



Suzuki Vitara 4x4 2001 sjálfsk 2L vél ek 100.000 v.950.000 og Mazda 323 1992 dekurbill ek. 130.000 v.130.000. Uppl. í s. 897 1787



polo1400 comfortline til sölu verð 570.000 nýlegar álfelgur ný dekk mp3 geislaspilari plús hátalarar aftur í ekinn 97000km skoðaður 08 áhugasamir hafi samband í síma 8698553



Porche 968 sá eini á landinu. árg. '92, 3,0 L, típtronic, sjálfsk., toppl., recaro leður, cd, cruise contr., 17" cup felgur, loftkæling. Ýmis skipti möguleg. S. 862 0026.



VW Golf comfort 4 motion beinskipt. Árgerð 2005. Ekinn 40þ. Ásett verð 1500 þ. Tilboð 1390 þ. Uppl. í síma 822-7574

ALFA ROMEO 147, '02. Flottur bill. 2000cc, 150 hestöfl, ssk. hraðastillir, toppluga, leðuráklæði, dökkar filmur. Listaverð 1.590þús, stgr. 1.050.000. Uppl:897-2286

2 milljónir +



Nyr 2007 Dodge Caliber frá 1995þús, 7,4L/100km (fæst sem 4x4), Dodge Caravan frá 2.490þús! Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalan. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com



Glæsilegur Audi A8 Quattro 310, hö. Einn þægilegasti bíllinn á markaðnum. Bifreið í toppástandi. +Tölvustýrð miðstöð +Fjörhjóladrifinn +Tívirvik glerluga +BOSE hátalakerfi +17" háþörlaðar felgur +Xenon ljós+ofl.ofl. Frábær stgr. afsl. S. 895 7888.

Jeppar



2006-2007 Jeep Grand Cherokee frá 2.590, Ford Explorer frá 2.690, Dodge Durango frá 2.690, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.790, Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalan. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com



Suzuki jimny, árg. 01, ek 90 þ, 35" dekk læst drif, 5/38 hlutf, Fæst á góðu verði. s:6900004



Frábært verð! Land Cruiser LX '06 ek. 23 þús. Saml., álf. og dráttarb. Verð 3.950 þús. Gott lán ákv. Sími 693 2900.



Valsað ál fyrir þök og veggj
Fegurð, mýkt, ending
Fæst í 12 litum



Ál er okkar mál



Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.alyak.is

fasteignir

30. JÚLÍ 2007

SAGA
FASTEIGNIR
Hlíðasmára 14 - S. 414 8800
Guðmundur Þórðarson hdl & löggiltur fasteignasali

Opin hús sunnudag og mánudag



Til sölu tvö 70 fm heilsárshús á eignarlóðum í Miðengi í Grímsnesi. Verð frá 12,9 millj. fer eftir byggingarstigi. Opin hús verða sunnudag frá 14 til 15 og mánudag frá 17 til 18.
Skilti, merkt Saga fasteignir, vísar veginn.
Frekari upplýsingar Markús í síma 897 1200 eða á Saga fasteignir sími 414 8800

Saga Fasteignir ehf. - Sími 414 8800 - www.sagafasteignir.is



Húsnæðið er í allt 3.090 fermetrar að stærð.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

bspain á Íslandi Fasteignir á Spáni

Höfum opnað söluskrifstofu á Snorrabraut 27 (á horni Snorrabrautar og Hverfisgötu).
Opnunartími frá kl. 11-17.

Þjófum upp á fríar skoðunarferðir fyrir kaupendur.



Snorrabraut 27, 105 Reykjavík
Símar 534 1599 og 690 9211
Netfang: petrina@bspain.com

Verzlun, vörugueymsla, skrifstofa og íbúð

eldavél frá AEG, háfi yfir eldavél og flisum á milli skápa og flisum á gólf. Baðherbergi var allt endurnýjað árið
2006 og er með ljósi innréttingu, baðkar, tengi í þvottavél og þurrkara og flisum á gólf. Stofa / borðstofa með
nýlegu eikparketi á gólf og útgengi út á svalir með útsýni yfir Reykjavík. Innihurðir og hurðarkarmar eru nýlegir
og eru úr eik. Geymsla er í sameign. Bílskúr með heitu/köldu vatni og rafmagni.
Pórður Grétarsson
Löggiltur fasteignasal
520 9400
thordur@remax.is

RE/MAX Búi - Stórhöfða 17 - 110 Reykjavík - Sími: 5209400 - www.remax.is

RE/MAX
Fasteignir

Bóas
Sölufulltrúi
699 6165



Gunnar
Sölufulltrúi
899 0800



Krókavað 15, 110 Árbær - 5 herb.



Stórglæsileg 165 fm² íbúð í tvíbýlishúsi

- Fimm herbergja, stórar svalir yfir bílskúr
- Var nýlega sýnd í þættinum Innlit / Útlit
- Verð: 43.900.000

BÓAS 699 6165 & GUNNAR 899 0800 SÝNA EIGNINA


Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

Stefán Páll
Löggiltur
fasteignasal

RE/MAX Fasteignir

CRUSER®

footwear



skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND
www.skor.is

CRUSER skórnir eru fáanlegir í verslunum Skór.is (Kringlunni og Smáralind) og versluninni Far (Laugavegi 35)

KATE BUSH TÓNLISTARKONA ER 49 ÁRA Í DAG

„Ég á mjög góða vini en samt hef ég verið mjög mikið ein í gegnum tíðina. Enda lærir maður mest um sjálfan sig þannig.“

Kate Bush er tónlistarkona og tónskáld sem var uppgötvuð aðeins þrettán ára. Árið 1977 samdi hún lagið Wuthering Heights sem var á toppi breska listans í fjórar vikur.



PETTA GERÐIST 30. JÚLÍ 1954

Elvis Presley kemur opinberlega fram í fyrsta sinn

Rokkóngrurinn Elvis Aaron Presley fæddist þann 8. júní 1935 í Tupelo í Mississippi í Bandaríkjunum. Presley hneigðist snemma til tónlistar og tók þátt í fyrstu söngkeppninni aðeins tíu ára gamall.

Ári síðar fékk hann gítar í afmælisgjöf, þrátt fyrir að hafa raunverulega langað í riffil. Upp frá því urðu Elvis og gítarinn óaðskiljanlegir og hann sást sjaldan öðruvísi en syngjandi með gítarinn á bakinu. Þegar fjölskyldan flutti til Memphis í Tennessee-ríki urðu kafaskil í lífi Elvis. Þar tók hann upp fyrsta lagið sitt í Sun-hljóðverinu



ELVIS PRESLEY

árið 1953 og borgaði fyrir það tæpa fjóra dollara. Hann komst í kynni við þekktu tónlistarmenn í kjölfarið og boltinn byrjaði að rúlla. Ári síðar kom hann fyrst fram opinberlega, þar á meðal í Bon Air-tónlistarklúbbum og í hléum á tónlistarklúbbum Arnarhreiðrúnu þar sem Johnny Cash var aðalnumerið. Haustið 1954 kom Elvis fram á Grand Ole Opry í Nashville, vöggu kantrítónlistar.

Hann fékk dræmar viðtökur og sagan segir að honum hafi verið sagt að hverfa aftur til starfa sem vörubílstjóri. Árið 1956 sló hann í gegn og varð einn frægasti tónlistarmaður heims.

MERKISATBURÐIR

- 1284 Sturla Þórðarson sagnaritari andast. Hann var lögmaður og tók saman eina gerð Landnámu og Íslendingasögu.
- 1797 Geir Vídalín er vígður biskup Skálholtsbiskupsdæmis. Vígslan fer fram á Hólum en aðsetur biskups var í Reykjavík.
- 1909 Gítar konur fá kosningarétt á Íslandi ásamt vinnukonum sem greiða opinber gjöld.
- 1961 Brú er vígð yfir Hornafjarðarfjót og er hún þá næstlengsta brú landsins, 255 metrar.
- 1968 Jón Leifs tónskáld andast.
- 1977 Stálvík í Garðabæ hlýpir af stokkunum fyrsta skutogara sem smíðaður er héraðs, Stálvík, St.

tímamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLISBÖRN

ÁRNI SIGFÚSSON
BÆJARSTJÓRI ER
51 ÁRS.



LISA KUDROW
KVIKMYNDA-
LEIKKONA ER
44 ÁRA.



HILARY SWANK KVIK-
MYNDALEIKKONA ER
33 ÁRA.



AUÐUR SVEINSDÓTTIR
LAXNESS ER 89 ÁRA.

Í ríki Vatnajökuls

Sýningin Í ríki Vatnajökuls WOW! verður haldin í Nýheimum á Höfn í Hornafirði 2. til 6. ágúst. Sýningunni er skipt í þrjá meginþætti, atvinnu, mannlíf og menningu. Settir verða upp básar þar sem gestir og gangandi geta nálgast uppýsingar, rætt við heimamenn yfir kaffibolla, hlýtt á kynningar í fyrirlestarasal Nýheima og virt fyrir sér svipmyndum af mannlífinu í Hornafirði.

Á sama tíma fer fram á Höfn Unglingalandsmót UMFÍ og því ljóst að lífligt verður í bænum.

Samhliða sýningunni verður rekin útvarpsstöðin Ríki Vatnajökuls FM 105,7 þar sem sjónum verður beint að Unglingalandsmótinu, úrslitum og viðburðum tengdum mótinu og sýningunni. Sýningin í Nýheimum verður opin daglega frá klukkan 15-18.

BJÖRG MELSTED MYNDLISTARKONA: ÞRJÁTÍU OG FIMM ÁRA Í DAG

Bauð öllum börnum í hverfinu

Björg Melsted, myndlistarkona og kennari, átti oft í basli með afmælishald sem barn. Margir lögðu leið sína út úr bænum á leið í sumarfrí í lok júlí og þess vegna meira en að segja það að efna til almennilegrar veislu í Kópavogi þar sem Björg ólst upp.

„Ég lagði mikla vinnu í að bjóða í afmælið mitt sem barn. Margir krakkar voru í frí, svo ég bauð hreinlega öllum þeim sem eftir voru í hverfinu,“ segir Björg brosandí.

Móðir hennar tók þessum mikla skara alltaf vel að sögn Bjargar og útbjó heljarinnar langborð. Enda ekki um annað að ræða en að bjóða stórfjölskyldunni líka.

Síðastliðin ár hefur þó Björg aðallega einbeitt sér að afmælishaldi þriggja sona sinna og hefur ekki lagt á sig að bjóða öllum Vesturbænum í tilfni dagsins.

Þritugsafmælið var þó haldið með pompi og prakt að sögn Bjargar enda dugði ekki minna undir veisluna en flugskýlið í Nauthólsvík. „Ég var nýbúin að gifta mig og var ólétt þegar ég varð þritug. Þá héldum við æskuvinkonurnar heljarinnar grímuball og leigðum okkur fburðarmikla kjóla í tilfni veislunnar. Síðan vill svo til að við erum allar mismunandi í laginu og því útbjuggum við borða þar sem á stóð Miss Small, Medium og Large sem við bárum við dressin,“ segir Björg, skelli-hljæjandi, sem sjálf var með magann út í loftið undir krínólínkjólum. Veislugestir tóku grímuballið mjög alvarlega að sögn Bjargar og mættu í sínu finasta grímupússi.

Í ár heldur Björg og fjölskylda til Portúgals í tilefni afmælisdagsins hennar en einnig í tilefni afmælis miðsonarins. Hann kom í heiminn daginn eftir afmæli mömmu sinnar fyrir átta árum síðan. „Tuttugu og átta ára afmælisdagurinn minn er án efa sá eftirminnilegasti. Ég var alveg kominn á steypirinn og var skrifuð inn daginn fyrir afmælið mitt. Síðan leið og beið og ég bauð í smá kaffi í tilefni dagsins. Síðan skrapp ég bara upp á deild eftir kaffið og átti drenginn,“ segir Björg hlæjandi.

Í ár á hins vegar æskuvinkona Bjargar von á barni í lok júlí og Björg vonar að litla stelpan verði afmælisgjöfin í dag.



MEÐ BÖRNUNUM Björg Melsted fagnar með ferð til Portúgals ásamt syninum og vonar að lítið barn liti dagsins ljós í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Elskulegur faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Guðmundur Snæbjörn Árnason

fyrirverandi verslunarmaður, Hjallaseli 55,

sem lést á Landspítalanum Fossvogi þann 14. júlí sl., verður jarðsunninn frá Dómkirkunni í Reykjavík á morgun, þriðjudaginn 31. júlí kl. 15.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

Ágústa Harting
Kristján Guðmundsson
Sigurður Guðmundsson



Runar Geirmundsson



Sigurður Rúnarsson



Elís Rúnarsson



Þorbjörg Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is



Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990



Fallegir legsteinar á góðu verði

Englasteinar

Helluhrauni 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566

www.englasteinar.is

www.minningargreinar.is

Þór forstöðumaður almanna- tengsla í Kópavogi

Þór Jónsson hefur verið ráðinn í nýtt starf forstöðumanns almanna- tengsla hjá Kópavogsbæ. Hann verður í forsvari fyrir stefnuörkun, þróun og skipulagningu á sviði innri og ytri upplýsinga og almanna- tengsla. Auk þess verður hann öllum sviðum og deildum stjórnsýslu bæjarins til aðstoðar og ráðgjafar um hvers kyns málefni á því sviði.

Þór lauk prófi í blaðamennsku frá Blaðamannaháskólanum í Stokkhólmi árið 1991 og hefur sótt námskeið í blaðamennsku og fjölmiðlarétti hér á landi og erlendis. Hann hefur starfað á fjölmiðlum frá árinu 1985, þar af í fjórtán ár á fréttastofu Stöðvar



ÞÓR JÓNSSON Þór þekkir vel til fjölmiðla enda starfaði hann á fréttastofu Stöðvar 2 í mörg ár.

2, Bylgjunnar og NFS. Þór starfaði síðast sem upplýsingafultrúi félagsmálaráðuneytisins en hefur auk þess annast stundakennslu við Háskóla Íslands í hagnýtri fjölmiðlun, í meistaranámi bæði í opinberri stjórnsýslu og blaða- og fréttamennsku.

Þór hefur unnið ýmis verkefni fyrir Norrænu ráðherranefndina og sat um árabíl í stjórn Norræna blaðamannaskólans í Árósum. Auk þess hefur hann gegnt fjölmörgum félags- og trúnaðarstörfum. Þór hefur enn fremur samið og þýtt bækur og leikþætti, t.d. skrifaði hann ævisögu Sigurðar Dementz Franzsonar óperusöngvara.

Frá kr. 2.790.000

TUCSON SPORT

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS skriðvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 16" álfelgur
- Hiti í framsætum
- Hiti undir þurkublöðum
- Leðurstýri og leður á gírhúð
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Loftkæling A/C
- Samlitur



Með bílinn handa þér

Hefur gæðin

TUCSON SPORT

Frá kr. 27.700 á mánuði*



Bíll á mynd: Hyundai Tucson Sport

Bílasamningur m.v. 30% útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði, sem eru háðar breytilegum vöxtum og gengi erlendra mynta. Gengiskarfa 50% JPY / 50% CHF.

 **HYUNDAI** www.hyundai.is

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460


Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

THE SIMPSONS STÓRKOSTLEGASTA FJÓLSKYLDA ALLRA TÍMA LOKSINS Í BIÓ!

MOVIE



11. HVER VINNUR!

SMS LEIKUR

HEIMSRUMSÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI 27. JÚLÍ SENDU SMS JA SMF Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA VINNINGAR ERU BIÓMIÐAR, TÖLVULEIKIR, DVD MYNDIR OG MARGT FLÉIRA!

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb, 99 kr/skeytið.

QUENTIN TARANTINO GRINDHOUSE ROBERT RODRIGUEZ ROSE MCGOWAN BRUCE WILLIS FERGIE

Robert Rodriguez - leikstjóri Sin City kynnr...

PLANET TERROR

FRUMSÝND 1. ÁGÚST 2007

Sendu SMS skýtið JA PTF á númerið 1900 og þú gættir unnið bíómiða fyrir tvö!

Vinningar eru bíómiðar, DVD myndir og margt fleira!

99kr SMSÍD 16

Til Sölu

Smáauglýsingar af öllum gerðum. Allar mjög sjáanlegar og í góðu ástandi. Uppl. í s. 550.5000

FRÉTTABLAÐIÐ

- smáauglýsingar sem allir sjá

STUÐ MILLI STRÍÐA: Morð í Reykjavík

ÞÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR HNEYKSLAST Á ÍSLENDINGUM SEM LÆRA EKKI AF REYNSLUNNI



Íslendingar læra ekki af reynslunni. Við látum okkur ekki segjast og komum upp um smáborgarahátt okkar sí og æ. Fyrir daga veraldarvefsins áttum við auðveldara með að leyna okkar innsta eðli en nú hafa bloggsgíður og gagnvirkir fréttamiðlar flett ofan af okkur. Við erum kjaftasögusjúkir smáborgarar. Því verður ekki leynt.

Hundurinn Lúkas hristi upp í kjaftasögubjóðinni sem fór offari á netinu og spann upp óhugnanlegar sögur af dauða hans. Þegar rakkinn fannst sprellifandi í Fálkafelli skömmuúst sín margir og óskuðu þess eflaust að geta tekið orð sín

til baka. Ég hélt í sakleysi mínu að málið, eins fánlegt og það nú var, hefði megnað að vekja okkur aðeins til umhugsunar um hvað við skrifuðum á netið.

En allt kom fyrir ekki. Í gær lést maður í skotárás í Reykjavík. Lögreglurannsókn var varla hafin þegar dómstóll götunnar hafði dæmt í málinu á netinu.

„Erlendir borgarar hér á ferð engin spurning. Uppgjör í gangi um hver ráði Reykjavík. Enda hefur lögreglan engin tók á þessu, og þetta á bara eftir að versna,“ skrifar lesandi við frétt af málinu á Vísir.is. Skömmu seinna hafði þessi athugasemd verið fjarlægð og lesendum var meinað að skrifa fleiri athugasemdir við fréttina.

Kjaftasögubjóðinni var ekki treystandi til þess.

Á Moggablogginu drógu menn svipaðar ályktanir: „Þori að veðja stórt að hér er um að ræða „farandverkamenn“ frá einhverju af gömlu Sovétríkjunum eða Póllandi... Sendum þá heim,“ skrifaði einn bloggarinn og annar þóttist vita hverju væri um að kenna. „Stefna stjórnvalda í vímuefnamáli er það sem skapar þetta ástand,“ skrifaði hann án þess að blikna.

Ég hélt að Lúkas hefði kennt okkur að fara varlega í fullyrðingar. Enda kom það á daginn að erlendar mafíur og fíkniefnabaronar tengdust málinu ekki á nokkurn hátt. Kjaftasögubjóðin þarf enn að læra að skammast sín.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





11.00

Fyrsta sýning Rannveigar Ásbjörnsdóttur á opinberum vettvangi stendur nú yfir á Geysi bistro & bar á Aðalstræti. Þar sýnir hún 33 vatns-litamyndir undir heitinu Landslag og blóm. Sýningin stendur yfir til 15. ágúst.



Bjartar nætur í Iðnó

Sýningar Ferðaleikhússins, Light Nights – Bjartar nætur, fara fram í Iðnó öll mánudags- og þriðjudagskvöld til 28. ágúst. Uppfærslur Ferðaleikhússins undir samheitinu Light Nights, eru breytilegar frá ári til árs. Efni þeirra er sótt í þjóðsögur, rímur og Íslendingasögurnar ásamt glímu og öðrum aldagömlum íslenskum hefðum. Af nýjum leikatriðum í ár má nefna þjóðsöguna um Selskonuna, Álfkonudans og Kristnitökuna á Þingvöllum.

DIÁKNINN Á MYRKÁ Kristína Björk Arnórsdóttir og Emil F. Freysson í hlutverkum sínum.

um árið 1000, en alls eru sautján atriði á dagskrá. Ferðaleikhúsið var stofnað í Reykjavík árið 1965 af þeim Kristínu G. Magnús og Halldóri Snorrasyni, en Kristín G. Magnús stýrir enn leikhúsinu og leikur sjálf. Sýningar undir heitinu Light Nights hófust árið 1970, en þeim er breytt frá ári til árs. Þó að sýningarnar miðist helst við ferðamenn, hafa enskumælandi Íslendingar þó ekki síður gaman af ferðalaginu um hefðir og sögur lands og þjóðar. Sýningin í kvöld hefst klukkan 20.30 eins og aðra daga.

>Ekki missa af...

... sýningunum í vitanum á Malarrífi í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli, sem lýkur um helgina. Hollvínasamtök Þórðar Halldórssonar frá Dagverðará sýna ljósmyndir tengdar lífi Þórðar. Gestalístaður samtakanna er Ásdís Arnardóttir, en sýning hennar á vatnslitamyndum á hrísappír nefnist Fjórða hæðin. Vítinn verður opin á laugardag og sunnudag frá 10 til 16.

menning




SKEMMTIGARÐUR Hekla Dögg Jónsdóttir segir Liminality nánast eins og skemmtigarð. Þar er að finna talandi gosbrunna, syngjandi varðelda og bleikar golfkúlur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Síðasta Rit ársins komið út

Þriðja hefti Ritsins, tímarits Hugvísindastofnunar, er komið út. Að þessu sinni er þema greinanna í Ritinu stríð og friður. Höfundar fjalla um þau átök sem eiga sér stað í frásögnum af stríðum, og velta fyrir sér arfleifð stríða og merkingu þeirra á friðartímum.

Myndir í heftinu eru eftir Christian Boltanski, sem er franskur listamaður af blönduðum bakgrunni, og hefur unnið með arfleifð seinni heimsstyrjaldarinnar í verkum sínum. Liz Stanley fjallar meðal annars um ljósmyndir sem sagnfræðilegar heimildir í grein sinni, „Svo sem í skuggsjá, í óljósri mynd“, og Gunnþóra Guðmundsdóttir skoðar arfleifð helfararinnar og heimildargildi vitnisburðarins. Rósa Magnúsdóttir fjallar um hugmyndir og ímyndir um óvininn í köldu stríði í greininni Sovét-



menn og sambúðin við Bandarík-in 1945-1959.

Í Ritinu eru að þessu sinni þrjár aðsendar greinar. Dagný Kristjánssdóttir skoðar höfundarverk Kristínar Ómarsdóttur og Jón Karl Helgason fjallar um skáldsöguna Eftir örstuttan leik, eftir Elías Mar. Magnús Fjalldal rannsakar þátt enskra heimilda í Gerplu Halldórs Laxness.

Í Ritinu birtist einnig þýðing á formála Edward W. Said að afmælisútgáfu á bók hans, Orientalism. Þar ræðir Said um stríðið í Írak í samhengi þeirra hugmynda sem hann fjallar um í frægu verki sínu.

ÞRIÐJA HEFTI RITSINS Þema Ritsins, tímarits Hugvísindastofnunar, að þessu sinni er stríð og friður.

Á millibilssvæði

Hekla Dögg Jónsdóttir opnaði einkasýningu sína „Liminality“ í Nýlistasafninu síðastliðinn laugardag. Perlur, svanur og stjörnuhaf eru á meðal þess sem þar er að sjá.

Í sýningunni gerir Hekla Dögg „liminality“, millibilssvæði, að umfjöllunarefni sínu. „Ég hafði hugsað mér að vinna einhvern veginn með „threshold“, og var búin að leita að útskýringu á því á íslensku. Mér fannst ég aldrei finna neitt hugtak sem nær yfir það allt,“ segir Hekla. „Threshold“ er í hennar huga afar jákvætt. „Það er svona jákvætt svæði, þar sem maður er kannski í breytingu, en ekki orðinn eitthvað,“ útskýrði Hekla. „Þar kom ég niður á þetta orð, sem sýningin heitir eftir, Liminality. Það er jafnvel enn víðtækara en threshold, en þýðir það sama,“ bætti hún við.

Í sýningunni gerir Hekla umbreytinga- og millibilssvæðið að bókstaflegu rými í salnum. „Ég var að vinna með bæði eldri verk og nýrri, og þá festist það einhvern veginn í huga mér að ég yrði að hafa eitthvað „threshold“.

Ég gerði það með perluvegg,“ útskýrði Hekla.

Sýningargestir koma fyrst inn í ljóst og bjart rými, þar sem gefur að líta eldra verk eftir Heklu, Flying Lady 1. „Það er svolítið einfalt á ákveðinn hátt og mjög lítið í björtu rýminu,“ sagði hún. Þá ganga gestir í gegnum „threshold“-svæðið. „Ég bjó til vegg úr perluveggum, og þegar fólk er komið þar í gegn eru þeir komnir á þetta liminality-svæði. Þar myndir svanur um í stjörnuhafi og stjörnudropar minna á geiminn,“ sagði Hekla.

Í þriðja rýminu eru fleiri verk. „Þar er miklu meiri þéttleiki og hávaði, og hljóðin renna saman,“ útskýrði hún. „Sýningin minnir líka svolítið á skemmtigarð. Þarna er bleik golfkúla, perluveggur, stjörnur, svanur, talandi gosbrunnur og syngjandi varðeldar,“ sagði Hekla.

Hekla Dögg býr og starfar í Reykjavík og New York. „Ég er að átta mig á því núna að flugvélin er einmitt þetta threshold, þar sem maður er á milli tveggja heima. Svo það getur vel verið að það skipti máli,“ sagði Hekla og hló við.

Sýningin stendur yfir til 19. ágúst.

TJALDÚTSALA

HAWK 5

10.000 kr.
AFSLÁTTUR

+ 2 stólar og dýna
5 manna tjald



SALA 4

10.000 kr.
AFSLÁTTUR

+ 2 dýnur og skjóltjald
4 manna tjald



CORDOBA 5

6.000 kr.
AFSLÁTTUR

+ gaslukt og dýna
5 manna tjald



2. manna tjöld
frá kr. 4.995
FYRSTIR KOMA,
FYRSTIR FÁ

Íslensku
ALPARNIR
FERÐAVERSLUN

Demants ...

... kjarnaborar: 42 - 400 mm
... slípiþollar: 125 og 180 mm
... sagarblöð: 125 - 800 mm
Gæði og gott verð.

ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI

ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

Faxafen 8 • 108 Reykjavík • Sími 534 2727 • www.alparnir.is

TÓNLIST AÐ ÞÍNU SKAPI

Á heimasíðunni www.music-overly.com er hægt að velja sér tónlist eftir því skapi sem maður er í þá stundina. Það er til dæmis hægt að smella á „orkumikla“ eða „jákvæða“ tónlist. Auk þess er hægt að þrengja leitina með því að velja ákveðið tímabil í tónlistarsögunni og velja á milli 18 mismunandi tegunda tónlistar – allt frá poppi til klassíkur.

fólk

folk@frettabladid.is



Parf að sitja í fangelsi í fjóra daga

Hollywood-stjarnan Nicole Richie mætti fyrir rétt í Kaliforníu á föstudag og var dæmd til fjögurra daga fangelsisvistar en hún var ákærð fyrir akstur undir áhrifum í desember síðastliðnum. Nicole var að sögn brosandí út að eyrum þegar hún mætti á staðinn þrátt fyrir að hafa nýverið trúað David Letterman fyrir því í spjallþætti hans að hún væri hrædd við að fara í fangelsi.

Frá þessum fjórum dögum dragast þeir sex klukkutímar sem Nicole hafði þegar setið af sér en auk fangelsisvistar var hún dæmd til þess að greiða sem samsvarar 120 þúsund íslenskum krónum í sekt og að fara á námskeið um áhrif áfengisneyslu. Sem fyrr segir hafði Nicole tjáð sig um mál sitt við Letterman. Í þætti hans sagði hún einnig að þrátt fyrir hræðsluna myndi hún taka

afleiðingum gjörða sinna hverjar sem þær yrðu.

Nicole var sem fyrr segir handtekin í desember síðastliðnum eftir að sést hafði til hennar að aka bifreið sinni á öflugum vegarhelmingi á hraðbraut í Los Angeles. Síðar féll hún á lyfjaprófi og játaði fyrir lögreglunni að hafa reykt marjúana og tekið lyfið Vicodin fyrr um kvöldið. Stúlkan virðist lítið læra af eigin mistökum því hún var einnig dæmd fyrir ölvunarakstur í júnímánuði árið 2003.

DÆMD ÖÐRU SINNI Nicole Richie hefur verið dæmd fyrir ölvunarakstur í annað sinn. Hún þarf að sitja í fangelsi auk þess að greiða sekt og fara á námskeið um áhrif áfengisneyslu.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



Vildi vera ljósari

Söngkonan Kelly Rowland segist einu sinni hafa óskað þess að hún væri með ljósari húð. „Það er sagt að dökkar stelpur selji ekki tímarit og það er svo sorglegt,“ sagði Kelly sem eitt sinn var sannfærð um að henni myndi ganga betur væri hún ljósari. „Ég man ég óskaði þess að vera með ljósari húð, en Tina Knowles, mamma Beyoncé, sagði við mig: „Veistu ekki hvað þú ert falleg?!“ Hún fékk mig til að átta mig á fegurð dökka húðlitarins. Ég áttaði mig ekki á þessu þá en ég geri það núna,“ sagði Kelly sem segist nú vera stolt af húðlit sínum. „Ég er súkkulaðibrún og elska það!“



KELLY ROWLAND Söngkonan fagra var eitt sinn afar ósatt við húðlit sinn og þráði að vera ljósari.

Beyoncé og handarkrikarnir

Ef söngkonan Beyoncé Knowles væri spurð að því hvaða líkamshluti væri í uppáhaldi hjá henni myndi hún eflaust svara því að handarkrikarnir væru henni einstaklega kærir. Þetta má áætla af þeim gríðarlega fjölda mynda sem til eru af henni þar sem hún stillir sér upp fyrir myndavélina með annan eða jafnvel báða handarkrikana til sýnis.

Slúðurbloggarinn Perez Hilton hefur mikið velt fyrir sér handarkrikum Beyoncé og þeirri tilhneigingu söngkonunnar að sýna þá. Perez hefur haldið því fram að krikar Beyoncé séu að taka yfir heiminn.

Fyrirsætubjálfarinn Mac Folkes er alls ekki hrifinn af krikunum og segir að Beyoncé ætti að vita betur. „Ég myndi aldrei mæla með því að stilla sér upp þannig að handarkrikarnir snúi að myndavélinni. Beyoncé ætti að vita betur á þessu stigi ferils síns enda er hún þaulreynd á rauða dreglinum.“ Nú má velja því fyrir sér hver ætlun Beyoncé sé með þessum krikasýningum, hvort hún sé bara að lofta eða hvort hún sé svona einstaklega stolt af þeim. Hún er jú gríðarlega fagur kvenmaður og eflaust gætu flestir bent á aðra líkamshluta sem hún ætti frekar að hampa. En handarkrikana hefur hún valið hingað til og heldur því eflaust áfram.

hilda@frettabladid.is



HANDARKRIKARNIR FÁ AÐ NJÓTA SÍN

Beyoncé er stolt af handarkrikunum sínum eins og myndirnar sýna. Hún sýnir þá ekki bara á rauða dreglinum heldur innihalda

dansspor hennar ófár uppréttar hendur þannig að handarkrikarnir fái að njóta sín.

HEYR HEYR

- Öll þjónusta fyrir heyrnartækjanotendur
- Heyrnarmælingar, heyrnartæki
- Ráðgjöf, viðgerðarþjónusta, tæknilausnir
- Starfsfólk með áratuga reynslu



HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin Uppsölum Kringlunni • www.heyrnarstodin.is
Tímamantanir virka daga frá 9-18 í síma 568 681 1

ATHUGIÐ!
Tryggingastofnun tekur þátt í greiðslu heyrnartækja.

11. HVER VINNUR!

SMS LEIKUR

SENDU SMS JA SMF Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA! VINNINGAR ERU BIÓMIÐAR, TÖLVULEIKIR, DVD MYNDIR OG MARGT FLEIRA!

THE SIMPSONS

STÓRKOSTLEGASTA FJÖLSKYLDA ALLRA TÍMA LOKSINS Í BIÓ!

MOVIE

HEIMSFRUMSÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TÁLI 27. JÚLÍ

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS Klúbb. 99 kr/skeytið.



Leðursófasett 3+2, til í rauðu, hvítu og svörtu leðri Verð kr. 330.000.-



Hornsófi með innbyggðu rúmi Verð kr. 298.000.-



Leðursófasett 3+2, til í rauðu leðri Verð kr. 295.000.-



Ertu í húsgagnaleit?



Stækkanlegt borð f.20 manns



Italsofa

Verð kr. 284.000.-

Leðursófasett 3+1+1



Nabucco



Afar vönduð og sigild
borðstofuhúsgögn



Vandaður og þægilegur hornsófi með skemmlum og sterku áklæði sem auðvelt er að þrifa - Margir litir - verð 219.000.- Einnig fáanlegur með leðri.



Italsofa

Vandað leðursófasett 3+1+1 með nautaleðri

Litir: Brúnt og koniaksbrúnt

Verð kr. 275.000.-



Nýtt



Rafstýrður hvíldarstóll með lyftu sem lyftir þér upp og úr stólnum. Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem eiga erfitt með hreyfingar

Verð m/ákl. kr. 75.000.-
Verð m/leðri kr. 89.000.-



Vandaður slökunarstóll með skemli og sterku áklæði eða leðri - Margir litir

Verð m/ákl. kr. 39.000.-
Verð m/leðri kr. 59.000.-

Eitt mesta úrval landsins af hvíldarstólum!

www.valhusgogn.is

Röllu um verslunina okkar í rölegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar. Þetta verður þú að prófa!

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

Sími 581-2275 ■ 568-5375

Opið Virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16

NÝTT Í BÍÓ!

THE SIMPSONS "ÞÚ HLÆRB ÞIG MÁTTLAUSANI!" - HÉR SKALTU, TÓDAY

MOVIE

ROGER EBERT ★★★★★ STEFÁN BIRGIR STEFÁNSSON ★★★★★

midí.is LOKSINS KOMIN Í BÍÓ! LÚXUS

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000		REGNBÖGINN Sími 551 9000	
THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL	kl. 4-6-8-10	THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL	kl. 6.30-8.30-10.30
THE SIMPSONS MOVIE LÚXUS	kl. 4-6-8-10	DEATH PROOF	kl. 5.20-8-10.40 16
THE SIMPSONS MYNDIN ISL. TAL	kl. 4-6-8-10	TAXI 4	kl. 8-10 14
EVAN ALMIGHTY	kl. 4-6-8-10	DIE HARD 4.0	kl. 5.20-8-10.40 14
DIE HARD 4.0	kl. 5-8-10.45	FANTASTIC FOUR 2	kl. 5.45 14
450 kr. í bíói!			
HÁSKÓLABÍÓ Sími 530 1919		ALFABAKKA Sími 462 3500	
THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL	kl. 6-8-10	THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL	kl. 6-8-10
THE SIMPSONS MYNDIN ISL. TAL	kl. 6	THE SIMPSONS MYNDIN ISL. TAL	kl. 6-8
DEATH PROOF	kl. 10.15 16	DEATH PROOF	kl. 10 16
1408	kl. 8 16		

MÍÐASALA Á **midí.is**

SAM BÍÓ www.SAMbio.is (575 8900) midí.is

GEORGIA RULE

HARRY POTTER

EVAN ALMIGHTY

ÁLFABAKKA

GEORGIA RULES	kl. 3-5:30-8-10:30	7	BLIND DATING	kl. 8	10
HARRY POTTER 5	kl. 2-4-5-7-8-10	10	SHREK 3 M/ISL. TAL	kl. 2-4-6	L
HARRY POTTER 5	kl. 2-5-8	DIGITAL 10	SHREK 3 M/ENSKU TAL	kl. 8-10:10	L
HARRY POTTER 5	kl. 2-5-8	VIP 10	OCEAN'S 13	kl. 10:10	7
EVAN ALMIGHTY	kl. 2-4-6	L			

AKUREYRI

GEORGIA RULES	kl. 8-10:20	7
HARRY POTTER 5	kl. 6-9	10
SHREK 3 M/ISL. TAL	kl. 6	L

KEFLAVÍK

THE SIMPSONS ENSKT TAL	kl. 6-8-10	L
HARRY POTTER 5	kl. 8	10
SHREK 3 M/ISL. TAL	kl. 6	L

VIP SALURINN ER BARA LÚXUS

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

THE SIMPSONS MOVIE

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

SIMPSONS enskt tal	kl. 4, 6, 8 og 10	L
SIMPSONS íslenskt tal	kl. 4 og 6	L
DEATH PROOF	kl. 7.30 og 10	16
1408	kl. 8 og 10	16
SHREK 3 íslenskt tal	kl. 4 og 5.45	L

www.laugarasbio.is - Miðasala á **midí.is**

Incubus-sinfónía í smíðum

Mike Einziger, gítarleikari rokk-sveitarinnar Incubus, er um þessar mundir að semja sínfóníu. Einziger hófst handa við verkeið í mars eftir að hann þurfi að gangast undir aðgerð og gat ekki spilað á gítarinn sinn í nokkra mánuði. „Ég ákvað að fræðast um tónlist á nýjan leik. Eftir að ég byrjaði á sínfóníunni komst ég fljótlega að því að það var margt sem ég vissi

ekki,“ sagði Einziger, sem spilaði með Incubus í Laugardalshöllinni fyrr á árinu. „Verkið verður líklega í þremur hlutum og alls fjóru tíu mínútna langt. Þetta er krefjandi verkefni en ég er mjög spenntur fyrir því.“

EINZIGER Mike Einziger, gítarleikari Incubus, er með sínfóníu í smíðum.



Vel heppnaður sjónvarpsþáttur

Kvikmyndar um Simpson-fjölskylduna hefur verið beðið með eftirvæntingu um nokkurra ára skeið, frá því að sögusagnir fóru á kreik um að skapari samnefndra sjónvarpsþátta, Matt Groening, hygðist gera ævintýrum fjölskyldunnar skil á hvíta tjaldinu. Biðin er nú loks á enda og það sem meira er, þá talar fjölskyldan reiprennandi íslensku.

Hér verður ekki farið mörgum orðum um söguþráðinn sjálfan, annað en hvernig Simpson-fjölskyldan fær það hlutskipti að bjarga heimabænum Springfield frá tortímingu bandarískra stjórnvalda, sem vilja með því að eyða bænum kom í veg fyrir mengunarsyls.

Það var fyrirfram vitað mál að þrátt fyrir langvarandi vinsældir Simpson-fjölskyldunnar, gæti orðið erfitt að sannfæra áhorfendur um að borga sig inn á myndina. Í fyrsta lagi byggist myndin á sjónvarpsþáttum sem hófu göngu sína árið 1989 og veltu margir fyrir sér hvort myndin hefði einhverju nýju við þá að bæta. Hvort útkoman yrði einfaldlega ekki sjónvarpsþáttur í lengri kantinum.

Í öðru lagi hefur teiknimyndagerð fleygt ótrúlega fram frá því að sjónvarpsþættirnir litu dagsins ljós. Teiknimyndir í tvívídd þykja ekki standast samanburð við tölvuteiknaðar myndir eins og Toy Story, Finding Nemo og Shrek, sem eru á köflum svo raunverulegar að það er nánast óhugnanlegt. Því voru vangaveltur uppi um hvort Groening héldi tryggð við upprunalegt útlit þáttanna, sem gæti um leið orðið hugsanlegur banaþiti myndarinnar. Eða hvort hann innleiddi nýjustu tækni svo að áhorfendum gæfist þá færi á að sjá Hómer ropa í privídd.

Aðdaendur þáttanna fognuðu því margir hverjir ákaft þegar ljóst lá fyrir að Groening hygðist halda sínu



striki með því að halda sig við tvívíddina. Í því tilviki er líka alveg óhætt að segja að áhættan hafa borgað sig, þar sem myndin er vel teiknuð og tekur þáttinum að mörgu leyti fram hvað því viðvíkur.

Meiri vinna hefur verið lögð í ýmis smáatriði. Hreyfingarnar eru á köflum langt um betri en áður hefur sést og víðskotin fleiri, þannig að áhorfandinn fær á tilfinningunni að heimsmyndin sé stórbrotnari. Sem eru allt saman ágætis aðferðir til að sýna að tvívíddin er langt frá því að vera úrelt, auk þess sem það hæfir yfirfærslunni frá sjónvarpi yfir á hvíta tjaldið.

Síðan er það aftur spurningin hvort myndin sé einfaldlega langur sjónvarpsþáttur sem hafi eitt-hvað nýtt og spennandi fram að færa.

Svarið við því er já og nei. Myndin er í raun ekkert annað en langur sjónvarpsþáttur en að sama skapi þáttur sem er vel heppnaður og heldur athyglinni allan tímann, með bröndurum á færifandi. Félagi minn sem fór með mér taldi fimmtán sekúndur á milli brandaranna, svo að engum nema annáluðum fylfupokum ætti að leiðast.

Hins vegar er margt gagnrýnisvert við myndina og meðal annars sú ákvörðun

KVIKMYNDIR

Simpsons-myndin

Íslensk talsetning:
Leikstjóri: Jakob Þór Einarsson.
Þýðandi: Davíð Þór Jónsson.
Aðalhlutverk: Örn Árnason, Margrét Vilhjálmstöttir, Sigrún Edda Björnsdóttir og Álfrún Örnólfsdóttir.

★ ★ ★

Myndin um Simpson-fjölskylduna er góður sjónvarpsþáttur í lengra lagi, sem allir nema verstu fylfupúkar ættu að geta skemmt sér yfir.

höfundanna að einblína nánast algjörlega á aðalpersónurnar á kostnað aukapersóna. Það er ekki nema vegna þess litla svigrúms sem þær fá, að maður áttar sig á því hversu mikinn hlut þær eiga í skemmtanagildi þáttanna. Myndin missir um tíma flugið þegar vikið er frá lífinu í Springfield.

Loks er það íslenska talsetningin sem hefur heppnast vel í meðförum leikarana, þótt Margrét Vilhjálmstöttir stangi upp úr sem Marge. Þýðingin er líka fín, þótt manni líði stundum eins og brandarnir hafi ekki skilað sér eins vel á vort ástkæra ylhýra. Á köflum fannst manni líka að Sverrir Stormsker hlyti að hafa komist í þýðinguna. Allavega brá mér svolítið við að heyra orð eins og helgislepjupakk hrjóta af vörum Hómers.

Roald Víðar Eyvindsson

Óli Björn gefur út Steypu

„Þetta er litrík plata og margir mismunandi hljóðheimar í gangi. Lögin eru mjög ólík, líklega af því að listamennirnir eru svo ólíkir,“ segir Óli Björn Ólafsson um nýtt-komna geislaflötu sína, Steypu, sem inniheldur tónlist úr samnefndri heimildarmynd. Myndin fjallar um íslenska samtímamyndlist og myndlistarmenn og verður frumsýnd í haust.

„Ég samdi tónlistina með það í huga að hún gæti staðið ein. Ég hef alltaf hlustað mikið á kvikmyndatónlist og er mjög hrifinn af þessu formi,“ segir Óli. Hann segir að hún sé þó öll unnin út frá myndefninu og hann hafi látið það stjórna ferðinni og því séu lögin svona ólík. „Þegar ég sá myndlistina fékk ég oft mjög ákveðnar hugmyndir um hvernig tónlistin ætti að vera. Til dæmis kallaði gjörningur Gjörningaklúbbsins strax á kór og málverk eftir Hugin Þór Arason báðu um rafhljóð. Í sumum senunum vildi ég svo bara hart teknó.“

Óli hefur starfað með fjölmörgum hljómsveitum og einnig samíð töluvert fyrir leikhús. Þetta er fyrsta myndin sem hann semur



ÓLI BJÖRN ÓLAFSSON Gefur út geislaflötu Steypu sem inniheldur tónlist úr samnefndri heimildarmynd.

tónlist fyrir. Hann segir það mjög ólíkt að semja fyrir leikhús og kvikmynd. Það sé eins og munurinn á að semja við málverk eða bók. „Í leikhúsi skiptir dramatísk framvinna verksins öllu máli þegar maður semur tónlistina. Þegar ég var að vinna við þessa mynd gat ég hins vegar miklu meira leikið mér með mismunandi stemningu því allir listamennirnir

hafa skapað sína ólíku heima í list-sköpun sinni sem höfðu svo áhrif á tónlistina.“

Óli Björn spilar á Innipúkanum um verslunarmannahelgina sem verður haldin á nýja tónleika-staðnum Organ í Hafnarstræti. Hann verður með fimm manna hljómsveit með sér en ætlar að sleppa kórnum í þetta skipti.

Ný tónlist fyrir Svíamarkað

Sjónvarpsþættirnir um Silvíu Nótt verða teknir til sýninga í Svíþjóð í september. Vegna réttindamála þurftu framleiðendur þáttanna að skipta út allri tónlistinni sem var í þeim hér heima og setja inn nýja áður en þeir færu á markað erlendis.

„Þetta þurfti að vera tilbúið fyrir síðustu mánaðamót. Þetta voru einhverjir tveir mánuðir sem við höfðum til að semja músíkina og taka allt út og skipta,“ segir Gaukur Úlfarsson, leikstjóri Silvíu Nætur. „Það voru margir sem buðu sig fram og ég held að það hafi verið ákveðinn skilningur og virðing fyrir hendi á erfiðri aðstöðu.“

Þær hljómsveitir og tónlistarmenn sem létu Gauk fá löginn sín

án nokkurra vandkvæða voru Jan Mayen, Apparat, Purkur Pillnikk, Skyttarnar, Sadjei, Future Future, Árni + 1 og Motion Boys. Sömdu þeir síðast-nefndu ný lög sérstaklega fyrir þættina, með aðstoð Gauks, og sömuleiðis samdi Sadjei nýtt efni fyrir þættina. „Við fengum það hlutverk að búa til endalaust af litlum lagabútum, allt frá tíu sekúndna bútum upp í einhverjar mínútur. Þetta var svolítið fyndið og bara gaman að þessu,“ segir Birgir Ísleifur Gunnarsson, annar helmingur Motion Boys. „Við erum þannig séð vanir að vinna svona búta, ég og Árni. Við vorum að gera tónlistina fyrir



Sigtið en þetta var öllu frík-aðra. Í Sigtinu var maður meira að útsetja strengi og svoléiðis hluti en þarna var maður meira í alls kyns brjálæði allt frá poppi yfir í rokk. Þetta voru hrikalega margir og mismunandi bútar.“

Ekki hefur verið samið um sýningar á Silvíu Nótt annars staðar en í Svíþjóð en einhverjar viðræður hafa þó verið í gangi upp á síðkastið.

BIRGIR ÍSLEIFUR GUNNARSSON Birgir og félagi hans Árni úr Motion Boys sömdu nýja tónlist fyrir Silvíu Nótt.

Vinnan með heim

Courtney Cox segist vera vinnuálf sem tali um vinnuna við matarborðið, en hún vann með eiginmanni sínum David Arquette við sjónvarpsþættina Dirt. „Já, ég tek vinnuna með mér. Þá er tími til að ræða saman því þegar maður vinnur með eiginmanninum hefur maður engan tíma til að tala um hvað gerist á daginn,“ sagði Cox. „Þess vegna verðum við að segja frá mörgum hlutum við matarborðið þó svo að við höfum verið saman mestallan daginn. Það er svolítið skrítið.“

Courtney segir þau David vera ansi ólík en það geri þáttinn meira spennandi. „Við David erum mjög ólík að mörgu leyti. Hann er mjög vinstrisinnaður og hugmynda-ríkur, það er ótrúlegt hvað honum



COURTNEY OG DAVID Hjónin eru saman í vinnunni og ræða svo vinnuna þegar þau koma heim á kvöldin.

dettur í hug. Ég er góð þegar kemur að tilfinningum og sálarflækjum fólks.“

FRÉTTIR AF FÓLKI

Dinu Lohan, móðir leikkonunnar

Lindsayar Lohan, var ekki skemmt þegar **Jay Leno** gerði grín að því að Lindsay hefði verið handtekin öðru sinni fyrir ölvunarakstur. Lindsay hafði boðað komu sína í þáttinn til Lenos sama kvöld og lögreglan gómaði hana. Leno brá á það ráð að fá grínastann **Rob Schneider** til sín í gervi Lindsayar. Saman gerðu þeir grín að öllu saman.



Dina skrifaði Access Hollywood tölvupóst þar sem hún sagði að „þær bæru mikla virðingu fyrir Leno en það hefði valdið þeim miklum vonbrigðum að hann skyldi hafa leyft gesti í þætti sínum að gera grín að jafn alvarlegu máli“. Hún

segir jafnframt að þessa dagana einbeiti fjölskyldan sér eingöngu að því að útvega Lindsay þá hjálp sem hún þarfnast til þess að vinna bug á vandamálum sínum.

Þrjú ungar menn hafa komið fram í fjölmiðlum og sagt að Lindsay hafi rænt bíl þeirra kvöldið sem hún var síðast tekin fyrir ölvunarakstur. Málavextir voru þeir að aðstoðarkona Lindsayar gafst upp á henni og sagði upp störfum.

Lindsay brást illa við því og elti hana úr partíinu á bíl sem hún stal af drengjunum þremur. Þegar Lindsay missti af bíl aðstoðarkonunnar keyrði hún í staðinn heim til mömmu hennar og hóf að elta hana. Þegar Lindsay var svo handtekin reyndi hún að kenna einum af strákunum, sem voru í aftursætinu, um að hafa keyrt bilinn.



Nokkrir bókaútfendur keppast nú við að bjóða sem hæst í væntanlega ævisögu **Keiths Richards**. Nú þegar hafa þeir boðið Richards rúmlega sjö milljónir í fyrirframgreidd laun en aðeins eru tveir bókaútfendur eftir í uppboðsstríðinu. Það eru Harper Collins og Little Brown sem keppast um kappann.

Ekki er skrítið að ævisagan þyki girnileg enda inniheldur hún víst veigamiklar lýsingar á tveimur frægum handtökum á kappanum sem og lýsingar á ástarsamböndum hans við fyrisætur.



Gerum gott úr þessu

Pappír er frábært efni. Eftir að hafa fært okkur fréttir og annað lesefni getur pappírinn öðlast nýtt hlutverk. Það eina sem við þurfum að gera er að flokka hann og skila í næsta pappírgám eða endurvinnslutunnu.



Gott til endurvinnslu

> Bjarni ausinn lofi

Bjarni Þór Viðarsson fær mikið lof fyrir frammistöðu sína með varaliði Everton um helgina. Bjarni skoraði tvö góð mörk í 3-2 sigri liðsins og var besti maður vallarins. Bjarni er farinn að banka fast á aðalliðsdyrnar hjá Everton og segir Andy Holden, stjóri varaliðsins, að Bjarni sé öðrum ungum leikmönnum fyrirmynd. „Bjarni stóð sig frábærlega og verðskuldaði mörkin sín. Yngri strákarnir geta lært mikið af honum, hann hefur frábært viðhorf. Ég sagði honum fyrir leikinn að hann myndi spila sem annar framherji, sem er ekki hans hefðbundna staða, en hann leysti það gríðarlega vel,“ sagði Holden.



sport
sport@frettabladid.is

EMIL HALLFREDSSON: FYRSTI ÍSLENDINGURINN TIL AÐ SPILA Í SERIE A Í 58 ÁR ER HANN SEMUR VIÐ REGGINA

Aldrei að vita nema maður klobbi Maldini

Emil Hallfreðsson hefur skrifað undir fjögurra ára samning við ítalska úrvalsdeildarliðið Reggina á Suður-Ítalíu. Emil gekk í raðir norska liðsins Lyn frá Tottenham fyrir tveimur vikum en eftir að gott tilboð barst í kantmanninn ákvað félagið að selja hann. „Við fengum mjög gott tilboð í hann og við gátum bara ekki sagt nei,“ sagði Torgeir Bjarmann hjá Lyn um Emil.

Landsliðsmaðurinn kom til Íslands í gær en fór strax aftur út í morgun til að gangast undir læknisskoðun og ganga frá smáatriðum í samningi sínum. Emil verður fyrsti Íslandingurinn í 58 ár til að spila í hinni geysiöflu Serie A deild á Ítalíu, eða frá því Albert Guðmundsson lék með AC Milan á árunum 1948 til 1949.

Reggina endaði í 14. sæti á síðasta tímabili og hefur gert miklar breytingar á

leikmannahópi sínum í sumar. „Ég heyrði fyrst af áhuga liðsins á fimmtudaginn og þetta gekk fljótt fyrir sig. Forseti þeirra kom til Ósló og sagði mér frá klúbbum, borginni og fleira og það var eiginlega aldrei vafi á því að ég skrifaði undir,“ sagði Emil við Fréttablaðið í gær.

Þrátt fyrir að kunna ekki stakt orð í ítölsku er Emil hvergi banginn. Hann fékk lítið að spila hjá Tottenham en hann hræðist ekki þessa skemmtilega áskorun, eins og hann sér þetta fyrir sér. „Hjá Tottenham voru 47 leikmenn en þarna eru bara 24. Ég hræðist þetta ekkert, þetta verður bara skemmtilegt,“ sagði Emil, sem er mjög

sáttur með samninginn sinn.

Hann hafði ekki náð að kynna sér leikmenn liðsins en kannaðist meðal annars við Nicola

Amaruso sem lék meðal annars áður með Juventus.

„Hann er kempa. Ég hef heyrt að hann sé enn í flottu formi og vonandi setur hann nokkur eftir sendingar frá mér,“ sagði Emil hress.

„Það verður gaman að spila á móti þessum köllum, eins og Maldini. Hann er reyndar orðinn svo hægur að maður ætti að geta fíflað hann, það er aldrei að vita nema maður klobbi hann,“ sagði Emil og hló við.



LOKASTAÐAN

Meistaraflokkur kvenna:

Nína Björk Geirsdóttir, GKJ	296 (+12)
Tinna Jóhannsdóttir, GK	299 (+15)
Ragnhildur Sigurðard., GR	310 (+26)
Ragna Björk Ólafsdóttir, GK	311 (+27)
Heiða Guðnadóttir, GS	311 (+17)
Ingunn Gunnarsd., KGK	317 (+33)
Anna J. Sigurbergisd., GK	317 (+33)
Helena Árnadóttir, GR	319 (+35)
Valdís Þóra Jónsdóttir, GL	319 (+35)
Hanna Lilja Sigurðard., GR	320 (+36)
Ásta B. Magnúsdóttir, GK	323 (+39)
Þórdís Geirsdóttir, GK	329 (+45)
Helga Svanbergisdóttir, GKJ	331 (+47)



SIGURSVEITIN ÍR-ingar stilltu sér upp í myndatöku eftir sigur um helgina.



SIGUR Nína Björk fagnar sigri sínum þegar ljóst var að hún var Íslandsmeistari kvenna í golfi.



TIL HAMINGJU Ragnhildur Sigurðardóttir óskar stöllu sinni, Nínu Björk, til hamingju með sigurinn.

Meistaramótið í frjálsfum: ÍR sigraði sveitakeppnina

FRJÁLSAR ÍR hlaut flest stig í stigakeppni félaganna á meistaramóti Íslands í frjálsfum íþróttum um helgina. Mótið, sem var númer 81 í röðinni frá upphafi, fór fram á Sauðárkróki. Tvö meistaramótmet féllu á mótinu og þrjú aldursflokkaamet.

Í stigakeppni félaganna sigraði lið ÍR með 238 stig, FH varð í öðru sæti með 216 stig og Breiðablik í því þriðja með 145 stig. ÍR sigraði einnig í stigakeppni kvenna og FH í stigakeppni karla. - hþh

Evrópumót kvennalandsliða: Fanndís varð markakóngur

FÓTBOLTI Fanndís Friðriksdóttir var ein þriggja stúlkna sem skoruðu þrjú mörk á Evrópumóti kvennalandsliða sem lauk hér á landi í gær. Auk Fanndísar skoruðu þær Mary-Laure Delie frá Frakklandi og Englendingurinn Ellen White þrjú mörk og deila þær því markakóngstílinum á mótinu. - hþh

Bið Nínu Bjarkar loksins á enda

Nína Björk Geirsdóttir fór með sigur af hólmi á Íslandsmótinu í kvennaflokki. Hún varð þremur höggum á undan næsta keppanda en þetta var fyrsti Íslandsmeistaratitill hennar. „Þetta var mjög sætt,“ sagði Nína.

GOLF „Mér líður eiginlega alveg ótrúlega vel,“ sagði alsæl Nína Björk Geirsdóttir við Fréttablaðið eftir sigur sinn á Íslandsmótinu í gær. Nína spilaði samtals á tólf höggum yfir pari Hvaleyrarvallarins en næst á eftir henni kom Tinna Jóhannsdóttir á fimmtán höggum yfir pari. Ragnhildur Sigurðardóttir varð þriðja.

„Það gekk mjög vel fyrir utan eina holu en annars var ég að spila nokkuð vel og get ekki verið annað en sátt. Ég fann alveg fyrir pressu, Ragga missti reyndar flugið þarna í byrjun og því var þetta í raun bara einvígi okkar Tinnu sem var að spila mjög vel líka. Ég varð að gera mitt allra besta, ég náði því og það var því mjög gott,“ sagði Nína, sem lék á 74 höggum í gær, þremur yfir pari.



TINNA Tinna lenti í öðru sæti á mótinu og háði harða keppni við Nínu. Hún náði þó aldrei að ógna henni almennilega.

„Fyrri hringinn var þetta allt í lagi en rigningin gerði okkur erfitt fyrir. Ég sló ágætlega og setti niður nokkur góð pútt, það skipti mig miklu máli. Annars má segja að lykkillinn að þessu sé stöðug spilamennska, ég slapp við flest vandræðin,“ sagði Nína.

Nína var í forystu eftir annan hringinn og sleppti aldrei tókum á henni. „Þetta var erfitt mót, það er ekki auðvelt að spila undir svona pressu. Þetta er stærsta mótið á árinu og vissulega er þetta mjög sætt. Ég er búin að vera nálægt þessu svo oft,“ sagði Nína.

Ragnhildur lenti í miklum vandræðum í upphafi á lokadeginum og skilaði inn æði skrautlegu skorkorti. „Pútturinn minn byrjaði á því að vera leiðinlegur við mig, það er kannski ósanngjarnt

að kenna honum um,“ sagði Ragnhildur brosmild þrátt fyrir allt en hún þrjúpúttaði á tveimur fyrstu flötunum.

„Ég mátti í raun ekkert við því og vissi það alveg og því varð þetta mjög erfitt. Ég reyndi að halda áfram eins og ég gat, fékk fugl en sló svo ofan í gjótu í tvær brautir í röð. Ég fékk svo fugl aftur og þrjúpúttaði á næstu, þetta var því orðið mjög skrautlegt. Ég held að 80 högg sé bara fint miðað við það sem ég lenti í á hringnum,“ sagði Ragnhildur, sem hrósaði Nínu sérstaklega.

„Nína átti þetta skilið; hún hefur oft verið ansi nálægt þessu og ég tek hattinn ofan fyrir henni. Þetta var gott mót, stelpurnar voru að spila æðislega vel og það var frábært að spila með þeim,“ sagði Ragnhildur. hjalti@frettabladid.is

Evrópumóti kvennalandsliða 19 ára og yngri lokið: Þýskaland Evrópumeistari

FÓTBOLTI Þjóðverjar unnu Englendinga með tveimur mörkum gegn engu í úrslitaleik U19 kvennalandsliða sem haldið var á Íslandi. Að loknum venjulegum leiktíma var staðan markalaus og því þurfti að grípa til framhengingar. Þar skoruðu þær Nathalie Bock og Monique Kers-

chowsky í síðari hálfleik hennar og tryggðu Þjóðverjum þar með titilinn. - hþh

TITILLINN Í HÚS Fyrirliði þýska liðsins lyftir bikarnum til himins eftir að Michel Platini, forseti UEFA, hafði afhent hann. NORDICPHOTOS/GETTY



Robert Rodriguez - leikstjóri Sin City kynnr...

PLANET TERROR

FRUMSYND 1. ÁGÚST 2007

Sendu SMS skeytið **JA PTF** á númerið **1900** og þú gætir unnið bíómiða fyrir tvo! Vinningar eru bíómiðar, DVD myndir og margt flei!

9 HVER VINNUR

SMS LEIKUR

BIÓMIÐ

16

LOKASTAÐAN

Meistaraflokkur karla:

Björgvin Sigurbergsson, GK	285 (+1)
Örn Ævar Hjartarson, GS	286 (+2)
Ólafur Már Sigurðsson, GK	288 (+4)
Hlynur Geir Hjartarson, GK	290 (+6)
Sigurpáll Geir Sveinss., GKJ	291 (+7)
Heiðar Davíð Bragason, GKJ	291 (+7)
Birgir Leifur Hafþórss., GKG	293 (+9)
Ottó Sigurðsson, GKG	294 (+10)
Kristján Þór Einarsson, GKJ	295 (+11)
Brynjólfur Sigmarss., GKG	296 (+12)
Pétur Freyr Pétursson, GR	297 (+13)
Sigurþór Jónsson, GK	297 (+13)
Davíð Már Vilhjálmsson, GKJ	297 (+13)
Tryggvi Traustason, GSE	297 (+13)
Björn Þór Hilmarsson, GR	297 (+13)
Björn Guðmundsson, GA	298 (+14)
Ólafur Björn Loftsson, NK	299 (+15)
Starkaður Sigurðarson, GKG	300 (+16)
Kjartan Kjartansson, GKG	302 (+18)



PÚTTAÐ FYRIR SIGRI Björgvin púttar hér fyrir pari á lokaholunni í gær. Hann var of stuttur en tryggði sér samt sem áður sigur.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Bestu skor helgarinnar:
68 besta skorið

GOLF Tveir efstu kylfingar Íslandsmótsins, Björgvin Sigurbergsson og Örn Ævar Hjartarson, náðu besta skorinu á Íslandsmóttinu um helgina. Báðir spiluðu þeir á 68 höggum, þremur höggum undir pari, fyrsta keppnisdaginn. Vallarmetið á Ólafur Már Sigurðsson, 64 högg, sem hann setti í fyrra. Ólafur varð þriðji á móttinu núna og hans besti hringur var 71 högg, par vallarins.

- hph



FLOTTIR FEÐGAR Sigurður og Pétur Óskar takast í hendur að loknum fyrsta hringnum saman á fimmtudaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Feðgar saman í holti:
Golffjölskyldan
spilar saman

GOLF Feðgar spiluðu saman fyrstu tvo keppnisdaga Íslandsmótsins. Það voru þeir Sigurður Pétursson og sonur hans Pétur Óskar. Sigurður spilaði báða dagana á 75 höggum en Pétur á 79 og svo 74. Sigurður endaði í 28. sæti á móttinu á 20 höggum yfir pari en Pétur varð númer 32, einu höggi síðra.

- hph

Björgvin stóð uppi sem sigurvegari

Björgvin Sigurbergsson varð Íslandsmeistari karla í gær eftir skemmtilega keppni. Hann setti niður vipp á sautjándu holu sem hann segir lykilinn að þessu öllu. Þetta er þriðji Íslandsmeistaratitill Björgvins.

GOLF Björgvin Sigurbergsson vann glæsilegan sigur á Íslandsmóttinu í högggleik sem lauk á Hvaleyrarvelli í gær. Björgvin er heima-maður, sem hafði eflaust sitt að segja, en þetta er þriðji Íslandsmeistaratitill hans. Hina vann hann árin 1999 og 2000. Örn Ævar Hjartarson varð annar og Ólafur Már Sigurðsson þriðji. Íslandsmeistarinn frá því í fyrra, Sigmundur Einar Mátsson gerði ekki atlögu að titlinum að þessu sinni og hafnaði í 22. sæti.

Björgvin var með forystu fyrir lokadaginn sem hann hélt allt til enda. Hann byrjaði hringinn í gær á því að fá skolla en eftir röð para fékk hann tvo fugla og spilaði fyrri níu holurnar á einu höggi undir pari. Hann fékk svo tvo skolla til viðbótar áður en hann sýndi ein bestu tilþrif mótsins þegar hann vippaði boltanum í á sautjándu holu.

„Ég vippaði í á sautjándu og það var lykillinn að þessu öllu,“ sagði Björgvin við Fréttablaðið eftir hringinn. Hann átti tvö högg á Örn Ævar fyrir síðustu holuna og spilaði hana af öryggi. Eftir fínt upphafshögg setti hann boltann utarlega í flatarkantinn til að sleppa örugglega við vatnið, hann vippaði svo um þrjá metra frá holu og tvíputtaði örugglega og gulltryggði sér sigurinn. Hann vann því með einu höggi og spilaði samtals á einu höggi yfir pari vallarins.

„Þetta var auðvitað bara meiri-háttar, þetta datt með mér. Ég var að spila skynsamlega og stöðugt og ég vissi svona um það bil að hverju ég gat gengið. Ég tók einni kylfu of lítið á fjórtándu holu og fékk skolla sem gerði þetta óþarflega spennandi en þetta hafðist,“ sagði Björgvin.

Björgvin var í forystu allt mótið og var fyrstur eftir alla keppnisdagana. „Ég var aldrei neitt í því að verja forystuna mína. Ég hugsaði bara um að spila mitt golf,“ sagði Björgvin, sem þekkir völlinn mjög vel og hafði því ákveðið forskot á marga sem hann nýtti sér til hins ítrasta.

Veðrið í gær setti svip sinn sterklega á mótið en það tók að hellirigna eftir hádegis. Margir kylfingar lentu í vandræðum sökum þessa en völlurinn var þungur og erfiður viðureignar. Samt sem áður sáust glæsileg tilþrif inni á milli og mótið var vel heppnað.

Heiðar Davíð Bragason var allan tímann meðal efstu manna en honum fataðist flugið í gær. Hann var í öðru sæti fyrir lokadaginn. „Þetta gekk frekar illa,



SIGRINUM FAGNAÐ Björgvin fagnar hér sigri sínum á Íslandsmóttinu með stríðsöskri sem glumdi um Hafnarfjörðinn. Björgvin var einkar vel að titlinum kominn.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



SLEIÐ Á LOKAHOLUNNI Birgir Leifur Hafþórsson slær hér innáhögg sitt á átjándu holu. Hann setti boltann um fimm metra frá holunni og fékk par.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



SIGURPÁLL Virðir hér pútt fyrir sér sem endaði ekki vel. Hann öskraði á sjálfan sig en fékk þó að lokum öruggt par. Hann lenti í fimmta sæti á móttinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

sérstaklega á flötunum. Ég púttaði mig eiginlega út úr þessu. Ég var ekki að strjúka boltann illa en ég virtist ekki geta lesið þetta rétt. Þegar ég hélt að væri brot gerðist ekki neitt og öfugt og ég held að ég hafi verið með 35 pútt á hringnum. Ég sló ágætlega en gerði svo bara ekkert á flötunum,“ sagði Heiðar.

„Ég var ekki að koma mér nógu nálægt pinnanum og átti því oft erfið pútt eftir. Ég náði að halda þessu í þrjá daga en þetta datt svo aðeins í sundur núna. Ég hefði vilj- að enda betur. „Sá sem púttar best vinnur. Björggi púttaði mjög vel og vippaði auk þess í þarna á sautjándu holu, þetta var flott hjá honum,“ sagði Heiðar Davíð.

hjalti@frettabladid.is

Birgir Leifur Hafþórsson spilaði samtals á níu höggum yfir pari og var ekki sáttur við sjálfan sig:

Þetta var bara ekki nægilega gott hjá mér

GOLF Birgir Leifur Hafþórsson tók sér krók út frá Evrópumótaröðinni til að spila á Íslandsmóttinu hér heima en gekk ekki sem skyldi. Birgir endaði á níu höggum yfir pari og endaði í sjöunda sæti á móttinu. Fyrsta daginn lék Birgir á 69 höggum og var þá á meðal efstu manna en tveir hringir þar sem hann lék á 75 höggum settu leik hans úr skorðum. Hann lék á 74 höggum á lokadeginum í gær.

„Þetta gekk ekki vel hjá mér í dag. Ég spilaði á þremur yfir og það gekk ekkert upp sem ég var að reyna. Ég ætlaði að sækja og hitti fín högg en endaði á vitlausum stöðum. Þetta voru mjög erfiðar aðstæður, sem eru auðvitað eins fyrir alla. Púttin voru ekki að detta og þetta var bara eitt af þessum mótum. Þetta var bara ekki nægilega gott hjá mér og ég er bara ekki sáttur,“ sagði Birgir við Fréttablaðið í gær.

Hann náði ekki að fylgja eftir því góða golfi sem hann hefur sýnt undanfarið í Evrópu. „Ég var ekki að spila í þessu móti eins og ég hef verið að spila. Ég þarf að slá mig í

gegnum þetta,“ sagði Birgir, sem er á leið til Rússlands þar sem hann keppir um næstu helgi. Hann var þó ánægður með að koma heim til Íslands til að spila.

„Það er mjög gaman og mótið var skemmtilegt. Ég hefði viljað spila betur en það eru ekki alltaf jólnin í þessu. Ég vil bara gleyma þessu sem fyrst og halda áfram úti því það hefur verið gott,“ sagði Birgir. Margir bjuggust við miklu af Birgi sem hefur staðið sig mjög vel á Evrópumótaröðinni undanfarið. Hvað sem líður segist atvinnukylfingurinn ekki hafa fundið fyrir pressu eða óvenju miklum væntingum í kringum mótið.

„Nei, en það var gaman að sjá að fólk var að koma og eflaust einhverjir til að sjá mig. Ég hefði vilj- að sýna það sem ég hef verið að gera en svona er þetta,“ sagði Birgir Leifur Hafþórsson.

- hph

PUNGT HUGSI Birgir skoðar vel og vandlega púttlínu sína á átjándu flötinni í gær á lokadegi Íslandsmótsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Fótbolti og fjör í fyrirrúmi í Laugardalnum

Hinu árlega Rey Cup-fótboltamóti lauk í Laugardalnum í gær. Alls tók 31 félag þátt í mótinu og voru félögin mörg hver með nokkur lið skráð til leiks. Um 900 unglingar komu saman og sýndu ekki bara skemmtilega takta innan vallar heldur skemmtu sér saman alla helgina. Mótið tókst einkar vel en þetta var í sjötta sinn sem Rey Cup er haldið. Myndirnar frá mótinu um helgina tala sínu máli.



SAMHELD STEMMING Það ríkti mikil stemning innan vallar sem utan um helgina. Hér eru strákar úr ÍR að njóta lífsins í Laugardalnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



VEÐURBLÍÐA Veðrið var með besta móti á Rey Cup þar til í gær.



HRESSIR Leikmenn FH voru í sigurvímu þegar ljósmyndarinn hitti þá um helgina.



Í NÓGU AÐ SNÚAST Það þarf að huga að mörgu í kringum mót þar sem 900 krakkar eru samankomnir, meðal annars mat.



FYLGST MEÐ AF ÁHUGA Þessir kappar fylgjast með sínum mönnum á Rey Cup af varamannabekk.



HORN Ungur piltur spyrnir boltanum úr horninu.



GÓÐ TILPRIF Það sáust góð tilprif í mörgum leikjanna á Rey Cup hjá upprennandi knattspyrnufólki.



Á ÖLLUM ALDRI Fólk af ýmsum aldri fylgdist með krökkunum spila knattspyrnu.



ÓÁREITTUR Þessi Bliki fær tækifæri til að koma boltanum fyrir mark ÍA.



LAUGARDALURINN Það var mikið líf í Laugardalnum en meðal annars var leikið á Valbjarnarvelli á Rey Cup, eins og venjulega.

FYRIRMÆLI Þjálfari Fylkismanna gefur sínum mönnum góð ráð fyrir leik á mótinu um helgina.



CARRAGHER Tippar á Chelsea þetta tímabilið. NORDICPHOTOS/GETTY

Jamie Carragher:

Chelsea er betra en Man. Utd.

FÓTBOLTI Jamie Carragher, varnarmaður Liverpool, segir að Chelsea sé líklegast til að vinna ensku deildina í ár en ekki Manchester United. „United er kannski meistari en Chelsea er félagið til að miða við. Með Petr Cech aftur í sínu besta formi finnst ekki betri markmaður og með John Terry fyrir framan hann á Chelsea mikla möguleika á að endurheimta titilinn,“ sagði Carragher í sálfræðistríði fyrir enska boltann.

„Liðið sem endar fyrir ofan Chelsea verður meistari. United er með gott lið og hefur líka styrkt sig. Carlos Tevez myndi breyta miklu fyrir möguleika þeirra. Vonandi fá þeir hann ekki,“ gantaðist Carragher. - hph

Michael Owen:

Skuldar Newcastle tryggð

FÓTBOLTI Freddy Shepard, fráfaramaður stjórnarformaður Newcastle, segir að Michael Owen skuldi klúbbum hollustu sína. Owen hefur verið mikið meiddur og á aðeins ellefu leiki að baki fyrir félagið sem keypti hann frá Real Madrid. Hann meiddist á HM á síðasta ári og spilaði ekki aftur fyrr en í maí.

„Hann skuldar Newcastle mikið. Hann hefur spilað oft fyrir enska landsliðið en þetta félag,“ sagði Shepard en framtíð Owens hefur verið óvissu eftir að í ljós kom að bjóði félag 9,5 milljónir punda í hann geti Newcastle ekki hafnað boðinu. „Án klásúlunnar hefðum við ekki getað keypt hann,“ bætti Shepard við en síðasti virki dagur hennar er á morgun. - hph



RIBERY Hefur skorað þrjú mörk og sýnt stórskemmtileg tilþrif fyrir Bayern. NORDICPHOTOS/GETTY

Bayern Munchen:

Strax byrjað að svara fyrir sig

FÓTBOLTI Eftir ömurlegt tímabil í fyrra hafa forráðamenn Bayern Munchen tekið til í leikmannahópi liðsins og er það þegar farið að skila árangri. Bayern verður ekki með í Meistaradeildinni á þessu tímabili en liðið hefur sýnt frábæra takta á undirbúnings-tímabilinu.

Liðið vann um helgina deildabikartitilinn í Þýskalandi en menn á borð við Franck Ribery, Luca Toni og Miroslav Klose, sem komu til Bayern í sumar, líta vel út og ljóst er að engin mistök mega eiga sér stað hjá Þýska stórliðinu á komandi tímabili. „Við erum komnir aftur,“ sagði Ottmar Hitzfeld, stjóri Bayern. - hph

Almenn ánægja er með EM U19 ára hér á landi:

Platini mjög sáttur með Evrópumótið

FÓTBOLTI Forseti knattspyrnusambands Evrópu, Michel Platini, lýsti í gær yfir ánægju sinni með Evrópumót kvennalandsliða skipuð leikmönnum 19 ára og yngri sem lauk í gær. Platini var staddur hér á landi um helgina og veitti meðal annars sigurlaunin að úrslitaleik loknum á Laugardalsvelli í gær.

Á blaðamannafundi í höfuðstöðvum KSÍ sagðist Platini reyndar ekki vita ýkja mikið um mótið. „Ég get ekki fylgst með öllu en ef eitthvað er að þá berast kvartanir til mín. Mér hafa ekki borist nein-

ar kvartanir vegna mótsins og ég er auðvitað mjög ánægður með það,“ sagði Platini við blaðamenn í gær.

Geir Þorsteinsson, formaður Knattspyrnusambands Íslands, sagðist einnig vera ánægður með þetta glæsilega mót. „Þetta hefur gengið mjög vel og allt hefur verið í föstum skorðum,“ sagði formaðurinn ánægður. - hph

PLATINI Var ánægður með Evrópumótið hér á landi. NORDICPHOTOS/GETTY



FORKEPPNI MEISTARADEILDAR 2007

FH
GEGN
FC Bate Borisov
frá Hvíta - Rússlandi
Á KAPLAKRIKAVELLI
MIÐVIKUDAGINN I. ÁGÚST KL. 19.00
Forsala miða í FH-búðinni í Kaplakrika
Miðaverð kr. 1.500.-

ÍSLANDSMEISTARAR FH 2004-2005-2006

Fjölmönnum á völinn og styðjum Íslandsmeistara FH

EIMSKIP



Klæðning ehf.
www.klaedning.is



actavis

> Alan Rickman

Alan fæddist inn í verkamannastétt í London árið 1946. Faðir hans, sem var írskur kapólikki og starfaði í verksmíðju, lést þegar Alan var aðeins átta ára. Móðir hans þurfti því að ala ein upp fjögur börn og virðir Alan hana mest af öllum manneskjum. Alan er þekktur fyrir sérstaka rödd sína og talsmáta en það stafar af því að hann er málhaltur auk þess að hafa óvenju stífa kjálka. Alan leikur í An Awfully Big Adventure á Stöð 2 Bíó kl. 16.00.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON SAKNAR SPORÐAKASTA

3.000 punda ferlíki í bakkastinu

Björgólfur bróðir minn veiddi einu sinni risavaxna bleikju í einhverri á í Noregi. Fiskurinn var svo rosalegur og illúðlegur útlits að hann hafði samráð við prest, áður en hann ákvað að senda hann til rannsóknar á Havbrúsinstitutet við Thormøhlensgate 55 í Björgvin. Eins og allir vita þá er stofnunin sú virtasta í heimi þegar kemur að því að greina frávik í lifríkinu, enda er hennar getið í mörgum frægustu spennusögum sem skrifaðar hafa verið. Má þar nefna sögu Arthurs Conan Doyle um Baskerville-hundinn. Nú, mörgum árum seinna, veit ég að Böggi bróðir vaknar enn í köldu svitabaði þegar djöfullegt glott og stingandi augnaráð bleikjunnar heimsækir hann í svefni. Starfsmenn Havbrúsinstitutet hafa hinsvegar aldrei viljað kannast við að þessi fiskur hafi nokkru sinni verið sendur þar inn. Sagan segir að hann hafi verið brenndur undir eftirliti norska hersins.

Það er fátt betra en góð veiðisaga og leitun að betra sjónvarpsefni en umfjöllun um stangveiði í stórkostlegri náttúru Íslands. Eg leyfi mér að fullyrða að íslensk dagskrárgerð hafi aldrei náð sömu

hæðum og í Sporðaköstunum hans Eggerts Skúlasonar, veiðipáttum Pálma Gunnarssonar, og áfram má telja. Ég minni dagskrárstjóra á að heimurinn býr yfir leyndardómum sem eru lygginni líkastir. Nærtækast er að nálgast þessa töfra í veiðikofa. En fyrst við erum að segja veiðisögur þá má ein fylgja sem er sönn. Enn kemur nefndur Björgólfur við sögu. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hann farið fleiri veiðitúra en flestir dauðlegir menn treysta sér til á langri ævi, án merkjanlegs árangurs. Hann krækti þó í gamlan Land Rover á brúnni yfir Stöðvará einu sinni. Hann beitti fínlega vaföri þurrflugu. Hún var upphaflega ætluð snoppufriðum bleikjutitlum í hylnum fyrir neðan en var gleypst í bakkastinu af ferlíki sem átti leið hjá og Böggi áætla að hafi verið um 3.000 pund.



EKKI MISSA AF



▶ **22.25 Anna Pihl** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.35 Men In Trees** STÖÐ 2



▶ **16.00 An Awfully Big Adventure** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.00 Monk** SIRKUS



▶ **18.15 Dr. Phil** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

16.35 Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum e.

17.05 Leiðarljós

17.50 Táknmálsfréttir

18.00 Myndasafnið

18.01 Gurra grís (34:36)

18.06 Lítil prinsessa (24:30)

18.16 Halli og risaöluflan (20:26)

18.30 Vinkonur (45:52)

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós

20.05 Hafdjúpin (1:2) (Deep Ocean) Bresk heimildamynd í tveimur hlutum þar sem lífið í hafdjúpunum er séð með augum búrhvals og æviskeiði hans fylgt eftir frá 1929 til 2004 þegar hann rak á land á Nýja-Sjálandi.

21.15 Í nafni réttlætis (4:13) Bandarísk þáttaröð um lögræðinga sem vinna að því að fullnægja réttlætinu fyrir fólk sem hefur verið fangelsað saklaust.

22.00 Tíufréttir

▶ **22.25 Anna Pihl** (7:10) Dönsk þáttaröð um erlamsamt starf lögreglukonunnar Önnu Pihl á Bellahøj-stöðinni í Kaupmannahöfn.

23.10 Bráðavaktin (2:23) Endursýndur þáttur þrettándu syru úr þessari svínsælu bandarísku þáttaröð. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

23.55 Út og suður (9:16) e.

00.25 Kastljós

00.50 Dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06:00 Eurotrip

08:00 Garfield: The Movie

10:00 Awfully Big Adventure, An

12:00 Two Family House

14:00 Garfield: The Movie

▶ **16:00 Awfully Big Adventure, An**

18:00 Two Family House

20:00 Eurotrip Gamanmynd. Scott hefur nýtt sér nýjustu tækni til að bæta einkunn sína í þýsku. Nú fær hann boð um að hitta aðstoðarmann sinn í Þýskalandi.

22:00 Tupac: Resurrection

00:00 In Hell (The Savage)

02:00 Below

04:00 Tupac: Resurrection



07.00 Stubbarnir

07.25 Líttu Tommi og Jenni

07.45 Kalli lítli kanína og vinir

08.10 Oprah

08.55 Í finu formi 2005

09.10 Bold and the Beautiful

09.30 Forboðin fegurð (101:114)

10.15 Grey's Anatomy (24:25)

11.00 Fresh Prince of Bel Air (22:24)

11.25 Sjálfstætt fólk

12.00 Hádegisfréttir

12.45 Nágrannar

13.10 Sisters (21:24)

14.00 Extreme Makeover (10:23)

14.45 Man's Work (6:15)

15.10 Punk'd (9:16)

15.50 S Club 7 (e)

16.13 Galdrastelpurnar (18:26)

16.33 Batman

16.58 Beyblade

17.23 Froskafjör

17.28 Bold and the Beautiful

17.53 Nágrannar

18.18 Ísland í dag og veður

18.30 Fréttir

18.55 Ísland í dag, íþróttir og veð

19.40 The Simpsons (2:22) (e)

20.05 Heima hjá Jamie Oliver Jamie Oliver er snúinn aftur og er nú á heimavelli. Jamie mun nú sýna hvernig best er að elda einfalda rétti í eldhúsinu heima og mun hann meðal annars nota ferskt grænmeti sem hann ræktar í garðinum. (3:13) Laukur er aðalhráefnið að þessu sinni en þá ræktar Jamie að sjálfsgöðu sjálfur í garðinum.

▶ **20.35 Men In Trees** (7:17)

21.20 Pirate Master (9:14)

22.05 Saved (10:13)

22.50 Stella Street Bráðhlægileg þáttaröð í háðheimildastíl um Hollywood-stjörnur sem yfirgefa Los Angeles og flytja til Surbiton á Englandi. 2004.

00.10 The 400 (3:13)

00.55 Las Vegas (14:17)

01.40 Tokyo Godfathers

03.15 Afterlife (8:8)

04.05 Saved (10:13)

04.50 The Simpsons (2:22) (e)

05.15 Fréttir og Ísland í dag

06.25 Tónlistarmyndbönd frá PoppTívi

SIRKUS TV

18:00 Insider

18:30 Fréttir

19:00 Ísland í dag

19:35 Entertainment Tonight

20:00 Jake In Progress 2 (5:8) Önnur þáttaröðin af þessum grínþáttum um ungan og metnaðarfullan kynningarfulltrúa í New York.

20:25 True Hollywood Stories (7:8) Frábærir verðlaunþættir þar sem fjallað er um helstu stjörnur Bandaríkjanna og ýmislegt er grafið upp sem almenningur hefur aldrei heyrt um. True Hollywood Stories fer í innsta hring stjarnanna.

21:15 Smallville (3:22) Sjötta þáttaröðin um Ofurmennið á unglingsárunum. Í Smallville býr unglingurinn Clark Kent. Hann er þróðmenni og er fús til að rétta öðrum hjálparhönd. Leyfið öllum aldurshópum.

▶ **22:00 Monk NÝTT** (2:16) Fyrrum rannsóknarlögregluþjónninn Adrian Monk snýr aftur í fimmta sinn og hann er enn að reyna að komast aftur að hjá lögreglunni. Það gengur illa þar sem þráhyggjan og fælnin stjórna honum ennþá og það kann ekki góðri lukku að styra fyrir lögreglumann. Monk hefur þó engu gleymt þegar kemur að því að leysa flókin glæpamál. (2:16) Monk missir alla stjórn á þráhyggi þegar sorptæknarnir fara í verkfall og borgin er við það að drukna í sorpi. 2006.

22:45 The 400 (3:13) Síðastliðin 50 ár hafa 4.400 einstaklingar horfið frá heimilum sínum um gervöll Bandaríkin. Dag einn snúa þeir allir aftur þegar stór eldhnöttur fellur til jarðar frá geimnum. Sumir hafa einungis verið týndir í nokkra mánuði en aðrir í nokkur ár. Í þessari þriðju seríu halda hinir 4.400 áfram að takast á við lífið með nýja hæfileika en vandræðunum er langt frá því að vera lokið. 2006.

23:30 Joan of Arcadia (16:22) (e)

00:15 Entertainment Tonight (e)

00:40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

N4 SJÓNVARP NORDURLANDS

18:15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurfréttir og magasinþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.

16:45 og 17:45 Átak með Guðrúnu Gísla. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05:45 til 09:45 næsta dag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

07:35 Everybody Loves Raymond (e)

08:00 Dr. Phil (e)

08:45 Vörutorg

09:45 Óstöðvandi tónlist

16:15 Vörutorg

17:15 How Clean is Your House? (e)

17:45 All of Us (e)

▶ **18:15 Dr. Phil** Dr. Phil, hreinskilni sjónvarpsáfræðingurinn frá Texas, heldur áfram að hjálpa fólk að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segja fráberar sögur og gefa góð ráð. Frábærir þættir sem létta manni lífið!

19:00 Everybody Loves Raymond (e)

19:30 According to Jim (e)

20:00 Greatest Dishes in the World (3:5) Bresk þáttaröð þar sem kunnir matgæðingar leita að ljúffengustu réttum í heimi. Nokkrir af færustu matreiðslumeisturum heims keppast við að heilla dómnefndina, tvo frægustu matargagnrýndendur Bretlands, með gómsætum réttum sem gerðir eru úr besta hráefni sem finnst. Að þessu sinni nota kokkamir fugla og villibráð í réttina sína og dómaramir reyna að komast að því hvað bragðast best.

21:00 Runaway (7:9) Bandarísk spennu-sería um fjölskyldufóður á flotta með fjölskyldu sína eftir að hann er ranglega sakaður um morð. Lífið er lokins að komast í fastar skorður hjá fjölskyldunni þegar allt fer í hundana. Lögreglan er komin á sporir og framtíð fjölskyldunnar er hættu.

22:00 Law & Order Bandarískur þáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Unglingsstúlka er myrt og fljótlega kemur í ljós að morðinginn á fleiri morð á samviskunnri. Sá grun- aði trúir verjanda sínum frá því hvar lík fórnarlambanna eru fallin en hann getur ekki rofið trúnað við umbjóðanda sinn.

22:50 Everybody Loves Raymond Bandarískur gamanþáttur. Debra og Ray skilja tvíburana óvart aleina heima. Þeim kemur á óvart hve Ally stendur sig vel í því að hugsa um bræður sína þar til foreldramir koma heim. Ally biður um að fá að passa oftar, og með það fyrir augum að geta losnað undan Marie, samþykki Debra bön Allyar.

23:15 Jay Leno

00:05 3 Lbs (e)

00:55 Sleeper Cell (e)

01:45 Vörutorg

02:45 Óstöðvandi tónlist



TATUNG LCD

MEÐ 40.000- AFSLÆTTI

TATUNG 37" LCD SJÓNVARP

HD Ready LCD
1366x768 upplausn
1.000:1 skerpa
8ms svartími
2 ára ábyrgð

TILBOÐ:
119.900-
VERÐ ÁÐUR:
~~159.900-~~

2
ÁRA ÁBYRGÐ

sva. tækni

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SVAR.IS - SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 22.50
Stella Street

Í kvöld hefjast sýningar á sprenglæglegri breskri þáttaröð í háðheimildarstíl um Hollywood-stjörnur sem yfirgefa Los Angeles og flytja til Surbiton á Englandi. Í þáttunum er fylgst með stjórnunum í þeirra daglega lífi og samskiptum þeirra við hinn almenna borgara. Öll hlutverk eru í höndum grínaranna Phil Cornwell, John Sessions og Ronnie Ancona.



► **VIÐ MÆLUM MED**
Hafdjúpin - Æskuárin
Sjónvarpið kl. 20.10

Árið 2004 rak átræðan 45 tonna búrhvalstarf á land á Nýja-Sjálandi. Heimamenn gerðu sér ferð niður á strönd til að virða fyrir sér hræið og sáu að hvalurinn bar ör eftir háskalegt líf niðri í hafdjúpunum. Í þessari bresku heimildarmynd er lífið í hafdjúpunum séð með augum hvalsins og æviskeiði hans fylgt eftir frá árinu 1929 til 2004.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.50 Bæn
- 07.05 Morgunvaktin
- 09.05 Laufskálinn
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Stefnumót
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.03 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregni
- 13.00 Sakamálaeikritið: Mótaleikur
- 13.15 Á sumarvegi
- 14.03 Útvarpssagan: Hótel Kalifornía
- 14.30 Miðdegistónar
- 15.03 Grannar okkar
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfregni
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Viðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.25 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregni og auglýsingar
- 19.00 Á sumarvegi
- 19.40 Sumarsaga barnanna: Borgin við sundið
- 20.00 Sumarsalat
- 21.00 Framtíð lýðræðis
- 21.55 Orð kvóldsins
- 22.15 Kvóldsagan: Ævintýri Artúrs Gordons Pym
- 22.45 Kvóldtónar
- 23.10 Úlfaldar og mýflugur
- 00.10 Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

17:00 Arnold Schwarzenegger mótið 2007 Þetta mót heitir í höfuðið á ríkisstjóra Kaliforníu sem áður gerði garðinn frægan í vaxtarækt.

17:30 PGA Tour 2007 (Canadian Open) Útsending frá lokadegi á opna kanadíska mótinu á PGA-mótaröðinni.

20:30 Íslandsmótið í golfi 2007 Útsending frá lokadegi á Íslandsmótinu í höggleik á Hvaleyrarvelli.

23:30 Augusta Masters Official Film Vandaðir þættir um eftirminnileg Masters-mót sem er eitt af fjórum risamótum í golfi. Ávallt er keppt um græna jakkann og mótið fer fram á Augusta National vellinum. Í gegnum tíðina hafa þeir Tiger Woods, Jack Nicklaus og Arnold Palmer verið sigursælstar á mótinu. Í þessum þætti verður sýnt frá mótinu árið 1997 en þá sigraði Tiger í fyrsta sinn.

00:25 Heimsmótaröðin í póker 2006 Pókeræði hefur gengið yfir heiminn að undanfömu hvort sem er í Bandaríkjunum eða í Evrópu.

BBC PRIME

6.15 Come Outside 6.30 Andy Pandy 6.35 Teletubbies 7.00 House Invaders 7.30 The Monastery 8.30 Perfect Properties 9.00 Garden Challenge 9.30 Big Cat Diary 10.00 Big Cat Diary 10.30 Keeping Up Appearances 11.00 As Time Goes By 11.30 My Family 12.00 Hetty Wainthropp Investigates 13.00 Waking the Dead 14.00 House Invaders 14.30 Get a New Life 15.30 Bargain Hunt 16.00 As Time Goes By 16.30 My Family 17.00 Home Front 18.00 Waking the Dead 19.00 Canterbury Tales 20.00 Knowing Me, Knowing You... With Alan Partridge 20.30 Nighty Night 21.00 Waking the Dead 22.00 Keeping Up Appearances 22.30 Canterbury Tales 23.30 As Time Goes By 0.00 My Family 0.30 EastEnders 1.00 Waking the Dead 2.00 Hetty Wainthropp Investigates 3.00 Perfect Properties 3.30 Balamory 3.50 Tweenies 4.10 Big Cook Little Cook 4.30 Tikkabilla 5.00 Boogie Beebies 5.15 Tweenies 5.35 Balamory 5.55 Big Cook Little Cook

DR 1

6.00 SommerSummerumEXTERN 7.35 Yu-Gi-Oh! 7.55 Grænseskoven 8.25 Tiger tanten 8.40 Shin Chan 8.50 Dyre-Internatet 9.20 Vagn på floden 10.00 TV Avisen 10.10 Desperate boligdrømme 10.40 Med rygæk 11.05 Vildmark 11.35 Søren Ryge 12.05 Dawsons Creek 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 TV Avisen med vejret 13.05 Pigebandet Frank 13.30 SommerSummerum 15.05 Trolldomsæskken 15.30 Peter Pedal 16.00 Når gorillaen er en chimpanse 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 SommerVejret 17.05 Sherlock Holmes 18.00 Hammerslag 18.30 Forsvundne danskere 19.00 TV Avisen 19.25 SportNyt 19.30 Sommervejret på DR1 19.45 Colditz 21.15 Seinfeld 21.40 OBS 21.45 Dinas Dates 22.15 Mod målet - VM for hjemløse 5.30 Home things 5.35 Anton 5.40 Byggemand Bob 5.50 Tagkammerater 6.00 SommerSummerum

NKI

6.00 Teddy og Annie 6.15 Postmann Pat 6.35 Noahs dyrebare øy 7.00 Gjengen på taket 7.15 De tre vennene og Jerry 7.35 Trollz 8.00 Laura Trenter 8.30 Med hjertet på rette staden 9.15 Jukeboks: Norge rundt 10.00 Jukeboks: Du skal høre mye 11.00 Jukeboks: Country 12.00 Jukeboks: Vitenskap 13.25 The Tribe - Den nye morgendagen 13.50 Lyoko 14.15 Valentin 15.35 Tid for tegn 15.50 Oddasat - Nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Postmann Pat 16.15 Vennene på Soliflekken 16.30 Nattevaktin 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Tikopia 18.25 Faktor: Siste sommer på Hekkingen 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Siste nytt 19.10 Sommeråpent 20.00 Vinbaronen 20.45 Verdensarven 21.00 Kveldsnytt 21.15 Norge i dag 21.25 Columbo 22.35 Oscar Peterson trio 5.30 Sommermorgen 5.55 Peppa Gris 6.00 Teddy og Annie

SVT 1

7.15 Hej hej sommar 7.16 Tintin 7.45 Blue Water High 10.00 Rapport 10.05 Sportspeglin 12.10 Skólka skolan 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 15.00 Melita möter 15.30 Expedition: Familjeliv 16.00 BollBompa 16.10 Storasyter och lillebror 16.15 Räkna med skägg 16.30 Hej hej sommar 16.31 Tintin 17.00 Blue Water High 17.30 Rapport 18.00 Sommartorpet 18.30 En Noman i Pakistan 19.00 Foyle's War 20.35 Bergen - Kirkenes t/ 21.05 Rapport 21.15 Vita huset 22.00 Sändningar från SVT24 4.00 Gomorron Sverige

Samkenndin er ótrúlega sterk enda mjög margir sem eiga von á sér.

HANN ER SETTUR 11. ÁGÚST

VERÐ FRÁ 2.368 KR.

SYN2
enski boltinn

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE



„Ég hlusta yfirleitt bara á Popp-land og það sem kemur þar. Það er minn uppáhaldspáttur. Ef ég hlusta á annað í mp3-spilaranum mínum er það tónlist sem menn kalla iðnaðarrokk eins og Toto, Yes og Foreigner.“

Baldur Sigurðarson gluggaþvottamaður.


Á fimm lög á metsöluplötu

Fimm lög eftir Ingva Þór Kormáksson komu nýlega út á fjögurra diska safnplötu sem nefnist The 1st Smooth Jazz Avenue. Er platan, sem er gefin út í Póllandi á vegum Sony/BGM, komin í þrefalda platinusölu.

Á plötunni eru lög frá ýmsum tímum, þau elstu í flutningi þekkra nafna á borð við Louis Armstrong, Ellu Fitzgerald, Doris Day, Lisu Ek Dahl, Chet Baker og Tony Bennett. Ingvi er því í aldeilis finum félagsskap á plötunni. „Þetta sker sig ekkert út fyrir að vera lélegt. Þetta passar alveg inn í þetta sem er þarna á ferðinni,“ segir hann um lögin sín fimm. „Þetta er ekkert leiðinlegt og ég held að meiningin sé að

halda áfram með þessa diskaröð.“

Tvö lög frá Ingva á plötunni eru í flutningi hljómsveitar hans JJ Soul Band, sem hann samdi í samvinnu við breska söngvarann JJ Soul. Jafnframt er aðal- kynningarlag safnplötunnar Love Me Tonight eftir Ingva í flutningi Guðrúnar Gunnarsdóttur og tríós Eðvarðs Lárussonar. Er það sama lag og Eivör Pálsdóttir söng í Söngvakeppni Sjónvarpsins árið 2003 og nefndist þá Í nótt. Lagið hefur fengið fjölda verðlauna í hinum ýmsu lagasmíðakeppnum, þar á meðal fyrstu verðlaun á Song Expo árið 2003 og á Unisong ári síðar. Einnig fékk það 2. verðlaun í flokki heimstónlistar í John



INGVI ÞÓR KORMÁKSSON
Ingvi á fimm lög á safnplötunni The 1st Smooth Jazz Avenue.

Lennon Songwriting Contest árið 2000. „Þetta sýnir að lagið hefur náð til fólks,“ segir Ingvi, sem

botnar engu að síður ekkert í því hvað það er við lagið sem gerir það svona vinsælt.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2. víðátta 6. í röð 8. sæ 9. reglur 11. utan 12. fíflagangur 14. meiða 16. ambátt 17. skír 18. ennþá 20. stöðug hreyfing 21. uppspretta.

LÓÐRÉTT 1. helminguð 3. klaki 4. skarpskyggni 5. leikföng 7. svartskýni 10. gljúfur 13. fálmi 15. nabbi 16. hugur 19. ónefndur.

LAUSN

LÖBÉTT 1. 1. háll, 3. ís, 4. djúpsæsi, 5. dót, 7. bólsýni, 10. gíll, 13. þat, 15. tær, 18. enn, 20. ið, 21. lind.
LÁRÉTT 2. vídd, 6. áb, 8. sjó, 9. lög, 11. út, 12. flípp, 14. slasa, 16. þý, 17. 21. lind.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8

- Hjartaáðgerð.
- Útlendingar voru tuttugu prósent.
- Leikur FH og Keflavík fór 3-2.

Hringdu í síma

512
50
60

ef blaðið berst ekki



Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

TINNA BERGSDÓTTIR: RAKAR INN FYRIRSÆTUVERKEFNUM Í LONDON

Situr fyrir í Elle og Marie Claire

Fyrirsætan Tinna Bergsdóttir hefur búið og starfað í London síðan í lok janúar á þessu ári. Hún hefur haft nóg að gera og sat nýverið fyrir í myndatökum fyrir tímarit á borð við Elle, Marie Claire og Harper's Bazaar auk þess að koma fram á tísku-sýningum, m.a. fyrir skartgripa-framleiðandann Swarovski.

Samkeppnin í fyrirsætuheimi borgarinnar er mikil enda segist Tinna ánægð með hversu vel hefur gengið. „Það eru mjög margar stelpur að reyna fyrir sér hérna og það er því ánægjulegt að hafa komist inn í þessi blöð,“ segir hún. Tinna bjó áður á Indlandi, þar sem hún starfaði fyrir skrifstofu Eskimo Models. Hún fékk næg verkefni og sat meðal annars fyrir í stórrí Levi's-herferð. Þaðan lá leiðin til Tókýó og loks Lundúna.

Tinna segist ákveðin í að dvelja í Evrópu um sinn. „Ég var eiginlega komin með nóg af Asíu og ákvað að fara til Evrópu. Ég kem heim í ágúst og verð í tvær vikur en svo fer ég aftur út til þess að sýna á London Fashion Week. Þaðan fer ég til Parísar,“ segir Tinna en hún er á mála hjá skrifstofum í París og Milanó sem báðar hafa óskað eftir því að hún komi til vinnu. „Mér finnst gott að geta ferðast aðeins um,“ segir hún. „Svo getur vel verið að ég fari aftur til Tókýó fyrir jólin en ég ætla að láta nægja að vera þar í mánuð í þetta sinn. Annars hef ég hugsað mér að vera að mestu í Evrópu næstu mánuði þótt það fari auðvitað eftir því hvernig mér gengur að fá verkefni.“ Hún segir að í raun sé ekkert til sem heiti dæmigerður vinnudagur. „Þetta er mjög mismunandi. Stundum vinnur maður eins og brjálæðingur marga daga í röð og öðrum stundum fær maður ekkert að gera í viku.“

Tinna leigir hjá vinkonu sinni í London og býr þar með kærastanum, sem er indverskur og starfar einnig sem fyrirsæta í borginni. Þegar hún er innt eftir því hvort fyrirsætustörfin gefi vel í aðra



BREGÐUR SÉR Í ÝMIS HLUTVERK

Þessar myndir birtast af Tinna í erlendum blöðum. Myndin af henni með stutta dökka hárkollu birtist til dæmis á síðum Marie Claire Paris.



Þau tölublöð af Elle og Harper's Bazaar þar sem sjá má myndir af Tinna eru ekki komin út ennþá.



MIKIL SAMKEPPNI
Það eru mjög margar stelpur að reyna fyrir sér hérna og það er því ánægjulegt að hafa komist inn í þessi blöð,“ segir Tinna.

hönd segir hún það fara eftir ýmsu. „Þetta getur verið ágætlega borgað þegar maður lendir á góðum verkefnum, en það tekur tíma. Ég get að minnsta kosti keypt mér mat og leyft mér ýmislegt,“ segir hún og hlær.

sigrunosk@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Trommarinn Jóhann

Bachmann, eða Hanni Bach eins og hann er jafnan kallaður, hefur komið sér vel fyrir í Kaupmannahöfn síðan hann og bróðir hans, Halli Bach, fluttust þangað í byrjun árs. Þeir bræður hafa starfað í byggingavinnu og á bar en Hanni hefur fengið inni í skóla í haust og ætlar að læra ljóshönnun. Hanni, sem þekktastur er fyrir að tromma með Skítamóral, er auk þess kominn með kærustu og farinn að búa. Sú heppna heitir Iris, er 27 ára og á soninn Tristan af fyrra sambandi. Sjálfur á Hanni dóttur fyrir.



Ný plata Megasar og Senubjófanna virðist ætla að verða vinsælasta plata skáldsins í áraradír. Platan kom út um miðja síðustu viku og hefur verið spiluð stanslaust á Rás 2 og fékk í ofan-álag fantagóða dóma í Morgunblaðinu. Megasar og félagum virðist þar með hafa tekist það sem lagt var upp með við gerð plötunnar. Sagan segir nefnilega að markmiðið hafi verið að taka upp „12 Spáðu í mig-lög,“ og er þar vísað í eitt allra vinsælasta lag Megasar frá upphafi.



Þórhallur Gunnarsson og hans fólk á Ríkissjónvarpinu undirbúa nú nýjan skemmtipátt sem sendur verður beint út á laugardagskvöldum. Ekkert

fæst uppgæfið um þáttinn hjá Þórhalli en samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins munu einhverjir stjórnendur Kastljóssins koma að nýja þættinum.



- hdm

Verslunarmannahelgi fyrir nördana

Nemendafélag tölvunarfræðinema við Háskólann í Reykjavík, Tviund, ætlar að efna til tölvuleikjamóts aðra helgina í ágúst. Helgin verður því nokkurs konar verslunarmannahelgi tölvunördanna. „Vonandi eru allir helstu nördar landsins að fara að mæta,“ sagði Bjarni Þór Arnason, upplýsingafulltrúi Tviundar, og hló við. „Við höfum aldrei haldið svona mót áður, en margir okkar hafa tekið þátt í mótum. Þetta er líka í fyrsta sinn sem svona mót er haldið í skólanum,“ bætti hann við.

Mótið kallast Hringurinn og verður tvískipt. Annars vegar verður liðakeppni í tölvuleiknum Counter-Strike, þar sem vegleg verðlaun verða í boði, og hins vegar leikjamót í öðrum leikjum. „Við erum með kosningu samhliða

skránningunni. Það verður keppt í leikjunum sem verða vinsælastir í þeirri kosningu,“ útskýrði Bjarni. Í Counter-Strike er keppt í fimm manna liðum, en leikjamótið er öllum opið.

Mótið fer fram í húsnæði Háskólans í Reykjavík, frá klukkun 14 föstudaginn 10. ágúst til sunnudagskvölds. „Þetta er nú oft gert þannig að fólk flytur nánast inn og spilar þar til það dettur niður. Þetta verður eiginlega innilega í staðinn fyrir útilegu,“ sagði Bjarni sposkur. „En það verður gæsla á staðnum allan tímann,“ bætti hann við.

Um 100 manns hafa þegar skráð sig til leiks, en skránning stendur enn yfir á hringurinn.net. Þátttökugjald er tvö þúsund krónur. „Það virðist vera mikill áhugi á



MIKILL ÁHUGI Bjarni Þór Arnason, upplýsingafulltrúi Tviundar, segist finna fyrir miklum áhuga á fyrirhuguðu tölvuleikjamóti.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

þessu. Samt er þetta kannski ekki alveg besta tímasetningin svona að sumri til. Ef vel gengur stefn-

um við á að hafa annað mót í jólafríinu,“ sagði Bjarni.

- sun

Þægindi og glæsileg hönnun

Mikið úrval af stillanlegum rúmum



Passion Slide-Back



Passion Continental

Ef þú vilt þægindi og góða hvíld eru rúmin frá Passion góður kostur fyrir þig. Passion framleiðir afar vönduð rúm og eru þau tvímælaust með bestu rúmakaupunum í dag.

Dýnan býður upp á tvo stífleika sem þú getur alltaf breytt á einfaldan hátt.

Hægt er að velja um sjö tegundir fóta og fimm mismunandi áklæði á rúmin. Þá er hægt að velja þrjár tegundir af yfirdýnu, latex-, þrýstijöfnunar- eða svampdýnu. Passion rúmin koma í ýmsum stærðum.

Þráðlaus fjarstýring með barnalæsingu fylgir Passion rúmunum og kraftmiklir en hljóðlátir rafmagnsmótorar gera það að verkum að Passion rúmið færast mjúklega og hljóðlega í hvaða stöðu sem þú velur.



LÚR
BETRI HVÍLD

Þú sefur betur í rúmi frá Lúr

LÚR - BETRI HVÍLD
HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100
WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

Opnunartímar:

mán 10:00 – 18:00
fös 10:00 – 18:00
la 11:00 – 16:00



BAKPANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

Milljarðamæringaávarpið

Þótt Reykjavík sé að mörgu leyti ágæt skortir hér töluvert upp á boðlega aðstöðu fyrir milljarðamæringa. Til dæmis vantar almennilegar hallir. Eina höllin sem stendur undir nafni er Sundhöllin og hún er notuð handa skítugum almenningi að baða sig. Við endann á Aðalstræti er reyndar lægsti skýjakljúfur heims sem hlaut nafnið Morgunblaðshöllin. Það var vegna þess að þegar hún var reist höfðu Íslendingar aldrei séð hallir og vissu ekki hvernig slíkar byggingar litu út.

FYRIR milljarðamæring í hús-næðishraki er fátt um fína drætti í Reykjavík. Til marks um það má nefna að einn slíkur ætlar að gera sér það að góðu að kúlðrast í gamla Bæjarbókasafninu við Grundarstíg sem er innan við fimmhundrað fermetrar á stærð.

PRAKTÍSKARA hefði verið fyrir milljarðamæring sem langaði til að búa í gömlu almenningsbókasafni að kaupa Þjóðarbókhlöðuna og innrétta hana upp á nýtt. Þar eru nóg bílastæði, aðstaða fyrir kastalaski með vindubré og pláss fyrir þryllupall og stutt niður á flugvöll í einkaþotuna.

ÞAÐ er kominn tími til að hætta sífelldu sífri um að eitthvað þurfi að gera fyrir gamalmenni, öryrkja og alls konar lúsera sem kallast einu nafni „jaðarfólk“. Það eru manneskjur sem ekkert mark er takandi á en hafa samt atkvæðisrétt. Vissulega þarf að leysa hin örsmáu vandamál fátæklinga en meira aðkallandi er þó að snúa sér að hinum stóru vandamálum ríka fólksins.

ÞÓTT hin nýja stétt milljarðamæringa sé minnihlutahópur enn sem komið er ber að taka tillit til þeirra sérþarfa sem auðnum fylgja. Við eigum ekki að spyrja hvað milljarðamæringarnir geti gert fyrir okkur heldur hvað við getum fleira gert fyrir milljarðamæringana. Hér þarf að einka-væða þær fáu stórbyggingar sem þjóðin státar af og væru boðleg húsakynni fyrir þetta fólk. Ekki mundi heldur kosta mikið að fletta malbikinu af helstu götum borgarinnar svo að raunveruleg þörf verði fyrir alla Porsche- og Hummer-jeppana og torfæutröllin sem hin nýja stétt hefur fjárfest í. Jafnrétti er ekki bara réttlætiskrafa fátæklinga heldur líka hinna nýríku. Milljarðamæringar allra landa sameinast!



JÓNSSON & LEWIS - JUS - SIA



Ertu með allt fyrir helgina?

Þú færð allt fyrir verslunarmannahelgina í 66°Norður.
Glymur svefnpoki á 4900 kr., óbrjótanleg drykkjarflaska á 950 kr. og bestu regnföt í heimi frá 1500 kr.*

* PVC regnfatnaðurinn fæst í verslunum okkar í Miðhrauni, Kringlunni, Faxafeni og á Akureyri.

Höfuðborgarsvæðið: Smáralind, Kringlan, Bankastræti 5, Faxafen 12, Miðhraun 11 Garðabæ. Akureyri: Glerárgata 32.

Keflavík: Leifsstöð og söluaðilar um land allt.

www.66north.is

Klæddu þig vel



Gefðu dýrmætasta efni í heimi



www.help.is

JÓNSSON & LEWIS - JUS - SIA